

Skýrsla stjórnar BSRB



BSRB

Frá 45. þingi BSRB 17. til 19. október 2018
til 46. þings bandalagsins 29. september til 1. október 2021



Ábyrgðarmaður Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Ritstjóri Brjánn Jónasson

Skrifstofa BSRB er á 2. hæð á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Sími 525 8300

Netfang bsrb@bsrb.is

Vefsíða bsrb.is

ISSN númer 1670-4137

Í skýrslu stjórnar er farið yfir verkefni og starfsemi bandalagsins, kynjabókhald BSRB, nefndarstarf á vegum BSRB og sem bandalagið tekur þátt í. Skýrslur stjórnar eru lagðar fram á þingum bandalagsins sem og aðalfundum.

Í þessari skýrslu er því að finna samantekt helstu verkefna frá 45. þingi BSRB 17.-19. október 2018 til 46. þings BSRB 29. september til 1. október 2021. Hún samanstendur af samantekt frá aðalfundi bandalagsins 18. maí 2021 fram að 46. þingi ásamt skýrslum stjórnar fyrir árin 2019, 2020 og 2021.

Efnisyfirlit

Samantekt frá aðalfundi 2021	4
Skýrsla stjórnar 2019	9
Skýrsla stjórnar 2020	43
Skýrsla stjórnar 2021	81
Stefna BSRB.....	123
Lög BSRB.....	135
Þingsköp BSRB	144

Starfsemi BSRB

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna á Íslandi með 23 aðildarfélag sem alls eru með um 23 þúsund félagsmenn. Um tveir þriðju félagsmanna aðildarfélaga BSRB eru konur.

Hlutverk BSRB er að vera leiðandi afl í hagsmuna- og réttindabaráttu launafólks sem starfar með einum eða öðrum hætti í almannajónustunni. Félagsmenn starfa bæði hjá ríki og sveitarfélögum um allt land, auk opinberra hlutafélaga. Bandalagið gætir hagsmuna félagsmanna gagnvart atvinnurekendum og stuðlar að bættu velferðarsamfélagi og auknum jöfnuði í samfélaginu auk þess sem það stuðlar að samstöðu og samstarfi á vinnumarkaði.

BSRB fer einnig með samningsrétt fyrir hönd aðildarfélaga í þeim málum sem þau eiga sameiginlega hagsmuni en almennt er gerð kjarasamninga á hendi hvers aðildarfélags. Hlutverk bandalagsins er einnig að efla og styðja aðildarfélagin í að veita félagsmönnum sem besta þjónustu. Í því felst stuðningur við gerð kjarasamninga, aðstoð við úrlausnir á lögfræðilegum álitafnum, rannsóknir á sviði hagfræði og vinna tengd fræðslu- og upplýsingamálum.

Þing BSRB eru haldin þriðja hvert ár og fara þau með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Á þingum móta fulltrúar aðildarfélaga stefnu bandalagsins, breyta lögum ef þurfa þykir og kjósa í helstu embætti. Síðasta þing bandalagsins var það 45. í röðinni og var það haldið dagana 17. til 19. október 2018. Þar kusu þingfulltrúar nýjan formann, tvo varaformenn og nýja stjórn bandalagsins. Þar var stefna bandalagsins einnig uppfærð og endurnýjuð og hefur verið unnið í samræmi við þá stefnu síðan.

Aðstæður eru öðruvísi en áður hefur þekkt nú þegar 46. þing BSRB er framundan. Heimsfaraldur kórónuveirunnar hefur litað starf bandalagsins frá því á vordögum 2020 og munu samkomutakmarkanir og smithætta án efa setja sitt mark á þingið að þessu sinni. Þrátt fyrir óstöðugt ástand er skýrt kveðið á um það í lögum bandalagsins hvenær halda eigi þing og því ákveðið að boða til rafræns þings að þessu sinni.

Í skýrslu stjórnar BSRB fyrir 46. þing bandalagsins er fjallað um stærstu málin sem bandalagið hefur sinnt frá síðasta þingi. Hægt er að finna ítarlegri upplýsingar með frekara niðurbroti á verkefnum í ársskýrslum 2019 til 2021, sem eru endurbirtar hér að neðan sem hluti af skýrslu stjórnar fyrir 46. þing bandalagsins.

Stærstu verkefni frá 45. þingi

Stytting vinnuvikunnar



BSRB hefur barist fyrir styttingu vinnuvikunnar allt frá árinu 2004. Í kjarasamningum sem undirritaðir voru í mars 2020 var samið um umtalsverða styttingu á vinnutíma án þess að laun skertust á móti og þar með komið að verulegu leyti til móts við kröfur bandalagsins, sem samdi um styttinguna fyrir hönd flestra aðildarfélaga.

Það er engin tilviljun að bandalagið lagði svo mikla áherslu á að ná fram þessari mestu breytingu á vinnutíma félagsmanna í nærri hálfari öld, frá því 40 tíma vinnuvikunni var komið á. Bæði rannsóknir og tilraunaverkefni sem bandalagið tók þátt í ásamt ríkinu og Reykjavíkurborg sýna að styttri vinnuvika leiðir til meiri ánægju í starfi, aukinna afkasta starfsfólksins og betri þjónustu. Þá er styttingin gott lóð á vogarskál- ar aukins jafnréttis kynjanna. Heilsa og vellíðan batnar með styttri vinnudegi, öryggi starfsfólks verður meira, sem og þeirra sem nýta sér þjónustuna.

Útfærslan á styttingu vinnuvikunnar er mismunandi eftir því hvort unnið er í dagvinnu eða vaktavinnu. Á dagvinnustöðum var heimild til að stytta vinnuvikuna um allt að fjórar stundir á viku, niður í 36 klukkutíma. Í aðdraganda þess að styttingin tók gildi, í byrjun árs 2021, áttu sér stað umbótasamtöl á vinnustöðunum þar sem styttingin var útfærð með þeim hætti sem best hentaði hverjum vinnustað.

Á vaktavinnustöðum styttist vinnuvikan að lágmarki um fjórar stundir en að hámarki um átta stundir hjá þeim sem eru á þyngstu vöktunum. Breytingin þurfti talsverðan

aðdraganda, enda þurfti að breyta vaktaáætlunum, tryggja fjármagn og fylla í mönnunargat sem varð til á þessum vinnustöðum. Styttingin tók því gildi 1. maí 2021 á vaktavinnustöðum.

Nánar er fjallað um styttingu vinnuvikunnar í Skýrslu stjórnar BSRB 2021 þar sem farið er yfir ferlið allt fram að aðalfundi bandalagsins í maí 2021. Síðan þá hefur vinnan haldið áfram við að leysa úr hnökrum og vinna úr byrjunarörðugleikum á vaktavinnustöðum.

Þetta verkefni hefur vakið mikla athygli, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi, enda opinberir starfsmenn á Íslandi með þessu að taka ákveðna forystu í þessum málaflökki. Fjöldi fréttu og viðtala hefur birst í íslenskum fjölmiðlum um málið þar sem formaður BSRB hefur verið vinsæll viðmælandi.

Þá gaf Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, út skýrslu á ensku um styttinguna í byrjun sumars 2021 sem varð til þess að fjallað var um þetta verkefni í fjölmörgum af stærstu fjölmiðlum heims. Rætt var við formann BSRB í erlendum miðlum, til dæmis í þætti bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar PBS og bandarísku útvarpsstöðvarinnar NPR. Þá birtust viðtöl við formann BSRB í Wall Street Journal, Le Devoir og víðar. Aðrir stórir fjölmiðlar fjölluðu um málið út frá skýrslunni og öðrum gögnum sem varð til þess að verkefnið vakti heimsathygli.



Heimfaraldur kórónuveirunnar

Allt frá því heimfaraldur kórónuveirunnar skall á í mars 2020 hefur BSRB staðið vörð um starfsfólk almannaþjónustunnar og hagsmuni launafólks. Teknar voru saman upplýsingar um réttindi launafólks og aðgerðir stjórnvalda til að auðvelda aðildarfélögum og félagsmönnum að hafa yfirsýn yfir sín réttindi og stjórnvöldum sendar tillögur bandalagsins að aðgerðum.

Þá var starfsemin í BSRB-húsinu við Grettisgötu aðlöguð að sóttvarnarráðstöfunum stjórnvalda, meðal annars með því að takmarka aðgengi að húsinu og á tímabili með því að fá starfsfólk til að vinna í fjarvinnu.

Nánar er fjallað um aðgerðir bandalagsins vegna faraldursins allt fram að aðalfundi BSRB í maí 2021 í skýrslum stjórnar 2020 og 2021 hér að neðan.

Bandalagið hefur haldið áfram að gæta hagsmuna félagsmanna og launafólks almennt frá aðalfundinum enda reið ný bylgja faraldursins yfir seinnipart sumars 2021. Hluti af þeirri vinnu var unnin í samstarfi með öðrum heildarsamtökum launafólks, til dæmis í sérstökum sérfræðingahópi sem stofnaður var af BSRB, Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi háskólanna til að meta efnahagsleg áhrif heimfaraldursins. Hópurinn sendi frá sér skýrslu í lok júní 2021 þar sem sjónum var beint að auknum ójöfnuði í kjölfar faraldursins, enda stór hluti þeirra sem misstu vinnuna í lægri tekjubílum og í veikri stöðu til að takast á við tekjufall.

BSRB kallaði svo eftir því að brugðist yrði við álagi á heilbrigðiskerfið með auknum fjárframlögum í minnisblaði sem sent var stjórnvöldum í byrjun ágúst 2021. Þar var sú afstaða bandalagsins að takast yrði á við faraldurinn með áhersluna á líf og heilsu ítrekuð, sem og að taka yrði mið af bestu sérfræðipækkingu hverju sinni í stað þess að sóttvarnaaðgerðir yrðu gerðar að pólitísku bitbeini.

Í minnisblaðinu var einnig kallað eftir því að það starfsfólk sem staðið hafði í fram-línunni í faraldrinum í um 18 mánuði fengi sérstakar álagsgreiðslur. Þá var kallað eftir því að skimað yrði eftir sjúklegri streitu, kulnun og öðrum álagseinkennum hjá þessum hópi og gripið inn í ef andlegri eða líkamlegri heilsu starfsfólksins færi hrakandi.

Endurmat á störfum kvenna

BSRB hefur um áratugaskeið beitt sér fyrir jafnrétti kynjanna. Þrátt fyrir að launa-jafnrétti sé bundið í lög er kynbundinn launamunur enn staðreynd og hefur bandalagið þrýst markvisst á um að stjórnvöld grípi til aðgerða til að útrýma launamisrétti.

Ein af helstu skýringunum á kynbundnum launamuni er hversu kynskiptur vinnu-markaðurinn er enda laun í starfsgreinum þar sem konur eru í meirihluta almennt lægri en hjá starfsstéttum þar sem karlmenn eru í meirihluta.

BSRB hefur beitt sér fyrir endurmati á störfum kvenna með það að markmiði að leiðrétta laun starfstétta þar sem konur eru í meirihluta. Ríkisstjórnin lýsti því yfir í aðdraganda kjarasamninga vorið 2020 að komið yrði á fót starfshópi um endurmat á störfum kvenna sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði og tók hópurinn til starfa í desember 2020. Sæti í starfshópnum eiga auk BSRB, fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, ASÍ, BHM, KÍ, SA og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili tillögum sínum í september 2021.

Heilbrigðismálin

BSRB hefur staðið vörð um heilbrigðiskerfið undanfarin ár og áratugi. Hluti af þeirri varðstöðu er að berjast gegn einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu, enda sú þróun til þess fallin að draga úr gæðum kerfisins, torvelða yfirsýn og draga úr möguleikum stjórnvalda til að taka stefnumótandi ákvarðanir um forgangsröðun og skipulag kerfisins í þágu almannahagsmuna.

Bandalagið hefur reglulega kannað vilja landsmanna í samstarfi við Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Ákveðið var að ráðast í gerð nýrrar könnunar á vordögum 2021 og voru fyrstu niðurstöður kynntar á vefundi í lok maí.

Könnunin leiðir í ljós að yfirgnæfandi meirihluti landsmanna vill að helstu þættir heilbrigðiskerfisins séu reknir af hinu opinbera. Um 81 prósent vill að sjúkrahúsin séu í höndum hins opinbera, 68 prósent eru þeirrar skoðunar þegar kemur að heilsugæslustöðum og 58 prósent þegar spurt var um hjúkrunarheimili.

Einnig var spurt hvort hið opinbera ætti að leggja meira fé, minna fé eða óbreytt fé til heilbrigðisþjónustunnar. Þar var afstaða landsmanna einnig afgerandi. Um 78 prósent vilja verja meira fé í heilbrigðiskerfið, en aðeins 2,5 prósent telja rétt að draga úr útgjöldum til heilbrigðiskerfisins.

BSRB stóð einnig fyrir fundi um afleiðingar einkavæðingar heilbrigðisþjónustu í júní 2021 ásamt ASÍ. Þar flutti Marta Szebehely, prófessor emeritus í félagsráðgjöf við Stokkhólmsháskóla, erindi um þróun og áhrif einkavæðingar öldrunarþjónustunnar í Svíþjóð. Niðurstaða hennar var skýr. Einkavæðing öldrunarþjónustu eykur ekki hagkvæmni í rekstri og hefur aukinn kostnað í för með sér við eftirlit.

2019

SKÝRSLA STJÓRNAR





Starfsemi BSRB

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Bandalagið var stofnað 14. febrúar 1942 af fjórtán stéttarfélagum sem voru með samtals um 1.550 félagsmenn. Bandalagið hefur vaxið mikið síðan og í dag eru aðildarfélög BSRB 24 talsins með um 22.000 félagsmenn. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur.

BSRB hefur það hlutverk að leiða hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannajónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og stuðla að bættu velferðarsamfélagi. Bandalagið fer jafnframt með samningsrétt í sameiginlegum málum félaganna og þeim málum sem því er falið hverju sinni.

Bandalagið hefur einnig það hlutverk að styðja og efla aðildarfélögin, hvort sem er við gerð kjarasamninga eða í því að gæta hagsmuna félagsmanna þeirra. Þá vinnur BSRB að enn frekari samstöðu meðal aðildarfélaganna og stuðlar að jafnræði þeirra í framkvæmd þjónustu til félagsmanna. Bandalagið vinnur jafnframt að fræðslu- og upplýsinga- og menningarstarfsemi og jafnri meðferð einstaklinga á vinnu- og markaði. Þá vinnur BSRB að aukinni samstöðu, samstarfi og tengslum í stéttarfélagsmálum innanlands og erlendis.

Þing BSRB er haldið þriðja hvert ár og fer með æðsta vald í öllum málum bandalagsins, mótastefnu þess og kys í helstu embætti. 45. þing BSRB var haldið 17. til 19. október 2018. Ný stjórn bandalagsins var kjörin á þinginu. Í henni eiga sæti formaður BSRB, 1. og 2. varaformaður ásamt sex meðstjórnendum. Stjórnin stýrir starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir BSRB, stefnumörkun formannaráðs, þings og aðalfundar BSRB. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum BSRB milli þinga og aðalfunda.

Allir formenn aðildarfélaganna BSRB eiga sæti í formannaráði bandalagsins sem hittist að jafnaði þrisvar á ári. Ráðið hefur það hlutverk að móta stefnu og megináherslur í málum sem kunna að koma upp á milli þinga. Þá er ráðið samráðsvettvangur aðildarfélaganna bandalagsins og fylgir eftir framkvæmd samþykktu þingsins og annarra mála sem vísað er til þess af þingi BSRB. Stjórn BSRB getur jafnframt lagt ákvörðun um stefnumótun bandalagsins fyrir ráðið.

Aðalfundur BSRB er haldinn árlega fyrir 1. júní ár hvert eins og kveðið er á um í lögum bandalagsins. Aðalfundur sitja formenn allra aðildarfélaganna bandalagsins. Þá eiga félögin einn fulltrúa til viðbótar fyrir hverja 400 félags-

menn. Á aðalfundi er meðal annars farið yfir skýrslu stjórnar, reikninga bandalagsins og fjárhagsáætlun. Þá samþykkir fundurinn framkvæmdaáætlun til næsta aðalfundar. ■

Umfjöllun um 45. þing BSRB

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, setti þingið, en fyrir á árinu hafði hún upplýst að hún hygðist ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Í opunarávarpi Elínar Bjargar kallaði hún meðal annars eftir samfélagslegri ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og sagði þann samhug sem ríkti í íslensku samfélagi eftir bankahrunið haustið 2018 vera að hverfa.

„Við sjáum svo nú að stjórnendur margra stórra fyrirtækja virðast ekkert hafa lært af hruninu, annað en kannski að senda ekki viðkvæmar upplýsingar í tölvupósti. Þeir virðast enn halda að það sé ásættanlegt að greiða stjórnendum háa bónusa fyrir það eitt að sinna

„Það er þetta sem sýnir okkur svart á hvítu að það eru ekki allir að róa í sömu átt í samfélaginu.“



Elín Björg Jónsdóttir, fráfarandi formaður BSRB, setti 45. þing bandalagsins.



Fjöldi gesta var viðstaddur þingsetninguna.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flutti ávarp við þingsetningu.

sínum störfum. Bónusa sem leggjast ofan á laun langt umfram það sem venjulegt launafólk getur látið sér detta í hug. Stjórnvöld hafa svo fylgt eftir með gríðarlegar launahækkanir æðstu stjórnenda,” sagði Elín Björg.

„Það er þetta sem sýnir okkur svart á hvítu að það eru ekki allir að róa í sömu átt í samfélaginu. Á meðan sumir vilja bæta hag samfélagsins alls, hugsa aðrir um það eitt að skara eld að eigin kökum. BSRB kallar eftir samfélagslegri ábyrgð stjórnenda í atvinnulífinu. Það verður aldrei sátt í okkar samfélagi á meðan bætt kjör og betri lífsgæði eiga bara við um suma en ekki alla.“

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, ávarpaði þingið og flutti þingfulltrúum kveðju frá

félögum þeirra í ASÍ. Hann fór yfir hvernig til tókst við að verja velferðarkerfið í hruninu og hvernig reynt hafi verið að tryggja að slík staða komi ekki upp aftur. „Hér hafa samtök okkar, það er ASÍ og BSRB, staðið þétt saman eins og klettur í samskiptum við stjórnvöld með kröfuna um að jafnræði verði á milli efnahagslegs og félagslegs stöðugleika,” sagði Gylfi í ávarpi sínu.

Jorunn Berland, formaður YS í Noregi, ávarpaði þingið og sagði þar styrk BSRB í alþjóðlegu samhengi meiri en félaga-fjöldinn gefi til kynna. Það sé gríðarlegur styrkur þegar um 90 prósent launafólks sé í stéttarfélagi.

„Það segir mikið um íslenskt hugarfar, um samstarfið, samstöðuna og traustið, að byggja samfélag þar sem allir eiga sinn sess og allir eru með. Þetta er kjarninn í norræna módelinu ...“



Fjallað var um bætt lífskjör og betra samfélag í pallborðsumræðum á þinginu.

Stytting vinnuvikunnar í forgrunni

Stytting vinnuvikunnar var í forgrunni við setningu þingsins en þar voru kynntar niðurstöður úr tilraunaverkefnum um styttingu vinnuvikunnar sem BSRB hefur tekið þátt í ásamt Reykjavíkurborg annars vegar og ríkinu hins vegar. Niðurstöðurnar voru meðal annars

þær að stytting vinnuvikunnar hafi almennt haft jákvæð áhrif á líkamlega og andlega líðan starfsmanna, gert starf á vinnustöðum markvissara og dregið úr veikindum.

Að loknu erindi um þessar afar jákvæðu niðurstöður og reynslusögur þátttakenda í tilraunaverkefnum var stutt umræða á borðum. Afrakstur þeirrar vinnu var tekin saman í lok umræðna og settur inn í

þann málefnaþóp sem fjallaði um styttingu vinnuvikunnar til frekari úrvinnslu.

Við upphaf annars dags þingsins fóru fram pallborðsumræður um bætt lífskjör og betra samfélag í aðal salnum. Þátttakendur í umræðunum voru þau **Indriði H. Þorláksson**, hagfræðingur og fyrrverandi ríkisskattstjóri, **Rannveig Sigurðardóttir** aðstoðarseðlabankastjóri, **Sigrún Ólafsdóttir**, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands og **Sanna Magdalena Mörtudóttir**, borgarfulltrúi Sósíalístaflokksins. **Fanney Birna Jónsdóttir**, fjölmiðlakona og annar umsjónarmanna Silfursins stýrði umræðunum.

Þátttakendur fóru yfir stöðuna á vinnumarkaði almennt, stöðuna í efnahagsmálum og fleira í fjörgugum umræðum. Þeirra innlegg nýttist svo í umræðum um þessi mál í málstofunum síðar um daginn.

Fjörlegar umræður í málefnaþópum

Þingið var afar vinnusamt, en meðal verkefna þingfulltrúa var að fara yfir stefnu BSRB og uppfæra hana í takti við nýja tíma og breyttar áherslur. Þingfulltrúum var skipt í fjóra málefnaþópa með tæplega 50 í hverjum hópi, auk þess sem hluti þeirra sat í kjörnefnd sem hafði umsjón með kosningum. Umgjörð hópanna var svipuð; utanaðkomandi sérfræðingar voru með framsögur sem síðan urðu upplagg í umræðu og borðavinnu.

Í málefnaþópi um vinnumarkaðinn og starfsumhverfi starfsmanna í almannabjónustu var fjallað um starfsumhverfið og kjaramál opinberra starfsmanna, þar með talið launaþróunartryggingu, jöfnun launa á milli markaða og skattamál. Úr vinnu hópsins var unnin stefna í efnahags- og skattamálum, um starfsumhverfið, atvinnumál, kjaramál, lífeyrismál og fleira.

Málefnaþópur um vinnumarkað framtíðarinnar reyndi að horfa í kristalskúluna og átta sig á framtíðarverkefnum BSRB og verkalyðshreyfingarinnar. Þar var áherslan á stafrænan vinnumarkað, menntamál og umhverfismál og stefna bandalagsins í þessum málaflokkum endurskoðuð.



Þingfulltrúum var skipt í fjóra málefnaþópa sem fjölluðu um stefnu bandalagsins.

Fjallað var um heilbrigðismál og almannabjónustuna í málefnaþópi um velferðarmál, en þar voru einnig tekin fyrir húsnæðismál, félagslegur stöðugleiki og norræna velferðarkerfið. Hópurinn endurskoðaði stefnu BSRB í heilbrigðismálum, almannatryggingum, almannabjónustunni, húsnæðismálum og fleiru.

Síðasti málefnaþópurinn, málefnaþópur um fjölskylduvænna samfélag, tók fyrir mikilvæg málefni á borð við styttingu vinnuvikunnar, fæðingarorlofsmálin, dagvistunarmál og jafnréttismál. Þar var stefna bandalagsins í þessum málaflokkum endurskoðuð og endurbætt. ■



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, nýr formaður BSRB, ræddi við fjölmiðla eftir formannskjörið.

Nýr formaður kjörinn

Elín Björg Jónsdóttir hafði tilkynnt það fyrir þingið að hún myndi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður BSRB, en hún hafði gengt embættinu frá árinu 2009. Tveir gáfu kost á sér í embætti formanns, þau Sonja Ýr Þorbergsdóttir,

lögfræðingur BSRB, og Vésteinn Valgarðsson, trúnaðarmaður hjá SFR.

Frambjóðendurnir fengu tækifæri til að kynna sig og sín stefnumál með ávörpum á öðrum degi þingsins. Daginn eftir kusu þingfulltrúar á milli þeirra. Niðurstaðan var sú að Sonja hlaut 86,3 prósent atkvæða þingfulltrúa en Vésteinn 13,7 prósent. Sonja er því réttkjörinn formaður bandalagsins.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir var kjörin formaður BSRB á lokadegi þingsins.

„Ég er sannfærð um að saman munum við stuðla að breytingum og betra samfélagi fyrir okkar félagsmenn, í vinnu sem einkalífi.“

„Ég hlakka til að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem framundan eru. Hér á þingi BSRB höfum við mótað í sameiningu skýra sýn í stefnu og ályktunum sem við munum fylgja kröftuglega eftir,“ sagði Sonja þegar hún ávarpaði þingið eftir að úrslitin höfðu verið kunngjörð. „Ég er sannfærð um að saman munum við stuðla að breytingum og betra samfélagi fyrir okkar félagsmenn, í vinnu sem einkalífi.“

Þing BSRB kaus einnig tvo varaformenn og sex meðstjórnendur í níu manna stjórn bandalagsins. **Gardar Hilmarsson**, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var kjörinn 1. varaformaður og **Arna Jakobína Björnsdóttir**, formaður Kjalar – Stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu var kjörin 2. varaformaður. Meðstjórnendur eru þau **Árni Stefán Jónsson**, formaður SFR, **Helga Hafsteinsdóttir**, formaður Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu, **Karl Rúnar Þórsson**, formaður Starfsmannafélags Hafnarfjarðar, **Sandra B. Franks**, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, **Snorri Magnússon**, formaður Landsambands lögreglumanna og **Jón Ingi Cæsarsson**, formaður Póstmannafélags Íslands.

Þá voru kjörnir fjórir varamenn í stjórn BSRB, þau Þórveig Þormóðsdóttir, formaður Félags starfsmanna stjórnarráðsins, Rita Arnfjörð, formaður



Starfsmannafélags Kópavogs, Magnús Smári Smáráson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, og Birna Friðfinnsdóttir, formaður Tollvarðafélags Íslands.

Endurskoðuð stefna

Vinnan í málefnaþróunum gaf af sér nýja og endurskoðaða stefnu. Stefnan hefur verið gefin út í bæklingi auk þess sem hún er aðgengileg á vef bandalagsins. Þar er sett fram stefna bandalagsins til næstu þriggja ára í alls 14 málaflokkum.

Hér að neðan má finna þær tíu ályktanir um ólík mál sem þingið samþykkti. Þingið ályktaði meðal annars um styttingu vinnuvikunnar, #metoo, menntamál, húsnæðismál og efnahags- og skattamál, svo einhver dæmi séu tekin.

Þá samþykkti þingið að vísa tveimur ályktunum til viðbótar sem ekki fóru í gegnum málefnaþrópa til stjórnar bandalagsins. Stjórnin ákvað að fela annars vegar velferðarnefnd BSRB og hins vegar starfshópi bandalagsins um umhverfismál að taka texta ályktananna til umfjöllunar. ■

Ályktanir 45. þings

Ályktun 45. þings BSRB um efnahags- og skattamál

45. þing BSRB leggur áherslu á að skattkerfið sé nýtt sem jöfnunartæki. Reka á skattkerfið og um leið velferðarkerfið með því hugarfarir að fólk greiði inn eftir efnunum en taki út eftir þörfum.

Þingið vill að skattkerfið sé þrepaskipt. Mikilvægt er að álögur á tekjulægstu hópana verði lækkaðar. Skattbyrði verður að taka mið af framfærslu og hverfa verður frá gjaldtöku í velferðarkerfinu. Skoða skal hvort taka beri upp stíglækkandi persónuafslátt til þess meðal annars að ná því markmiði að skattleysismörk nái grunnframfærslu.

45. þing BSRB leggst gegn tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna hjá tekjulágum. Bandalagið krefst þess jafnframt að barnabætur verði hækkaðar verulega og dregið verði markvisst úr tekjutengingu þeirra. Jafna verður stuðning eftir búsetuformi fólks með því að taka upp samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og húsaleigubóta.

Þá telur þingið mikilvægt að yfirvöld efla skattaeftirlit og tryggja að nægum fjármunum sé veitt til þess. Þannig má draga stórlega úr skattaundanskotum og auka tekjur ríkisins.

Ályktun 45. þings BSRB um félagslegan stöðugleika

Félagslegur stöðugleiki er forsenda velferðar á Íslandi en efnahagslegur stöðugleiki verður ekki til án hans. 45. þing BSRB hvetur stjórnvöld til þess að sýna samfélagslega ábyrgð og forgangsraða í þágu uppbyggingar í velferðarkerfinu. Það er nauðsynlegt að auka jöfnuð í samfélaginu með það að leiðarljósi að færest nær norrænu velferðarsamfélagi. Stjórnvöld þurfa að bæta landsmönnum upp þær skerðingar sem áttu sér stað á velferðarkerfinu eftir hrun bankakerfisins fyrir tíu árum, en í kjölfar þess voru nauðsynleg útgjöld til kerfisins skert. Þessu til viðbótar er nauðsynlegt að stjórnvöld hlúi betur að löggæslu og tollgæslu og leggi áherslu á fullnustu refsinga í landinu til að sporna við afbrotum.

Þá gagnrýnir 45. þing BSRB harðlega bónusgreiðslur til stjórnenda fyrirtækja, sérstök kaupakakerfi og launagreiðslur sem eru í engu samræmi við raunveruleika almennings í landinu. Nauðsynlegt er að tekið verði í taumana og komið í veg fyrir að sama græðgi ráði hér ríkjum og var allsráðandi á árunum fyrir hrun, þar sem stjórnendum fyrirtækja var umbunað með ofurlaunum og bónusgreiðslum. Slíkar greiðslur eru ógn við félagslegan stöðugleika og auka enn frekar á ójöfnuð og óánægju í samfélaginu.

Þingið skorar á stjórnvöld að jafna aðgang landsmanna að almannajónustu óháð efnahag. Mikilvægt er að bæta samgöngur milli landshluta, hvort sem er á lofti, láði eða legi. Stjórnvöld þurfa að beita sér fyrir því að til verði réttlátt skattkerfi og öflug almannajónusta þar sem greitt er inn eftir efnunum og tekið út eftir þörfum. Það á að vera eftirsóknarvert að búa á Íslandi og hér á að ríkja félagslegt öryggi og stöðugleiki þar sem fólk getur komið sér upp þaki yfir höfuðið og mætt afleiðingum af slysum, veikindum og atvinnumissi ef svo ber undir.

Ályktun 45. þings BSRB um fæðingarorlof og dagvistun

45. þing BSRB kallar eftir því að ríki og sveitarfélög brúi þegar í stað bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunarúrræða sveitarfélaga. Það er óásættanlegt að foreldrar þurfi að bíða tekjulausir í óvissu þar sem engin úrræði eru til staðar. Lögfesta þarf rétt barna

til dagvistunar að loknu fæðingarorlofi samhliða lengingu fæðingarorlofs í 24 mánuði sem skiptist jafnt á milli foreldra, hækka hámarksgreiðslur og tryggja að greiðslur upp að lágmarkslaunum verði ekki skertar. Með hlidsjón af réttindum barna þarf jafnframt að tryggja réttindi einstæðra foreldra til 24 mánaða fæðingarorlofs.

Samkvæmt lögum um fæðingarorlof eiga foreldrar rétt á samtals níu mánaða fæðingarorlofi. Að loknu fæðingarorlofi tekur við bið þar til börnin komast að á leikskóla, svokallað umönnunarbíl. Ríkið hefur hingað til skilað auðu þegar kemur að leikskólavist. Engar kvaðir eru settar á sveitarfélögin um hversu gömul börn á að taka inn á leikskóla. Að meðaltali eru börn um 20 mánaða þegar þau komast inn á leikskóla og umönnunarbílið mislangt eftir því hvar á landinu fólk er búsett.

Markmiðið með lögum um fæðingarorlof er tvíþætt. Annars vegar að tryggja réttindi barna til samvista við báða foreldra sína og hins vegar að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði. Þeim markmiðum hafa lögin ekki náð. Raunin er sú að núverandi skipan fæðingarorlofs og framboð dagvistunarúrræða þegar orlofinu lýkur leiða til þess að konur axla meginábyrgðina á umönnun ungra barna, í stað þess að foreldrar deili þeirri ábyrgð jafnt. Rannsóknir sýna að þetta hefur ótvírætt neikvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Ályktun 45. þings BSRB um heilbrigðismál

45. þing BSRB krefst þess að stjórnvöld breyti forgangsröðun sinni og efla heilbrigðiskerfið þegar í stað. Rannsóknir sýna að afgerandi meirihluti landsmanna er þeirrar skoðunar að heilbrigðisþjónustan eigi fyrst og fremst að vera rekin af hinu opinbera, en undanfarin ár hefur einkavæðing því miður aukist vegna stefnuleysis stjórnvalda. Það er óásættanlegt að fjármunir sem ríkið ætlar til þjónustu við sjúklinga renni í vasa einkaaðila með arðgreiðslum.

45. þing BSRB krefst þess að stjórnvöld skapi hér velferðarkerfi sem byggir á jöfnu aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu óháð greiðslugetu. Slíkt kerfi þarf að fjármagna með sameiginlegum sjóðum landsmanna en ekki á grundvelli hagnaðarsjónarmiða í einkarekstri. Þar að auki er skorað á stjórnvöld að hlúa betur að starfsfólki í opinbera heilbrigðisgeiranum og gera heilbrigðiskerfið þannig að eftirsóknarverðum starfsvettvangi. Heilbrigðiskerfi Íslendinga á að vera án greiðsluþátttöku almennings, bæði hvað varðar nauðsyn-

leg lyf og þjónustu. Stjórnvöld verða að líta heildstætt á veikindi fólks og gera ekki greinarmun eftir því hvers konar þjónustu sjúklingar þurfa. Afar brýnt er að stórefla heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og sjúkraflutninga til að tryggja að íbúar í dreifðum byggðum séu jafn settir og þeir sem búa í þéttbýli. Þá er þess krafist að stjórnvöld hætti að mismuna fólki eftir búsetu og taki ríkari þátt í ferðakostnaði þeirra sem nauðsynlega þurfa að ferðast til þess að geta sótt sér heilbrigðisþjónustu.

45. þing BSRB varar við því að hér ríki tvöfalt heilbrigðiskerfi þar sem hinir efnameiri geti keypt forgang á nauðsynlega þjónustu. Rannsóknir hafa sýnt að einkarekstur dregur ekki úr kostnaði hins opinbera og ber að fagna því að stjórnvöld séu nú að móta sér heildarstefnu í heilbrigðismálum. BSRB lýsir sig reiðubúið til þess að taka fullan þátt í þeirri vinnu sem ætti að miða að því að búa sérfræðingum í auknum mæli til starfsvettvang innan hins opinbera heilbrigðiskerfis. Þannig væri hægt að stytta biðlista og auka aðgengi að sérfræðingum sem nú starfa margir hverjir að hluta til eða að öllu leyti í hinum einkavædda hluta heilbrigðiskerfisins.

Ályktun 45. þings BSRB um húsnæðismál

45. þing BSRB hvetur stjórnvöld og sveitarfélög til að bregðast þegar við erfiðu ástandi á húsnæðismarkaði. Stjórnvöld ættu að líta til þess fordæmis sem sett hefur verið með stofnun Bjargs íbúðafélags og stíga skref í átt að því að boðið sé upp á öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði með því að efla íbúðafélög sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða og bjóða upp á ódýra langtímaleigu. Það er nauðsynlegt að bregðast við húsnæðisskortri með aukinni innspýtingu af hálfu yfirvalda, enda er öruggt húsnæði hornsteinn almennrar velferðar. Það þarf því að vera forgangsverkefni stjórnvalda að tryggja að nægilegt framboð sé á íbúðarhúsnæði. Húsnæðiskostnaður almennings ætti að jafnaðri ekki að vera meira en þriðjungur af ráðstöfunartekjum.

Þingið skorar á yfirvöld að auka stofnframlög til lögaðila sem standa að uppbyggingu leigufélaga án hagnaðarsjónarmiða. Þannig má bregðast við skorti á leiguhúsnæði og vinna að því markmiði að gera leigumarkaðinn að eftirsóknarverðum valkosti. Það á að vera val hverju sinni hvort fólk leigir eða kaupir húsnæði. Það ættu að vera margir kostir fólgnir í því að leigja húsnæði ef leigumarkaðurinn væri heilbrigður og raunverulegur valkostur. Vegna skorts á framboði hefur stríðsástand ríkt á markaðnum undanfarin ár. Það ástand verður ekki lagað nema með því



að auka framboð húsnæðis og bæta vaxtakjör. Stjórnvöld ættu að beita sér fyrir því að fleiri íbúðir séu byggðar samhliða stórum framkvæmdum, til þess að nýta betur lóðir og dreifa byggingarkostnaði á fleiri íbúðir. Þannig má auka framboð íbúðarhúsnæðis með hagkvæmum og fljótlegum hætti. Stjórnvöld verða þó á sama tíma að sinna eftirliti með því að þeir aðilar sem fá stofnframlög undir því yfirskyni að stunda útleigu án hagnaðarsjónarmiða séu raunverulega með það að leiðarljósi til langs tíma.

Þing BSRB gerir þá kröfu að stjórnvöld sjái til þess að húsnæðis- og vaxtabætur skili sér til þeirra sem þurfa á slíkum stuðningi að halda. Tryggja verður að sá stuðningur haldi sér þrátt fyrir verðlagshækkunir og þurfa skerðingarmörk því að fylgja verðlagi. Það gengur ekki að hækkun húsnæðisverðs, sem hefur jafnframt í för með sér hækkun fasteignamats og fasteignagjalda, valdi því að vaxtabætur skerðist. Framkvæma þarf heildarúttekt á því hvernig tryggja má að fólk njóti húsnæðisstuðnings í samræmi við þarfir sínar hverju sinni.

Ályktun 45. þings BSRB um kjaramál og komandi kjarasamninga

45. þing BSRB telur það grundvallaratriði að launafólk geti lifað af dagvinnulaunum. Draga þarf úr yfirvinnu en minna vinnuálag leiðir til þess að afköst starfsfólks aukast hlutfallslega.

Þingið krefst þess að lögfest verði að vinnuvika dagvinnufólks verði ekki lengri en 35 stundir og vinnuskylda í vaktavinnu verði 80 prósent af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar. Rannsóknir síðustu ára hafa varpað skýru ljósi á heilsuspillandi áhrif vaktavinnu og við því þarf að bregðast tafarlaust.

Þá telur þingið það grundvallaratriði að launamuni milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins verði eytt samkvæmt samkomulagi frá 19. september 2016 um lífeyrismál. Taka verður fyrstu skrefin í næstu kjarasamningum. Þá verður að ganga frá samkomulagi um hvernig launin verða endanlega jöfnuð á næstu árum.

Þingið leggur áherslu á að samið verði um áframhaldandi launabróunartryggingu svo að launaskrið á almennum markaði fari sjálfkrafa til opinberra starfsmanna.

Þá áréttar þingið að á undanfönum misserum hefur ásókn í styrktar- og sjúkrasjóði stéttarfélaganna aukist til muna. Hefur þar helst komið til aukinn ásókn í sjúkradagpeninga og sjúkramedferðir. Eins og fram

hefur komið í þjóðfélagsmæðunni eru kulnun og álag í starfi stórir orsakabættir. Til að mæta þessari auknu ásókn í sjóðina er gerð krafa um að iðgjaldið hækkir í eitt prósent af heildarlaunum.

Þingið krefst þess að gripid verði til sérstakra aðgerða til að útrýma launamun sem starfar af kynskiptum vinnumarkaði. Kallað er eftir samstöðu annarra heildarsamtaka og stéttarfélaganna til að fylgja þessari kröfu eftir.

Fyrirkomulag vaktavinnu og bakvakta

Þing BSRB krefst þess að gerð verði heildarendurskoðun á fyrirkomulagi vaktavinnu og vinnutíma vaktavinnufólks. Skilgreina þarf hvað felst í vaktavinnu og samræma þá skilgreiningu milli kjarasamninga. Nauðsynlegt er að yfirfara talningu vinnustunda í forritinu Vinnustund sem heldur utan um vinnustundir vaktavinnufólks.

Þá krefst þingið þess að unnin verði úttekt á því hvort vaktavinnufólk hér á landi hafi dregist aftur úr þegar kemur að réttindum sem felast í vinnutímatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003.

Þing BSRB krefst þess að réttindi starfsfólks sem gengur bakvaktir verði bætt. Líta verður til nágrennalandanna okkar og tryggja að sömu réttindi gildi hér og í þeim löndum sem við berum okkur saman við, enda byggir löggjöfokkar á sömu vinnutímatilskipun. Þannig er nauðsynlegt að 1/7 af bakvakt teljist vera virkur vinnutími. Þá skal telja bakvakt sem virkan vinnutíma að öllu leyti þegar þess er krafist að starfsmaður sé staddur innan ákveðinnar fjarlægðar frá vinnustað á meðan bakvakt varir, til dæmis til að tryggja að hann geti mætt til vinnu innan tiltekins tíma komi til útkalls.

Einnig krefst þingið þess að kjarasamningar verði útfærðir þannig að bæði aðfangadagur og gamlársdagur teljist til stórhátíðardaga allan sólarhringinn, en ekki einungis eftir klukkan 12:00 eins og nú er, í takti við þær breytingar sem orðið hafa á samfélaginu. Þá er þess krafist að almennur baráttudagur kvenna fyrir fríði og jafnrétti 8. mars verði almennur frídagur.

45. þing BSRB krefst þess að starfsfólk í stéttum sem þarf að hætta að vinna fyrr, til dæmis vegna álags í starfi, fái rétt til snemmtöku lífeyris sem fjármagnað verði sérstaklega með herra mótframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóði.

Ályktun 45. þings BSRB um menntamál

45. þing BSRB krefst þess að opinberir vinnuveitendur – ríki, sveitarfélög og aðrir viðsemjendur aðildarfélaganna bandalagsins – taki sig á og sinni starfs- og menntamálum starfsmanna á opinberum vinnumarkaði með markvissari hætti en nú er.

Símenntun starfsmanna verður að haldast í hendur við órar breytingar og nýjar kröfur sem gerðar eru til vinnandi fólks nú í upphafi fjórðu iðnbyltingarinnar. Skapa þarf virkar leiðir fyrir launafólk til að sækja sér starfs- og símenntun, samhliða störfum, án launaskerðingar. Þá verður að tryggja aðgengi þeirra að raunfærnimati og að náms- og starfsráðgjöf.

Félagsmenn aðildarfélaganna BSRB verða að geta þróað starfshæfni sína alla starfsævina. Í því felst sameiginlegur ávinningur starfsmanna, vinnuveitenda og borgaranna sem nýta sér hina opinberu þjónustu.

Þá krefst 45. þing BSRB þess að boðið verði upp á lögboðið nám fangavarda. Auknar kröfur til fangavarda ýta undir mikilvægi þess að þeir geti fengið lögboðna menntun og fengið þjálfun við hæfi.

Ályktun 45. þings BSRB um #metoo

#metoo byltingin hefur skilað tímabærri vitundarvakningu um misrétti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnumarkaði og í einkalífi. Það er því áhyggjuefni að ekki virðist hafa orðið mikil breyting á menningunni. Meðvirkni með gerendum er enn ríkjandi og í skjóli valdastöðu njóta þeir iðulega enn vafans á meðan þolendur sæta tilfærslu í starfi eða jafnvel starfsmissi.

45. þing BSRB krefst þess að atvinnurekendur meti áhættuna af slíkri hegðun og innleiði áætlanir í samræmi við lagaskyldu. Þá þarf að ráðast að rötum vandans og vinna markvisst að því að uppræta valdamisræmi og jafna stöðu kynjanna innan vinnustaða. Reynslan sýnir að atvinnurekendur geta ekki gefið sér að áreitni og ofbeldi þrífist ekki á vinnustað eingöngu vegna þess að þögn ríki um slíka hegðun á vinnustaðnum.

Þingið skorar á stjórnendur á öllum vinnustöðum að kanna vinnumenningu og þar með hvort starfsfólk hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni eða ofbeldi á vinnustað. Jafnframt þarf að kanna hverjir eru gerendur og hvort þolendur hafa leitað sér aðstoðar vegna þessa.

Það er lykilatriðið að atvinnurekendur gefi skýrt til kynna að áreitni og ofbeldi verði ekki liðið á vinnustöðum og að ef slík mál koma upp verði þau strax tekin föstum tókum. Þá þarf einnig að tryggja að málin hafi ekki neikvæðar afleiðingar fyrir þolendur heldur séu gerendur látnir axla ábyrgð.

Öll eigum við rétt á að komið sé fram við okkur af virðingu og við berum öll ábyrgð á því að fylgja eftir aðgerðum til breytinga. Þannig verður ákall #metoo kvenna um bætt samfélag að veruleika.

Ályktun 45. þings BSRB um styttingu vinnuvikunnar

45. þing BSRB krefst þess að lögfest verði að vinnuvika dagvinnufólks verði ekki lengri en 35 stundir og vinnuskylda í vaktavinnu verði 80 prósent af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar.

Niðurstöður úr tilraunaverkefni BSRB og Reykjavíkurborgar og tilraunaverkefni BSRB og ríkisins hafa reynst jákvæðar. Starfsfólk upplifir bætt líkamlega og andlega líðan sem hefur leitt til þess að samskipti við vinnufélaga og fjölskyldumeðlimi batna.

Starfsfólk upplifir einnig að stytting vinnuvikunnar hafi leitt til markvissara starfs og bætts skipulags á vinnustöðum. Veikindi dragist saman, starfsfólk hafi meiri orku, drifkraft og sé glaðara í vinnu og skili þannig sömu vinnu og áður á minni tíma.

Mikið álag er á barnafjölskyldum og mörgum reynist erfitt að sinna bæði vinnu og einkalífi þannig að vel sé. Fjölskyldufólk segir að styttri vinnuvika hafi auðveldað því að samræma vinnu og einkalíf og bendir á að álag sem er á heimilinu hafi minnkað, ekki síst tengt skutli vegna tómsunda og vistunar barna. Þá fjölgi gæðastundum fjölskyldunnar.

Fram hefur komið að með styttri vinnuviku og jafnari vinnutíma hjá báðum kynjum upplifi starfsfólk minni mun á framlagi kynjanna til heimilisstarfa og umönnunar barna. Þá er niðurstaðan meðal annars sú að starfsfólk telur að styttri vinnuvika sé mikilvæg leið til að stuðla að jafnrétti kynjanna, til að mæður geti sinnt fullu starfi í ljósi dagvistunartíma, frístunda barna og annarrar umönnunar.

Stytting vinnuvikunnar er brýnt samfélagslegt verkefni til að auka lífsgæði en stjórnvöld og atvinnurekendur hafa hingað til lagt litla sem enga áherslu á málið. Það þarf að breytast því í styttingu vinnuvikunnar felst samfélagslegur ávinningur að tryggja betri líðan fólks í vinnu og heima.



Ályktun 45. þings BSRB um styttingu vinnuvikunnar

45. þing BSRB krefst þess að lögfest verði að vinnuvika dagvinnufólks verði ekki lengri en 35 stundir og vinnuskylda í vaktavinnu verði 80 prósent af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar.

Niðurstöður úr tilraunaverkefni BSRB og Reykjavíkurborgar og tilraunaverkefni BSRB og ríkisins hafa reynst jákvæðar. Starfsfólk upplifir bættu líkamlega og andlega líðan sem hefur leitt til þess að samskipti við vinnufélaga og fjölskyldumeðlimi batna.

Starfsfólk upplifir einnig að stytting vinnuvikunnar hafi leitt til markvissara starfs og bætt skipulags á vinnustöðum. Veikindi dragist saman, starfsfólk hafi meiri orku, drifkraft og sé glaðara í vinnu og skili þannig sömu vinnu og áður á minni tíma.

Mikið álag er á barnafjölskyldum og mörgum reynist erfitt að sinna bæði vinnu og einkalífi þannig að vel sé. Fjölskyldufólk segir að styttri vinnuvika hafi auðveldað því að samræma vinnu og einkalíf og bendir á að álag sem er á heimilinu hafi minnkað, ekki síst tengt skutli vegna tómsunda og vistunar barna. Þá fjölgi gæðastundum fjölskyldunnar.

Fram hefur komið að með styttri vinnuviku og jafnari vinnutíma hjá báðum kynjum upplifi starfsfólk minni mun á framlagi kynjanna til heimilisstarfa og umönnunar barna. Þá er niðurstaðan meðal annars sú að starfsfólk telur að styttri vinnuvika sé mikilvæg leið til að stuðla að jafnrétti kynjanna, til að mæður geti sinnt fullu starfi í ljósi dagvistunartíma, frístunda barna og annarrar umönnunar.

Stytting vinnuvikunnar er brýnt samfélagslegt verkefni til að auka lífsgæði en stjórnvöld og atvinnurekendur hafa hingað til lagt litla sem enga áherslu á málið. Það þarf að breytast því í styttingu vinnuvikunnar felst samfélagslegur ávinningur að tryggja betri líðan fólks í vinnu og heima.

Ályktun 45. þings BSRB um umhverfismál

45. þing BSRB skorar á stjórnvöld að uppfylla þau markmið sem þau hafa skuldbundið sig til á alþjóðavettvangi og vinna með markvissum hætti að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna umhverfismálum.

Þingið skorar á sveitarfélög um land allt að bæta og samræma sorphirðu og flokkun til að minnka sorp til urðunar og koma til móts við vaxandi umhverfisvitund almennings.

Þá skorar 45. þing BSRB á stjórnvöld að beita sér fyrir því að minnka plastnotkun í framleiðslu og iðnaði umtalsvert og hvetja til notkunar umhverfisvænna umbúða í stað plastpoka í verslunum.

45. þing BSRB gerir þær kröfur að atvinnurekendur sjái til þess að starfsfólk búi við umhverfisvænar vinnuaðstæður í starfi sínu. Auðvelda þarf starfsfólki að nota vistvæna samgöngumáta á leið í og úr vinnu og í vinnutíma, til dæmis með því að bjóða starfsfólki samgöngustyrki og/eða aðgang að vistvænum fararækjum. ■



Formenn allra aðildarfélaga BSRB skipa formannaráðið.

Formannaráð BSRB

Formannaráð BSRB er skipað formönnum aðildarfélaga bandalagsins hverju sinni og er formaður BSRB jafnframt formaður ráðsins. Formannaráðið varð til með lagabreytingu á 44. þingi BSRB haustið 2015. Ráðið fundar að meðaltali þrisvar á ári en hægt er að boða til aukafundar ef þurfa þykir. Frá 45. þingi bandalagsins fram að aðalfundi þann 10. maí 2019 fundaði ráðið tvisvar.

Fyrsti fundur eftir þingið fór fram þann 16. nóvember 2018. Á fundinum var farið yfir áhrif nýrrar persónuverndarlöggjafar fyrir bandalagið og aðildarfélög þess. Hrannar Már Gunnarsson, lögfræðingur BSRB, fjallaði um hvernig bandalagið hefur þegar brugðist við og hvað á eftir að gera. Þá ráðlagði hann formönnum aðildarfélaganna hvernig best er að vinna persónuverndarstefnu og vinnsluskrá, sem krafist er í lögnum. Eftir yfirferð Hrannars kom Hörður Helgi Helgason, lögmaður hjá Landslögum og ráðgjafi BSRB í persónuverndarlöggjöfinni, á fundinn og sat fyrir svörum. Þar fengu formenn aðildarfélaga bandalagsins tækifæri til að spyrja um álitæfni og nánari útfærslu á persónuverndarmálum fyrir þeirra félög.

Á fundinum fjallaði Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, um helstu áherslumálin í kjölfar 45. þings bandalagsins. Meðal áherslumála verður stytting vinnuvikunnar, að hægt sé að lifa af á dagvinnulaunum, jöfnun launa milli almenna og opinberra vinnmarkaðarins, og að launaþróunartrygging verði fest í sessi. Hún fjallaði einnig um húsnæðismál sem voru ofarlega á baugi í umræðu tengdri kjarasamningum.

Á fundi formannaráðs var einnig farið yfir undirbúning kjarasamningsviðræðna. Samningar flestra aðildarfélaga bandalagsins við ríki og sveitarfélög runnu út í lok mars 2019 en annarra um síðustu áramót. Ákveðið

var að halda fyrsta fund samningseininga bandalagsins þann 18. desember.

Annar fundur formannaráðs frá þingi var haldinn 9. maí, daginn fyrir aðalfund. Ekki lá fyrir hver dagskrá fundarins yrði þegar þessi skýrsla fór í prentun.

Formannaráðið skipa eftirtalin

- Arna Jakobína Björnsdóttir – Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu
- Árni Stefán Jónsson – Sameyki – stéttarfélag í almannabjónustu
- Ásbjörn Sigurdsson – FOSS – stéttarfélag í almannabjónustu
- Birna Friðfinnsdóttir – Tollvarðafélags Íslands
- Björgúlfur Halldórsson – Starfsmannafélag Fjarðabyggðar
- Edda Davíðsdóttir – Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
- Guðbjörn Arngrímsson – Starfsmannafélag Fjallabyggðar
- Gunnar Magnússon – Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins
- Hálfván Bjarki Hálfvánsson – Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
- Helga Hafsteinsdóttir – Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- Helga Þuríður Árnadóttir – Starfsmannafélag Húsavíkur
- Jón Ingi Cesarsson – Póstmannafélag Íslands
- Karl Rúnar Þórsson – Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
- Kristján Hilmarsson – Starfsmannafélag Garðabæjar
- Kári Örn Óskarsson – Félag íslenskra flugumferðarstjóra
- Magnús Smári Smáráson – Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- Rita Arnfjörð Sigurgarðsdóttir – Starfsmannafélag Kópavogs
- Sandra Bryndísardóttir Franks – Sjúkraliðafélag Íslands
- Snorri Magnússon – Landssamband lögreglumanna
- Sonja Ýr Þorbergsdóttir – Formaður BSRB
- Stefán B. Ólafsson – Starfsmannafélag Suðurnesja
- Unnar Örn Ólafsson – Félag flugmálastarfsmanna ríkisins
- Unnur Sigmarsdóttir – Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar
- Þórhildur Vilberg Guðmundsson – Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- Þórveig Þormóðsdóttir – Félag starfsmanna stjórnarráðsins

Endurnýjun frá þingi

Einn formaður hefur látið af störfum frá 45. þingi bandalagsins. Ragnar Sigurðsson lét af störfum sem formaður Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi og Þórður Vilberg Guðmundsson tók við.

Þá hefur fækkað um einn fulltrúa í formannaráðinu vegna sameiningar tveggja aðildarfélaganna bandalagsins. SFR – stéttarfélag í almannajónustu og Starfs-

mannafélag Reykjavíkurborgar hafa nú sameinast í stéttarfélaginu Sameyki. Árni Stefán Jónsson, sem var formaður SFR, er nýr formaður félagsins. Garðar Hilmarsson, sem var formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, er varaformaður félagsins, og á því ekki lengur sæti í formannaráði. Hann situr þó áfram fundi ráðsins sem 1. varaformaður BSRB.

Formannaráð BSRB hefur sent frá sér eina ályktun frá 45. þingi bandalagsins. Hún er hér að neðan. ■

Ályktun formannaráðs BSRB um skattatillögur stjórnvalda

Tillögur stjórnvalda að breytingum á skattkerfinu sem kynntar voru í gær ganga ekki nægilega langt í átt að jöfnuði og réttlæti í samfélaginu að mati formannaráðs BSRB.

Bandalagið leggur áherslu á að skattkerfið eigi að reka með því hugarfarum að fólk greiði inn eftir efnum og taki út eftir þörfum. Í því felst að þeir sem eru betur stæðir ættu að bera meiri byrðar en hinir sem eru verr staddir. Það er því jákvætt skref að til standi að fjölga skattþrepum en tillögur ríkisstjórnarinnar til breytinga á skattkerfinu eru ekki í samræmi við væntingar BSRB.

Tillögur ríkisstjórnarinnar fela í sér að á næstu þremur árum verði skattbyrði einstaklinga lækkuð sem nemur alls 6.760 krónum mánaðarlega. Breytingarnar eiga að koma í þremur áföngum og á sá fyrsti ekki að koma til framkvæmda fyrr en í byrjun árs 2020 þegar skattbyrðin á að lækka um 2.253 krónur. Það veldur vonbrigðum hve lítil lækkunin er og enn meiri vonbrigðum hversu seint hún á að koma til framkvæmda.

Þá mun lækkunin ekki eingöngu taka til þeirra tekjulægstu heldur einnig til þeirra sem hafa hærra tekjur. BSRB leggst gegn því að skattar verði lækkaðir fyrir hátekjufólk og telur að nýta eigi það svigrúm sem stjórnvöld hafa til skattalækkana til þess að lækka álögur á þá tekjulægstu.

Samfélagið hefur kallað eftir réttlæti í skiptingu tekna og ekki síst í umræðu um ofurlaun. Ein leið til að mæta því ákalli er að innleiða hátekjuprep í skattkerfið. Samanborið við hin Norðurlöndin er Ísland með færri skattþrep, hærra grunnprósentu og lægri hámarksprósentu. Með því að taka upp hátekjuskatt nýtist skattkerfið betur sem tekjujöfnunartæki.

Formannaráð BSRB hafði vænt þess að ríkisstjórnin myndi leggja fram tillögur sem kæmu til með að draga úr bröttum tekjutengingum í barnabótakerfinu. Það eru því mikil vonbrigði að ekki standi til að ganga lengra í þá átt en þegar hefur verið gert. Bandalagið leggur áherslu á mikilvægi þess að barnabætur, húsnæðisbætur og vaxtabætur eigi að vera almennur stuðningur við fjölskyldur líkt og á öðrum Norðurlöndum en ekki eingöngu fyrir þá tekjulægstu líkt og reyndin hefur verið hér á landi undanfarin ár.

Auknum kostnaði við bótakerfið má til að mynda mæta með því að hækka fjármagnstekjuskatt til samræmis við hin Norðurlöndin, með upptöku hátekjuskatts og með því að bregðast við vaxandi misskiptingu tekna og auðsöfnun á hendi fárra með stóreignaskatti.

Reykjavík, 20. febrúar 2019



Stjórn BSRB og varafulltrúar.

Stjórn BSRB

Stjórn BSRB fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins milli þinga og aðalfundar. Hún stýrir starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir BSRB og stefnumörkun þings, formannaráðs og aðalfundar. Í stjórninni sitja níu manns. Formaður BSRB er jafnframt formaður stjórnarinnar. Í henni sitja einnig 1. og 2. varaformaður BSRB ásamt sex meðstjórnendum. Þá eru fjórir varamenn jafnframt kosnir á þingi BSRB sem koma inn á fundi í forföllum aðalmanna.

Stjórnin hefur fundað alls 13 sinnum frá 45. þingi bandalagsins. Á fundunum er fjallað um öll stærri mál sem koma inn á borð BSRB. Frá þingi hefur stjórnin til dæmis fjallað ítarlega um samtal bandalagsins og annarra aðila á vinnumarkaði við stjórnvöld í aðdraganda kjarasamninga. Þá hefur verið fjallað um nýja persónuverndarstefnu, stöðuna hjá Bjargi íbúðafélagi og húsnæðismál almennt, starfsnefndir skipaðar og fleira.

Fundargerðir stjórnar BSRB eru sendar aðildarfélögum bandalagsins að loknum fundum. Þar geta fulltrúar félaganna kynnt sér nákvæmlega umfjöllun og afgreiðslu stjórnarinnar á einstökum málum frá 45. þingi bandalagsins. ■

Stjórn BSRB árin 2018-2021 er skipuð eftirfarandi einstaklingum

- Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB
- Garðar Hilmarsson, 1. varaformaður BSRB
- Arna Jakóbína Björnsdóttir, 2. varaformaður BSRB
- Árni Stefán Jónsson
- Helga Hafsteinsdóttir
- Jón Ingi Cæsarsson
- Karl Rúnar Þórsson
- Sandra B. Franks
- Snorri Magnússon

Varamenn eru:

- Þórveig Þormósdóttir
- Rita Arnfjörð
- Magnús Smári Smáráson
- Birna Friðfinnsdóttir



Skrifstofa BSRB

Skrifstofa BSRB og þeir starfsmenn sem þar starfa hafa það hlutverk að fylgja eftir þeirri stefnu sem bandalaginu hefur verið mótuð af kjörnum fulltrúum. Bandalagið heldur utan um réttindi starfsmanna hvort sem er á opinberum vinnumarkaði eða hjá opinberum fyrirtækjum sem rekin eru í almannabágu og stendur vörð um réttindi og skyldur félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

Starfsmenn BSRB undirbúa mál fyrir stjórnarfundum og aðra fundi sem haldnir eru, halda námskeið og kenna á trúnaðarmannanámskeiðum. Þá koma þeir með erindi og kynningar um einstök mál á fundum sem haldnir eru af aðildarfélögum.

Útleiga á Birkihlíð, eina sumarhúsi bandalagsins, fer fram í gegnum skrifstofuna. Félagsmönnum aðildarfélaga bandalagsins stendur til boða að leigja húsið og er það gjarnan nýtt þegar önnur hús félaganna eru fullbókuð.

Starfsmenn á skrifstofu

Starfsmenn á skrifstofu BSRB eru níu talsins og sinna þeir fjölbreyttum verkefnum hver á sínu verkswiði.

Frá 45. þingi BSRB hafa orðið þrjár breytingar á starfsmannamálum. Þar sem Sonja Ýr Þorbergsdóttir, sem var lögfræðingur bandalagsins, var kjörin formaður á þinginu var Dagný Aradóttir Pind ráðin í stöðu lögfræðings í hennar stað.

Helga Jónsdóttir sagði starfi sínu sem framkvæmdastjóri bandalagsins lausu í lok árs 2018. Stjórn bandalagsins réði Magnús Mál Guðmundsson í stöðu framkvæmdastjóra og kom hann til starfa í janúar 2019. Þá lét Kristinn Bjarnason af störfum sem hagfræðingur BSRB í mars 2019. Ekki hafði verið ráðið í stöðuna þegar skýrslan fór í prentun. ■



Ásthildur Torfadóttir
afgreiðslufulltrúi



Björg Geirsdóttir
fulltrúi



Brjánn Jónasson
kynningarfulltrúi



Dagný Aradóttir
Pind lögfræðingur



Hrannar Mál
Gunnarsson lögfræðingur



Jóhanna Þorgílsdóttir
fulltrúi



Magnús Mál Guðmundsson
framkvæmdastjóri



Sonja Ýr Þorbergsdóttir
formaður



Sólveig Jónasdóttir
fjármálastjóri

BSRB veitir aðildarfélögum sínum þjónustu á fjölmörgum sviðum, til dæmis varðandi lög- og hagfræðileg efni. Þá sinnir bandalagið fræðslu og upplýsingagjöf og sér um samskipti við stjórnvöld, heildarsamtök og erlenda aðila.

Frá 45. þingi bandalagsins hafa starfsmenn BSRB unnið úr, veitt ráðgjöf og svarað miklum fjölda lögfræðilegra fyrirspurna auk þess að aðstoða aðildarfélögin við að tryggja að réttindi félagsmanna þeirra séu virt. Þegar upp koma álitamál varða þau flest breytingar á störfum, áminningar, uppsagnir og veikindarétt starfsmanna. Þá sér skrifstofa BSRB einnig um skil iðgjalda til aðildarfélaga bandalagsins í gegnum BIBS og hefur verið unnið að því að gera þau skil rafræn að öllu leyti.

BSRB hefur gert þjónustusamning við Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu og þjónustur rekstrarfélagið varðandi bókhald, greiðslu launa og fleira sem við kemur daglegum rekstri. Þá er BSRB einnig með þjónustusamning við Félagamiðstöðina að Grettisgötu 89 sem sér um öll mál sem varða húsnæðið.

Málefni

BSRB hefur unnið að margskonar málum, stórum sem smáum, frá því á 45. þingi bandalagsins í október 2018. Undirbúningur fyrir kjarasamninga hefur verið eitt stærsta málið á þessu rúmlega hálfari ári. Bandalagið hefur tekið þátt í samtali með stjórnvöldum við aðila vinnumarkaðarins sem hafði það að markmiði að liðka fyrir kjarasamningum. Þá fór undirbúningur fyrir aðkomu BSRB að kjarasamningsviðræðum á fullan skrið eftir þingið, enda samningar flestra aðildarfélaga bandalagsins lausir í lok mars 2019.

Þrátt fyrir að áherslan væri á kjarasamninga sinni bandalagið einnig ýmsum öðrum málum sem öll voru mikilvæg fyrir aðildarfélögin. Þar má nefna aðkomu bandalagsins að Kvænnafrí og öðrum jafnréttismálum, málþing um kulnun og álag í starfi ásamt öðrum verkefnum tengdum starfsumhverfi opinberra starfsmanna og áframhaldandi vinna við styttingu vinnuvikunnar í samræmi við stefnu bandalagsins til langs tíma.

1. maí

BSRB og aðildarfélög bandalagsins um allt land tóku þátt í kröfugöngum og baráttuundum á baráttudegi verkalýðsins þann 1. maí. Þar sem aðalfundur var stuttu eftir náðist ekki að koma myndum eða umfjöllun um daginn inn í skýrsluna. Til stóð að Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, ávarpaði baráttufund á Ingólfstorgi í Reykjavík og að Magnús Mál Guðmundsson, framkvæmdastjóri bandalagsins, ávarpaði baráttufund í Árborg. ■

Heimsóknir til aðildarfélaga

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, nýr formaður BSRB, óskaði eftir því við formenn aðildarfélaga bandalagsins á fundi formannaráðs í nóvember 2018 að fá að koma á fund stjórnna félagana til að kynna starfsemi þeirra og segja frá starfi bandalagsins. Eftir að Magnús Mál Gunnarsson, nýr framkvæmdastjóri bandalagsins, kom til starfa í byrjun árs 2019 var ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri myndu fara saman til félaganna.

Frá því um miðjan janúar hafa þau Sonja og Magnús hitt stjórnir Félags flugmálastarfsmanna

ríkisins, Félags íslenskra flugumferðarstjóra, Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi, FOSS, stéttarfélag í almannabjónustu, Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Félags starfsmanna stjórnarráðsins, Kjalar, stéttarfélag starfsmanna í almannabágu, Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Póstmannafélags Íslands, Starfsmannafélags Fjarðabyggðar og Starfsmannafélags Húsavíkur. Þá hafa þau fundað með trúnaðarmannaráðum Sameykis og Sjúkraliðafélags Íslands. Markmið fundanna er að kynna stjórn



Formaður og framkvæmdastjóri BSRB heimsóttu fjölmörg aðildarfélög, þeirra á meðal FOSS, stéttarfélag í almannabjónustu.

félaganna betur, verkefnum aðildarfélaganna og áherslumálum. Kjaraviðræður hafa eðlilega verið eitt af stóru umræðuefnum, enda stutt í að kjarasamningsviðræður hæfust fyrir alvöru. Þá var mikið rætt um áherslur BSRB um styttingu vinnuvikunnar, húsnæðismál og stöðu bandalagsins og aðildarfélaganna almennt. ■

Húsnæðismál

Húsnæðismálin hafa verið ofarlega á baugi undanfarin ár og hafa verið í kastljósinu sem aldrei fyrr eftir 45. þing BSRB. Í endurskoðaðri stefnu BSRB frá þinginu var áréttað að öruggt húsnæði, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða séreign, séu mannréttindi. Því sé brýnt að bregðast við framboðsskortri og tryggja öllum húsnæði á jafnréttisgrundvelli.

Talsvert hefur verið rætt um stöðuna á húsnæðismarkaði í aðdraganda kjarasamninga, ekki síst á sameiginlegu borði stjórnvalda með aðilum vinnumarkaðarins, sem fjallað er um í sérstökum kafla um samtalið við stjórnvöld í þessari skýrslu.

BSRB hefur haldið mikilvægi húsnæðismála mjög á lofti í umræðunni með greinum á vef bandalagsins, aðsendu efni í fjölmiðlum og með því að leggja áherslu á málaflokkinn í viðtölum við fjölmiðla.



Uppbygging á íbúðakjöllum Bjargs gengur vel. Hér sést lóð við Móaveg í Grafarvogi

Bjarg íbúðafélag

Til að bregðast við erfiðri stöðu á leigumarkaði stofnuðu BSRB og Alþýðusamband Íslands árið 2016 leigufélag sem ætlað var að byggja upp íbúðir og leigja tekjulægstu félögum bandalaganna tveggja.

Um miðjan mars var staðan hjá Bjargi þannig að félagið hafði úthlutað 66 íbúðum og var áformað að afhenda þær fyrstu þann 1. júlí 2019. Þá voru 223 íbúðir í byggingu hjá félaginu á lóðum við Móaveg í Grafarvogi, við Urðarbrunn í Úlfarsárdal og í Asparskógum á Akranesi.

Þá eru framkvæmdir í undirbúningi á sex lóðum í Reykjavík; við Kirkjusand, við Leirtjörn í Úlfarárdal, í Bryggjuhverfi, í Vogabyggð á Gelgjutanga, í Hraunbæ í Árbænum og í Skerjafirði. Þá er undirbúningur hafinn að byggingu íbúða við Guðmannshaga á Akureyri, sunnan Sandgerðisvegur í Sandgerði, við Sambyggð í Þorlákshöfn, í Björk á Selfossi og á Hamranesi í Hafnarfirði.

Blær íbúðafélag

Blær íbúðafélag er dótturfélag Bjargs íbúðafélags. Blær er ætlað að byggja húsnæði fyrir félagsmenn sem eru með tekjur yfir viðmiðum Bjargs og var félagið stofnað

til að mæta kröfum Reykjavíkurborgar um blandaða byggð.

Framundan er vinna við stefnumótun og fjármögnun fyrir félagið og munu stjórnarmenn í Bjargi, þar á meðal fulltrúar BSRB, taka þátt í þeirri vinnu. ■

Jafnréttismál

BSRB hefur beitt sér mjög fyrir jafnréttismálum í kjölfar 45. þings bandalagsins. Í umræðum við stjórnvöld og í opinberri umræðu hafa fulltrúar bandalagsins haldið uppi áframhaldandi þrýstingi á lengingu fæðingarorlofsins. Einnig hefur verið ítrekað bent á mikilvægi þess að sveitarfélögin brúi hið svokallaða umönnunarbíl, bilið frá því fæðingarorlofi lýkur þar til umönnunarræði á borð við leikskóla taka við.

Jafnréttismálin hafa verið í forgrunni í aðsendum greinum, í viðtölum við forsvarsmenn bandalagsins og í umfjöllun á vefsíðu BSRB. Þá sátu Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, og Dagný Aradóttir Þind, lögfræðingur bandalagsins og sérfræðingur í jafnréttismálum, 63. fund kvinnanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í mars 2019. Þar tók Sonja meðal annars þátt í pallborðsumræðum um stöðu kvenna og

jafnréttismál og ræddi um kvannahreyfinguna á Íslandi, Kvannafríð, mikilvægi fæðingarorlofs, sérstaklega að báðir foreldrar eigi sjálfstæðan rétt til orlofs, og jafnlaunastaðalinn.

sem BSRB tók þátt í. Þær gera ráð fyrir 12 mánaða fæðingarorlofi, hækkun á hámarksgreiðslu og að fyrstu 300 þúsund krónunnar sem foreldrar í fæðingarorlofi fá á mánuði verði ekki skertar, en í dag fá foreldrar 80 prósent af launum fyrir fæðingarorlof.

Lenging fæðingarorlofsins

BSRB hefur haldið áfram baráttunni fyrir bættu fæðingarorlofi og ef eitthvað er aukið þrýstinginn fyrir þessu mikilvæga baráttumáli. Áherslan hefur verið á að ná í gegn tillögum nefndar félagsmálaráðherra,

Formaður bandalagsins hefur sérstaklega beitt sér fyrir þessu máli í samtali við ráðherra ríkisstjórnarinnar um aðkomu stjórnvalda að kjarasamningum í byrjun árs 2019, en um það samtal er fjallað ítarlega í sérstökum kafla hér að neðan.



Mikill fjöldi kom saman á baráttufundi á Arnarhóli á kvannafrídaginn.

Kvannafrí 24. október 2018

BSRB var meðal skipuleggjenda Kvannafrís þann 24. október 2018 undir slagorðinu „Breytum ekki konum – breytum samfélaginu“. Konur voru hvattar til að ganga út úr vinnu klukkan 14:55 og taka þátt í samstöðufundum sem haldnir voru víða um land.

Á fjölmennum samstöðufundi á Arnarhóli í Reykjavík komu tugir þúsunda kvenna saman til að krefjast jafna kjara og öryggis á vinnustað. Ávörp fluttu þær Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar, Jóhanna Sigurðardóttir fyrrverandi forsætisráðherra, Áslaug Thelma Einarsdóttir baráttukona og Claudie Wilson lögfræðingur hjá Rétti.



Ungir sem aldnir tóku þátt í baráttunni fyrir jafnrétti.



Konur sem starfa í Félagamiðstöðinni við Grettisgötu 89, þar sem BSRB og nokkur aðildarfélag bandalagsins eru til húsa, létu ekki sitt eftir liggja og gengu út á kvennafrídaginn.

Hádegisfundur vegna baráttudags kvenna

BSRB stóð ásamt fleiri samtökum að hádegisfundum í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2019 eins og undanfarin ár. Fundurinn, sem hefur verið árviss viðburður undanfarin ár, var reyndar haldinn þann 7. mars til að sýna samstöðu með félögum í Eflingu sem boðað höfðu verkfall hjá starfsmönnum sem vinna við ræstingar á hótelum þann 8. mars.

Yfirskrift fundarins að þessu sinni var „Þegar konur segja frá - #metoo og kraftur samstöðunnar“. Þar fjallaði Hildur Knútsdóttir rithöfundur um hverjir breyta heiminum. Hún velti fyrir sér tungumálinu og hinu allsráðandi karlkyni, en velti líka fyrir sér hvernig konur eru að breyta heiminum án þess að það sé fjallað mikið um það.

Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir, dósent á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands, og Dr. Annadís Greta Rúðólfsdóttir, dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, fjölluðu um rannsókn sína á #metoo-sögum í erindi með yfirskriftina „Mun eitthvað breytast? Mun einhver trúna mér núna og vilja hlusta?“ Þær ætla sér að halda áfram rannsóknum á #metoo sögum íslenskra kvenna og verður áhugavert að sjá þeirra niðurstöður í framtíðinni.

Að lokum fjallaði Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur um viðhorfin sem hún hefur mætt sem rithöfundur í erindinu „Konur sem skálda“. Hún setti gagnrýni frá ýmsum körlum í skemmtilegt samhengi og velti fyrir sér hvers vegna það eru til svona fáar bækur og kvikmyndir um kvenkyns rithöfunda en svo margar um karlkyns kollega þeirra.

Fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, og Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur bandalagsins og sérfræðingur í jafnréttismálum, tóku þátt í 63. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í mars.

Aðalefni fundarins að þessu sinni var almannatjónusta og aðgengi að henni í samhengi við jafnrétti kynjanna. Fjöldmargir fyrirlestrar og málstofur fara fram í tengslum við fundinn og sátu fulltrúar BSRB meðal annars fundi um réttlátt skattkerfi, mikilvægi heilbrigðisþjónustu, kynferðislega áreitni á vinnumarkaði og fleira.

Út úr viðræðum ríkja á fundinum kom ályktun þar sem kallað er eftir því að aðgengi að almannatjónustu sé ekki skert þegar þrengir að í ríkisfjármálum. Þar er einnig fjallað um að viðurkenna þurfi hversu mikla ólaunaða vinnu konur um allan heim inna af hendi og að auka þurfi framlög til heilbrigðis- og velferðarmála til að létta álagi af konum.

Fjallað var um ferðina á fundi jafnréttisnefndar BSRB stuttu eftir fund kvennanefndarinnar. ■



Stór hópur fulltrúa stjórnvalda og ýmissa félagasamtaka frá Íslandi tók þátt í fundinum.



Þær Sólveig Jónasdóttir frá SFR (nú Sameyki), Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, og Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB, sátu fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Kjaramál

Kjarasamningar þorra aðildarféлага BSRB voru lausir í lok mars 2019. Undirbúningur fyrir kjaraviðræður var hafinn fyrir 45. þing BSRB og hélt áfram í kjölfar þess. Stjórn bandalagsins hefur farið yfir sameiginleg verkefni, umræðuefni við samninganefndir ríkis og sveitarféлага, auk þess að fjalla um stöðu áherslur og samstarf aðildarfélaganna í kjaraviðræðunum.

Jöfnun launa milli markaða

Starfshópur vegna 7. greinar ákvæðis í samkomulagi um lífeyrismál hefur haldið áfram á síðustu mánuðum. Unnið er að útgáfu skýrslu og hafa fyrstu niðurstöður verið ræddar efnislega í starfshópnum. Samkvæmt þeim eru laun opinberra starfsmanna á bilinu 9 til 20 prósent lægri en laun á almenna markaðinum, og er munurinn mestur hjá þeim hópum sem eru með hæst laun.

Reglulega hefur verið fjallað um þessa vinnu á fundum stjórnar BSRB og mikil áhersla á að vinna þetta mál bæði hratt og vel en ljóst að mikið verk er enn óunnið hjá starfshópnum.

Launaþróunartryggingin

Áfram hefur verið unnið að mælingum á launaskriði á almenna markaðinum og opinbera markaðinum. Á samningstímanum sem rann út í lok mars voru gerðar þrjár mælingar á launaskriðinu og opinberis starfsmenn fengu bættan þann mun sem mældist. Tilgangurinn með því var að draga úr sveiflum í launakjörum sem kallað gætu á harðari átök í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þriðja og síðasta mælingin náði til ársins 2018 og var unnið að þeim útreikningum fram í mars 2019. Ekki náðist að klára vinnu við þriðju mælinguna áður en þessi skýrsla fór í prentun.

Samningseiningafundir

Þrjár samningseiningafundir voru haldnir eftir 45. þing bandalagsins. Á fundunum hittust formenn aðildarféлага bandalagsins sem voru með lausa kjarasamninga í árslok 2018 og í lok mars 2019 til að fara yfir sameiginlegar áherslur. Fundað var 18. desember 2018, 14. febrúar 2019 og 5. apríl 2019. Á báðum fundunum byrjaði Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, á því að fara yfir stöðuna í viðræðum aðila

vinnumarkaðarins við stjórnvöld til að tryggja að allir viðstaddir væru upplýstir um stöðuna.

Á fundinum 18. desember 2018 var rætt um áherslur hvers félags, viðræðuáætlanir og þau mál sem formennirnir töldu eðlilegt að taka sameiginlega undir merkjum BSRB í kjarasamningsviðræðum.

Á fundinum 14. febrúar 2019 undirrituðu formenn aðildarfélaganna umboð fyrir BSRB til að bandalagið geti verið í forsvari fyrir félögin í þeim málum sem ákveðið yrði að taka sameiginlega. Þá var haldið áfram umræðum um sameiginleg mál sem yrðu á forræði BSRB í kjaraviðræðum við viðsejendur. Meðal þeirra mála sem ákveðið var að yrðu á borði BSRB voru stytting vinnuvikunnar, launaþróunartryggingin, jöfnun launa milli markaða, lífeyrismál, hækkan í sjúkra- og styrktarsjóð og vaktavinna.



Formenn og aðrir fulltrúar aðildarféлага bandalagsins sátu samningseiningafundi í aðdraganda kjarasamninga.

Á fundinum sammæltust þátttakendur um viðræðunefnd BSRB gagnvart ríkinu, sem var skipuð þeim Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB, Garðari Hilmarssyni, 1. varaformanni BSRB, Örnú Jakobínu Björnsdóttur, 2. varaformanni BSRB, Söndru B. Franks, formanni Sjúkraliðafélags Íslands, Snorra Magnússyni, formanni Landssambands lögglumanna og Árna Stefáni Jónssyni, formanni Sameykis. Ákvörðun um viðræðunefndir við aðra viðsejendur var ákveðin af stjórn bandalagsins.

Í lok fundarins hélt Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB, erindi um nýja löggjöf um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði og áhrif hennar á bandalagið og aðildarfélög þess.

Þriðji samningseiningafundurinn var haldinn 5. apríl, eftir að stærstu verkalýðsfélögin á almenna vinnumarkaðinum höfðu skrifað undir kjarasamninga. Á fundinum fór Sonja yfir kjarasamninga sem undir-



ritaðir voru á almenna vinnuarkaðinum tveimur dögum fyrr og yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við þá samninga.

Sonja lagði áherslu á að þar með væru stjórnvöld ekki búin að segja sitt síðasta varðandi kjarasamninga enda eftir að semja við starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal þorra félagsmanna aðildarfélag BSRB. Í kjölfarið var rætt um áherslur einstakra félaga og heildarinnar og þær settar í samhengi við samningana á almenna markaðinum.

Samtalið við stjórnvöld

Samtalið milli stjórnvalda og aðila vinnuarkaðarins sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir frá því hún tók við völdum eftir kosningar haustið 2017 hélt áfram eftir 45. þing BSRB í október 2019 og kom nýr formaður BSRB að borðinu strax að loknu þingi. Vikuna eftir þing BSRB hélt Alþýðusamband sitt þing og kaus nýjan forseta svo samtalið við stjórnvöld litaðist að einhverju leyti af því að nýtt fólk var komið til forystu.

Áherslan í lok árs 2018 og byrjun árs 2019 hefur verið á að finna leiðir til að liðka fyrir kjarasamningum með stjórnvaldaaðgerðum. Á fundunum og í fámennara samráði stjórnvalda og aðila vinnuarkaðarins vegna kjarasamninga hefur verið rætt um helstu áherslur heildarsamtaka launafólks, til að mynda húsnæðismál, vexti og verðtryggingu, skattamál, félagsleg undirboð, lífeyrismál og jafnréttismál.

Starfshópar á vegum stjórnvalda hafa samhliða unnið skýrslur um suma af þeim málaflokkum sem fjallað hefur verið um á fundunum. Þannig voru niðurstöður nefndar um úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga kynntar í janúar 2019. Síðar í sama mánuði voru kynntar niðurstöður átakshóps um húsnæðismál kynntar. Hópurinn lagði fram 40 tillögur í sjö flokkum sem eiga að leiða til aukins framboðs húsnæðis. Flokkarnir sjö voru: Almennar íbúðir, húsnæðislög, leiguvernd, skipulags- og byggingamál, samgönguinnviðir, ríkislóðir og upplýsingamiðlun. Enn fremur kynnti starfshópur félagsmálaráðherra tillögur sínar til að bregðast við félagslegu undirboði. BSRB hefur átt fulltrúa í öllum starfshópunum.

Þá voru tillögur til breytinga á tekjuskatti kynntar aðilum vinnuarkaðarins á fundum með fulltrúum ríkisstjórnarinnar í febrúar. Þar var meðal annars lagt til að tekið verði upp þriðja skattþrepið sem átti að koma á undan þeim sem fyrir voru með það að markmiði að lækka álögur á tekjulægstu hópana. BSRB taldi ekki nægilega langt gengið og tók þannig undir með ASÍ. ■

Kynningarmál

BSRB vinnur markvisst að kynningarmálum og hefur frá árinu 2016 unnið út frá kynningaráætlunum sem eru gerðar upp og uppfærðar í lok hvers árs. Í kynningaráætlun BSRB eru sett mælanleg markmið um sýnileika og virkni í kynningarmálum.

Í áætlun ársins 2018 voru eftirfarandi markmið sett fram:

- **Fréttir á vef BSRB:** Skrifaðar eru tvær fréttir sem birtast á vef bandalagsins og samfélagsmiðlum í hverri viku.
- **Skóðanapistlar á vef BSRB:** Tíðni á pistlum á vef bandalagsins er lægri en á fréttum en miðað er við að einn nýr pistill sé birtur í hverjum mánuði.
- **Fréttir í fjölmiðlum:** BSRB vekur athygli fjölmiðla á verkefnum bandalagsins og áherslum með það að markmiði að fréttir birtist um tvö aðskilin málefni tengd bandalaginu í hverjum mánuði.
- **Viðtöl við forsvarsmenn:** Fjölmiðlum eru boðin viðtöl við forsvarsmenn BSRB um þau mál sem bandalagið vinnur að hverju sinni og er miðað við að það minnsta eitt viðtöl birtist í hverjum mánuði.
- **Aðsent efni í fjölmiðlum:** BSRB kemur skoðunum sínum og áherslum á framfæri með reglulegum skrifum í dagblöð og vefmiðla og setur sér það markmið að ein grein birtist í fjölmiðlum í hverjum mánuði.
- **Rafrænt fréttabréf:** Unnið er rafrænt fréttabréf í lok hvers mánaðar og sent á póstlista BSRB. Hann nær til fjölda félagsmanna aðildarféлага, þingmanna, fjölmiðla og fleiri. Í fréttabréfinu er vakin athygli á fréttum sem sagðar hafa verið af bandalaginu þann mánuðinn.
- **Fundur og ráðstefnur:** Haldnir eru fundir, málstofur og ráðstefnur um málefni sem BSRB vill koma í umræðuna, eftir því sem tilefni gefast til og miðað við að bandalagið standi fyrir eða taki þátt í fjórum fundum eða ráðstefnum á ári.

Þar sem sett eru fram mælanleg markmið um árangur í kynningarmálum er auðvelt að meta árangurinn. Á árinu 2018 fór árangurinn talsvert fram úr væntingum á nær öllum sviðum. Aðsent efni í fjölmiðlum, útsending á fréttabréfum og þátttaka á fundum og ráðstefnum var samkvæmt áætlun en tíðni fréttu og skoðanapistla á vef, fréttu í fjölmiðlum og viðtala við forsvarsmenn var umtalsvert hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Skipti þar talsverðu máli aukinn áhugi á málefnum bandalagsins í tengslum við 45. þing BSRB í október 2018.

Afleiðingarnar af því að árangur er yfir markmiðum er enn aukinn sýnileiki bandalagsins í umræðunni og meiri ásókn fjölmiðla í efni frá bandalaginu. Þar verður ekki síst vart við mikinn áhuga fjölmiðla á viðtölum við nýjan formann BSRB.

Í nýrri kynningaráætlun sem gildir frá ársbyrjun 2019 eru sett fram svipuð markmið og í áætlun síðasta árs. Þó bætast við tveir þættir. Ákveðið var að gera lítilsháttar breytingu á vef bandalagsins og setja inn undirsíðu fyrir fróðleiksmola, og birtist nýjasti fróðleikurinn einnig á forsíðu vefsins. Þar sem það tók tíma að gera breytingarnar á forsíðu vefsins fóru fyrstu molarnir inn í febrúar 2019. Áformað er að birta að meðaltali þrjú nýja fróðleiksmola í hverjum mánuði.

Þá var einnig bætt inn í áætlunina daglegum póstum á skrifstofu og stjórn bandalagsins með samantekt á fréttum sem vert er að vita af. Þessi liður hefur ekki verið inni í áætluninni þó kynningarfulltrúi hafi sinnt honum frá árinu 2016. Fréttapóstarnir eru sendir nær daglega í byrjun vinnudagsins.

Áfram verður unnið markvisst að kynningarmálum á skrifstofu BSRB út frá markmiðum um aukinn sýnileika bandalagsins og aukinni umfjöllun um þau mál sem BSRB berst fyrir hverju sinni til hagsbótar fyrir félagsmenn aðildarfélaganna. ■

Persónuvernd

Mikil vinna hefur átt sér stað innan BSRB til að bregðast við breytingum á lögum um persónuvernd. Vinnan hefur verið tvískipt; annars vegar hefur hún miðað að því að tryggja að BSRB uppfylli öll skilyrði sem sett eru í nýju lögum, en hins vegar að aðstoða aðildarfélögin við að uppfylla þessi sömu skilyrði.

Hrannar Már Gunnarsson, lögfræðingur BSRB, fór yfir breytta persónuverndarlöggjöf, vinnu BSRB við innleiðingu hennar og vinnsluskrá bandalagsins á fundi formannaráðs 16. nóvember 2018. Hann fór yfir skilgreiningar á því hvað eru persónugreinanlegar upplýsingar og hvað er vinnsla persónuupplýsinga. Þá fór hann yfir hvers ber að gæta að vegna vinnslu, hvornig umfang vinnslu skal ekki vera meira en nauðsynlegt er, upplýsingar skulu fengnar í lögmætum og málefnalegum tilgangi og að eyða skuli upplýsingum þegar þeirra er ekki þörf lengur. Hrannar fór jafnframt ítarlega yfir hvornig vinnsluskrá er unnin, uppbyggingu hennar og hvaða upplýsingar þar er að finna og uppbyggingu og innihald persónuverndarstefnu.

Eftir yfirferð Hrannars kom Hörður Helgi Helgason, lögmaður hjá Landslögum og ráðgjafi BSRB í persónuverndarlöggjöfinni, á fundinn og sat fyrir

svörum. Hann var meðal annars spurður um geymslu persónuupplýsinga, notkun á „mínum síðum“ á vefsíðum aðildarféлага og fleira.

Hrannar kynnti einnig nýju persónuverndarlöggjöfina og hvaða áhrif hún hefur á daglegan rekstur bandalagsins á fundi með starfsmönnum BSRB 5. mars 2019.

Stjórn BSRB samþykkti nýja persónuverndarstefnu bandalagsins þann 8. febrúar. Stefnan hefur verið birt opinberlega á vef BSRB og er birt í heild sinni hér að neðan.

Persónuverndarstefna BSRB

BSRB leggur mikið upp úr því að tryggja öryggi persónuupplýsinga félagsmanna aðildarféлага sinna og annarra sem tengjast starfsemi. Öll meðferð persónuupplýsinga innan bandalagsins skal vera í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í því skyni hefur starfsfólk bandalagsins fengið fræðslu um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Stefna BSRB er að unnið sé með eins lítið af persónugreinanlegum upplýsingum og mögulegt er til að geta veitt þá þjónustu sem bandalaginu ber að veita aðildarfélögum sínum og félagsmönnum þeirra.

Meginhlutverk BSRB er að fara með forystu í hagsmunum og réttindabaráttu starfsmanna í almannathjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnuarkaði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og stuðla að bættu velferðarsamfélagi. Bandalagið fer með samningsrétt í sameiginlegum málum félaganna og þeim sem því er falið hverju sinni.

Meðferð persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar verða ekki notaðar í neinum öðrum tilgangi en þeirra er aflað.

BSRB áskilur sér rétt til að deila persónuupplýsingum með aðilum sem koma að tæknilegu viðhaldi eða greiðsluþjónustu (slíkir aðilar kallast héðan í frá einu nafni „þriðju aðilar“) að því marki sem nauðsynlegt er svo bandalagið geti innt þjónustu sína af hendi.

Dæmi um slíka þriðju aðila eru vinnuveitendur félagsmanna aðildarféлага BSRB. En þeir senda mánaðarlega skilagreinar til BSRB þar sem fram kemur fjárhæð greiddra félagsgjalda félagsmanna til síns stéttarfélags sem á aðild að BSRB. Bandalagið ábyrgist að nota þessar upplýsingar eingöngu í bókhaldslegum tilgangi og til að tryggja réttindi félagsmanna aðildarféлага. Upplýsingar um skilagreinar verða varðveittar án tímatakmarka. Um er að ræða að lágmarki nafn og



kennitölu launamanns, nafn og kennitölu launagreiðanda og skilatímabil.

Aðildarfélag bandalagsins geta leitað lögfræðiráðgjafar hjá BSRB vegna réttindamála félagsmanna sinna. Vegna ráðgjafarinnar er iðulega óskað eftir ráðningarsamningi, launaseðlum og öðrum skriflegum gögnum þegar slíkt er nauðsynlegt. Félagsmadurinn sækir viðkomandi upplýsingar sjálfur og afhendir sínu stéttarfélagi og veitir samþykki fyrir því að leitað verði aðstoðar lögfræðings BSRB ef félagið svo kys. Félagsmenn aðildarfélaga BSRB eiga sínar persónuupplýsingar og hafa einir aðgang að þeim ásamt starfsfólki BSRB og þess stéttarfélags sem viðkomandi á aðild að.

Eyðing persónuupplýsinga

Meginreglan er sú að persónuupplýsingum verði eytt þegar þeirra er ekki þörf lengur en í síðasta lagi við lok þess almanaksárs þegar sjö ár eru liðin frá öflun þeirra. Lögjaldasaga félagsmanns auk upplýsinga um aðstoð í kjaramálum eru aftur á móti undantekningar og verða slíkar upplýsingar varðveittar lengur en þó þannig að upplýsingarnar séu ekki persónugreinanlegar þegar þess er kostur. Öllum upplýsingum sem aflað er í sambandi við slík mál, t.d. launaseðlum og tímaskriftum, verður þó eytt í samræmi við meginregluna.

Vefhegðun og skráning á póstlista

Þegar notendur heimsækja vefsvæði BSRB kann bandalagið að safna tæknilegum upplýsingum um notkun þeirra, t.d. um tegund vafra, hvaða vefsíður notendur heimsækja á vefnum, tímann sem notendur verja á vefnum o.s.frv. Í þeim tilvikum sem persónuupplýsingar eru skráðar skuldbindum við okkur til að varðveita þær upplýsingar á öruggan hátt.

Á vef BSRB er boðið upp á skráningu á póstlista bandalagsins. Þeir sem hafa áhuga á því að skrá sig þurfa einungis að gefa upp gilt netfang. Póstlisti bandalagsins er notaður til að senda fréttabréf BSRB og aðrar upplýsingar sem við teljum mikilvægt að koma á framfæri við félagsmenn og aðra sem vilja fylgjast með starfsemi okkar.

Netföng sem skráð hafa verið á póstlista BSRB eru aldrei send utanákomandi aðilum né eru þau notuð í öðrum tilgangi en lýst hefur verið hér að ofan. Í öllum póstum sem sendir eru á póstlistann er hlekkur þar sem hægt er að afskrá netfang af póstlistanum.

Upplýsingar til þriðja aðila og bókhaldsgögn

BSRB mun ekki undir nokkrum kringumstæðum afhenda, selja eða leigja persónuupplýsingar til þriðja aðila nema slíkt sé skylt samkvæmt lögum eða samkvæmt beiðni félagsmanns.

Bókhaldsgögn eru geymd í samræmi við lög og reglur um færslu bókhalds og varðveislu þess. Að þeim tíma liðnum er þeim eytt, að undanskildum upplýsingum á skilagreinum sem er ekki eytt.

Tölfræðilegar samantektir

BSRB áskilur sér rétt til að útbúa tölfræðilegar samantektir og aðrar afleiddar upplýsingar sem án alls vafa eru ekki persónugreinanlegar og notfæra okkur þær í starfi bandalagsins, til dæmis fyrir ársskýrslu BSRB og á fundum á vegum bandalagsins.

Ábyrgð og aðgangur að persónugreinanlegum upplýsingum

BSRB ber ábyrgð á því að skráning, varðveisla og meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við gildandi lög. Allar upplýsingar sem félagsmenn aðildarfélaga BSRB láta bandalaginu í té eða upplýsingar sem BSRB sækir með þeirra leyfi til þriðja aðila eru eingöngu sóttar í þeim tilgangi að hægt sé að veita þeim þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.

Bandalagið veitir þér aðgang og afrit að gögnum í hvaða tilgangi sem er, þ.m.t. til að leiðrétta gögn ef þau eru ónákvæm eða eyða gögnum ef bandalaginu ber ekki skylda til að varðveita þau lögum samkvæmt. Beiðni um slíkt gæti þó verið hafnað ef um er að ræða tilvik sem telst vera lítilvægt eða tilefnislaust. Beiðnir um aðgang, leiðréttingu eða eyðingu má senda á netfangið bsrb@bsrb.is.

Lög og lögsaga

Þessi persónuverndarstefna fellur undir íslensk lög. Leysa skal úr ágreiningi sem kann að rísa í tengslum við persónuverndarstefnuna fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur ef ekki er hægt að leysa úr honum á annan hátt.

Breytingar persónuverndarstefnu og tengiliðaupplýsingar

BSRB áskilur sér rétt til þess að breyta og uppfæra persónuverndarstefnu þessa hvenær sem er. Tilkynnt verður sérstaklega um allar slíkar breytingar á heimasíðu BSRB.

Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum varðandi persónuverndarstefnu BSRB skaltu hafa samband við skrifstofu BSRB, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Sími: 525-8300. Netfang: bsrb@bsrb.is

Samþykkt af stjórn BSRB þann 8. febrúar 2019 ■



Ómissandi fólk

Í upphafi árs 2019 kom upp sú hugmynd að fara af stað í ljósmyndaverkefni sem hefði það að markmiði að sýna félagsmenn aðildarfélaga BSRB í vinnu. Málið var rætt í stjórn bandalagsins, sem samþykkti að hefja undirbúning og síðar koma verkefninu formlega af stað. Verkefnið fékk nafnið Ómissandi fólk, sem er vísun í mikilvægt hlutverk starfsmanna í almannabjónustu.

Með ljósmyndaverkefninu Ómissandi fólk er ætlunin að bregða ljósi á fjölbreytileika þeirra starfa sem félagsmenn aðildarfélaga BSRB sinna með því að mynda fjölda félagsmanna úr öllum félögum og um allt land við störf. Markmiðið er að sýna á myndrænan hátt hversu ómissandi okkar félagar eru fyrir samfélagið um allt land. Myndirnar verða notaðar í kynningarefni, á samfélagsmiðlum og vef bandalagsins.

Samíð var við Sigurð Ólaf Sigurðsson ljósmyndara um að taka verkefnið að sér. Hann hefur mikla reynslu af sambærilegum verkefnum og hefur meðal annars myndað félagar í Landssambandi lögreglumanna og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutninga-manna fyrir myndabókina 112 Fólkið.

Formenn bandalagsins hófu vinnu við að safna saman mögulegum þátttakendum seinni hluta febrúar. Vegna persónuverndarsjónarmiða þurfa allir sem gefa kost á sér í myndatöku að undirrita samþykki fyrir miðlun upplýsinga um þá til BSRB og ljósmyndara sem valinn verður til verksins.

Þar sem viðbúið var að mynda þyrfti mikinn fjölda félagsmanna var ákveðið að skipta verkefninu í nokkra áfanga. Þannig var hægt að byrja að mynda félagsmenn þeirra aðildarfélaga sem voru fljótir að finna áhugasama félagsmenn og gefa þeim sem áttu erfiðara með að finna fyrirsætur lengri tíma til undirbúnings. Fyrsti áfangi verkefnisins fór í gang um miðjan mars 2019. Verkefninu er ekki lokið en reiknað er með að það verði klárað fyrir lok árs 2019. ■



Samstarf

Eitt af hlutverkum BSRB er ýmiskonar samstarf við önnur heildarsamtök hér á landi sem og erlend heildarsamtök launafólks.

Samvinna á íslenskum vinnumarkaði

BSRB á í margþáttuðu samstarfi við önnur heildarsamtök á íslenskum vinnumarkaði. Fulltrúar bandalagsins eiga mánaðarlega samráðsfundi með forsvarsmönnum Bandalags háskólanna (BHM) og Kennarasambands Íslands (KÍ). Þar er fjallað um sameiginleg hagsmunamál opinberra starfsmanna og mögulega samstarfsfleti og hafa lífeyrismál verið mikið til umræðu á þeim fundum.

Bandalagið vinnur einnig reglulega með Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) vegna sameiginlegra hagsmunamála og hafa forsvarsmenn BSRB átt bæði formlega og óformlega fundi með forsvarsmönnum ASÍ undanfarið þar sem meðal annars er rætt um samtalið við stjórnvöld í aðdraganda kjarasamninga og kjarasamningsviðræðurnar sjálfar.

Erlent samstarf

Eins og undanfarin ár hefur BSRB átt í ýmiskonar samstarfi við erlend heildarsamtök launafólks. Bandalagið er aðili að Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga, ITUC, Evrópusambandi verkalýðsfélaga, ETUC, og Norræna verkalýðssambandinu, NFS. Þing sambandanna sem haldin eru á fjögurra ára fresti eru sótt, auk þess sem fylgst er með málum sambandanna annars vegar beint og hins vegar í gegnum NFS.

Mest áhersla hefur verið lögð á Norræna verkalýðssambandið, NFS, en tveir stjórnarfundir eru haldir á ári hjá sambandinu. Sonja Ýr Þorbergsdóttir tók við formennsku í stjórn NFS í byrjun árs 2019 og mun gegna embættinu til ársloka.

NFSersambandbandalagaverkalýðsfélagaáNorðurlöndunum sem hefur það hlutverk að samræma starf verkalýðsfélaga í löndunum, auka samvinnu milli landa og vinna að hagsmunum launafólks. Auk BSRB eiga ASÍ og BHM aðild að sambandinu. Ýmis stór verkefni eru framundan hjá NFS á árinu 2019, en þar ber eflaust hæst þing sambandsins, sem haldið verður í Svíþjóð í september. Á árinu á að leggja mikla áherslu á bæði jafnréttismál og umhverfismál.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, tók við stjórnarformennsku í NFS í byrjun árs 2019.



Íslensku fulltrúarnir á heimsþingi ITUC í Kaupmannahöfn.

Formaður og framkvæmdastjóri BSRB voru fulltrúar bandalagsins á heimsþingi Alþjóða verkalýðssambandsins, ITUC, í Kaupmannahöfn í desember 2018 ásamt um 1.200 öðrum fulltrúum launafólks frá 132 löndum. Á þinginu var fjallað um fjölbreytt málefni sem tengjast vinnumarkaði með einhverjum hætti, svo sem framtíðarvinnumarkaðinn og áhrif fjórðu iðn- og tæknibyltingarinnar.

BSRB hefur einnig verið aðili að Alþjóðlegum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, PSI, Evrópskum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, EPSU, og Norrænum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, NOFS.

Talsvert hefur verið rætt um tilhögun erlenda samstarfsins á fundum formannaráðs og á fundum stjórnar undanfarin misseri og hugmyndir uppi um að aðildarfélög bandalagsins taki yfir þátttöku, og samhliða því kostnað, við þátttöku í PSI, EPSU og NOFS, ásamt undirnefndum EPSU. Sameyki hefur þegar tekið að sér að sinna fundum NOFS og skipað fulltrúa í undirnefnd EPSU um ríkisstarfsmenn. Þá hefur Sjúkrliðafélag Íslands skipað fulltrúa í undirnefnd EPSU um heilbrigðismál. Reiknað er með að tekin verði ákvörðun um framtíðartilhögun samstarfsins innan tíðar.

Helga Jónsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri BSRB, átti sæti í Ráðgjafanefnd EFTA fyrir hönd BSRB og hefur Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB, tekið sæti hennar í nefndinni. Ráðgjafanefndin er skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins frá Íslandi, Noregi, Liechtenstein og Sviss og fundar nokkrum sinnum á ári. ■

Starfsumhverfi opinberra starfsmanna

Til að tryggja að félagsmenn aðildarfélaganna BSRB geti veitt sem besta þjónustu með hagsmuni almennings að leiðarljósi er mikilvægt að þeir búi alltaf við besta mögulega starfsumhverfið. Þannig þarf að huga að mannauðinum með því að gera starfsmönnum kleift að þróast í starfi og sækja sér aukna menntun, njóta sveigjanleika í starfi og aukinna möguleika til að samræma vinnu og fjölskyldulíf.

Frá 45. þingi BSRB hefur verið talsverð áhersla á 4. iðnbyltinguna og hvernig vinnumarkaðurinn muni þróast á næstu árum og áratugum. Bandalagið hefur tekið þátt í tveimur ráðstefnum um þennan málaflokk og haldið áherslum BSRB á lofti í umræðum.

Aukið álag í starfi hefur einnig verið í kastljósinu. Á málþingi sem BSRB stóð fyrir var fjallað um alvarlegar afleiðingar kulnunar í starfi og mikilvægi forvarna. Þar var sagt frá nýjum og áður óbirtum niðurstöðum rannsókna sem vöktu talsverðan áhuga fjölmiðla.

Bandalagið hefur fjallað um það víðar, í umræðum við stjórnvöld og í fjölmiðlum. Þannig skrifaði Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, grein í Fréttablaðið um miðjan desember þar sem hún lýsti áhyggjum sínum af því hvernig álagið á starfsmenn sem sinna opinberri þjónustu hafi aukist þrátt fyrir uppsveiflu í samfélaginu.

„Almannaþjónustan gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu samfélagsins. Þetta eru störfín í heil-

brigðisþjónustunni, félagsþjónustunni, menntun, löggæslu og víðar. Það má ekki veita neinn afslátt af mönnun, sér í lagi þegar skortur á starfsfólki hefur svo alvarlegar afleiðingar. Tryggja verður gott starfsumhverfi og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða vegna aukinnar slysa- og veikindafjarveru. Þetta er samfélagslegt verkefni og á því bera opinberir atvinnurekendur og stjórnvöld ábyrgð,“ skrifaði Sonja meðal annars.

Málþing um kulnun og álag í starfi

Álag í starfi og kulnun hafa verið mikið í umræðunni undanfarið og stóð BSRB fyrir málþingi þann 15. febrúar 2019 þar sem þessi málefni voru krufinn. Málþingið var gríðarlega vel sótt, um 250 gestir hlýddu á erindi og tóku þátt í umræðum og salurinn á Reykjavík Natura hótelinu þéttþakkaður.

Fyrirlesari á málþinginu var Ingibjörg Jónsdóttir, forstöðumaður Institute of Stress Medicine í Svíþjóð og prófessor við Gautaborgarháskóla. Þá kom Hljómsveitin Eva og fjallaði um reynslu sína af kulnun í bland við tónlist og gleði.

Í erindi Ingibjargar sagði hún frá nýjum niðurstöðum úr rannsóknum á bata þeirra sem greinst hafa með kulnun. Niðurstöðurnar eru ekki uppörvandi en þær sýna með skýrum hætti hversu mikilvægt er að huga að forvörnum og taka á vandanum áður en í óefni er komið.

Rannsóknirnar sýna að um þriðjungur þeirra sem kominn var með alvarlega kulnun var enn með

„Þetta segir mér að forvarnir eru eini möguleikinn, það er ekkert annað í boði,“

þar sem einkenni eftir sjö ár og hafði ekki náð að snúa aftur til vinnu. „Þetta segir mér að forvarnir eru eini möguleikinn, það er ekkert annað í boði,“ sagði Ingibjörg í erindi sínu.



Ingibjörg Jónsdóttir prófessor var fyrirlesari á málþinginu.

Hún benti á að ýmsar aðferðir sem hafa gefið góðan árangur í

því að koma í veg fyrir að fólk finni einkenni kulnunar, til dæmis hugræn atferlismeðferð, hreyfing og ýmislegt fleira, séu ekki nothæf tæki í að takast á við



Gríðarlegur fjöldi sat málþing um kulnun og álag í starfi.

ástand þeirra sem eru lengst leiddir. Þar þurfi að beita öðrum aðferðum, enda geti alvarleg kulnun haft bein áhrif á heilastarfsemi sjúklunga.

Það er því langsamlega hagkvæmast fyrir bæði einstaklingana og samfélagið að vera með öflugar forvarnir frekar en að reyna að takast á við vandann eftir að fólk hefur þróað með sér sjúkdóma vegna kulnunar.

„Þetta fjallar ekki um konur eða karla, þetta snýst um starfsumhverfið.“

verkefni, stjórnunina og aðstöðuna á vinnustaðnum.

Þetta skýrði hún með einföldu dæmi um verkaskiptingu karla og kvenna í frystihúsum fyrir einhverjum áratugum. Þar fengu konurnar gjarnan þreytu-einkenni í axlir og víðar á meðan karlar kenndu sér ekki meins. Það hafði ekkert með líkamlegt atgervi að gera heldur verkefni. Konurnar unnu við það allan daginn að flaka og ormahreinsa fisk á meðan karlarnir keyrðu lyftara. „Ég hefði ekki fengið í axlirnar

ef ég hefði fengið að keyra lyftarann,“ sagði Ingibjörg. „Þetta fjallar ekki um konur eða karla, þetta snýst um starfsumhverfið.“

Í grunnin segir Ingibjörg að einkenni kulnunar geri oftast vart við sig hjá þeim sem starfi mikið með fólki. Stór hluti af þeim hópum sem það gera á vinnumarkaði eru konur sem starfa í til dæmis í umönnunarstörfum og í kennslu. Þar sé oft gríðarlega mikið álag tengt samskiptum við fólk sem geti lagst þungt á þessar stéttir.

Ingibjörg sagði ekki hægt að finna eina lausn sem henti öllum þegar kemur að því að fyrirbyggja kulnun. Greina verði aðstæður á hverjum vinnustað og setja í ákveðið ferli. Lykilatriði sé að átta sig á því hvað valdi álaginu á starfsfólkið og vinna með það.

Framtíð vinnunnar

Norræna ráðherranefndin og Alþjóðavinnuálagstofnunin (ILO) héldu ráðstefnuna Framtíð vinnunnar í Hörpu dagana 4. og 5. apríl í tilefni af 100 ára afmæli ILO. Þar var meðal annars fjallað um hvernig auka þarf samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að undirbúa þær breytingar sem verða munu á störfum á vinnumarkaði framtíðarinnar og takast á við þær áskoranir sem því fylgja. Samhliða þurfi að halda áfram uppbyggingu velferðarkerfisins.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, tók þátt í pallborðsumræðum um jafnréttismál á ráðstefnunni.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, tók þátt í pallborðsumræðum um jafnréttismál. Þar lagði hún áherslu á að aðgerðir fylgdu orðum til þess að tryggja raunverulegt jafnrétti á vinnumarkaði og eyða kynbundnum launamun.

Á ráðstefnunni var meðal annars fjallað um niðurstöður alþjóðlegrar nefndar um framtíð vinnunnar sem framkvæmdastjóri ILO skipaði árið 2017. Verkefni nefndarinnar var að vinna ítarlega rannsókn á framtíðinni á vinnumarkaði og hvernig best megi stuðla að félagslegu réttlæti á 21. öldinni. Skýrsla nefndarinnar var birt í janúar og er öllum aðgengileg á vefnum.

ILO telur að Norðurlöndin geti verið fyrirmynd fyrir önnur lönd og veitt þeim innblástur, sagði Guy Rider, forstjóri ILO, á fundi með atvinnuáráðherra Norðurlandanna og fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Þannig hefur vinnumarkaðslíkan Norðurlandanna þann kost að vera lausnamiðað og geta lagað sig að breyttum aðstæðum. Á sama tíma stendur það vörð um samstarfið milli aðila vinnumarkaðarins sem líkanið grundvallast á.

Í skýrslu nefndar ILO eru settar fram tíu tillögur að nauðsynlegum aðgerðum. Ein af þeim er að þjóðir heims innleiði umbætur sem tryggja raunverulegt kynjajafnrétti á vinnumarkaði. Þar er bent á mikilvægi þess að fjárfesta í fæðingarorlofi og umönnunarúræðum fyrir börn og aldraða.

Norræna ráðherranefndin hefur einnig fjármagnað rannsókn á breytingum á vinnumarkaðinum á öllum Norðurlöndunum. Niðurstöður rannsóknarinnar í heild eru ekki komnar en hægt að fræðast um ýmsa þætti sem búið er að taka saman. Meðal annars hefur verið metið hvernig norræna módelið er undir það búið að taka á hugsanlegum breytingum á næstu árum og áratugum. Á ráðstefnunni var til dæmis fjallað um áhrif þess að starfsmenn fái tölvu- og símtöl utan vinnutíma og neikvæð áhrif þess á andlega líðan. ■



Stytting vinnuvikunnar

Áherslur BSRB um styttingu vinnuvikunnar án launskerðingar var í forgrunni á 45. þingi bandalagsins og hefur verið þung áhersla á að ná fram þessu baráttumáli í kjölfar þingsins. Tilraunaverkefni með Reykjavíkurborg annars vegar og ríkinu hins vegar hafa haldið áfram. Verkefnið með Reykjavíkurborg nær þegar til um þriðjungs starfsmanna borgarinnar og undirbúningur fyrir lokaskýrslu fyrir verkefni ríkisins er nú í undirbúningi.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, fjallaði um styttingu vinnuvikunnar á ráðstefnu Félagsmálaráðuneytisins um vinnumarkað framtíðarinnar í nóvember 2018. Þá hélt hún erindi um niðurstöður tilraunaverkefnis ríkisins um styttingu vinnuvikunnar á málþingi um styttingu vinnuvikunnar sem Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, stóð fyrir um miðjan janúar, eins og fjallað er hér að neðan.

Kröfunni um styttingu vinnuvikunnar hefur verið haldið á lofti í fjölmiðlum, í samtölum við stjórnmál og við undirbúning kjarasamningsviðræðna. Sonja skrifaði meðal annars áramótagein í Kjarnann í lok árs 2018 þar sem hún fór yfir stöðuna og hvatti til þess að árið 2019 verði árið sem samið verði um styttingu vinnuvikunnar. Þá skrifaði hún grein í Mannlíf í mars 2019 lagði hún áherslu á að styttingin verði að veruleika í kjarasamningum þorra aðildarfélaga bandalagsins, sem þá voru um það bil að losna.

Bandalagið fékk umboð frá aðildarfélögnum til að semja sameiginlega um þennan málaflokk í kjarasamningsviðræðum, eins og fjallað er um í kafla um kjaramál hér að ofan.

Ráðstefna um vinnumarkað framtíðarinnar

BSRB tók þátt í ráðstefnunni Forskot til framtíðar sem fór fram á Hilton hóteli Nordica 2. nóvember 2018. Á ráðstefnunni, sem haldin var af Velferðaráðuneytinu, var fjallað um vinnumarkað framtíðarinnar með áherslu á möguleg áhrif breyttrar heimsmyndar á náms- og atvinnutækifæri ungs fólks.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, var einn frum-mælenda á ráðstefnunni. Í erindi sínu fjallaði Sonja um vinnuhverfi framtíðarinnar og hvernig stytting vinnuvikunnar er hluti af þeirri framtíð. Hluti af undirbúningi fyrir framtíðarvinnumarkaðinn sé að stuðla að jöfnuði í skiptingu vinnutíma. Hún lýsti tilraunaverkefnum sem BSRB hefur staðið fyrir ásamt Reykjavíkurborg og ríkinu og sagði tíma kominn á næsta skref.

Sonja benti á hvernig stytting vinnuvikunnar hefur dregið úr álagi í starfi, aukið starfsánægju og bætt starfsanda á vinnustöðum án þess að dregið hafi úr afköstum. Í líflegum umræðum eftir erindi Sonju sagðist hún telja víst að samið yrði um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningum aðildarfélaga BSRB, sem og í samningum félaga á almenna vinnumarkaðinum.

Málþing um styttingu vinnuvikunnar

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, stóð fyrir málþingi um styttingu vinnuvikunnar þann 12. janúar 2019, með fjárhagslegum stuðningi BSRB og annarra aðila vinnumarkaðarins. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, var einn fyrirlesara á málþinginu. Hún fjallaði um niðurstöður úr tilraunaverkefni ríkisins og BSRB um styttingu vinnuvikunnar, sem sýna að verulega dregur úr álagi á starfsfólk og andleg og líkamleg streitueinkenni minnka þegar vinnuvikan er styttd úr 40 stundum í 36.

Niðurstöður rannsóknar sem gerð var eftir að tilraunaverkefnið hafði verið í gangi í ár sýndu að einkenni álags minnka hjá starfsfólki, dregið hafði úr kulnun og líðan bæði í vinnunni og heima hafði batnað. Niðurstöðurnar úr sam-bærilegu tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg voru afar svipaðar.

Þannig dróst það álag sem starfsfólkið á tilraunavinnustöðum ríkisins upplifði saman um 15 prósent frá því verkefnið hófst á meðan álagið á vinnustöðum þar sem vinnutíminn var óbreyttur jókst lítillega. Að sama skapi dró úr andlegum streitueinkennum um 19 prósent á meðan þau jukust um nærri átta prósent á samanburðarvinnustöðunum. Á sama tímabili jókst starfsánægja umtalsvert á meðan heldur dró úr henni á samanburðarvinnustöðunum og starfsandinn batnaði, sagði Sonja í erindi sínu.

Þar benti hún jafnframt á að þrátt fyrir að starfsfólk ynni styttri vinnuviku hafi ekki dregið úr framleiðni, nema síður sé. „Það er ekki að sjá, hvorki hjá ríkinu né Reykjavíkurborg, að þetta sé að hafa nein áhrif á afköst fólks,“ sagði Sonja í erindi sínu á málþinginu. ■

„Það er ekki að sjá, hvorki hjá ríkinu né Reykjavíkurborg, að þetta sé að hafa nein áhrif á afköst fólks.“



Umsagnir um þingmál

BSRB veitir umsagnir um fjölda þingmála á hverju þingi. Þau mál sem bandalagið veitir umsagnir um eru almennt mál sem hafa með einhverjum hætti áhrif á hagsmuni félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins. Jafnframt mæta fulltrúar bandalagsins fyrir þingnefndir til að skýra afstöðu þess betur í stærri málum. Listi yfir þær umsagnir sem BSRB hefur sent Alþingi frá 45. þingi bandalagsins er hér að neðan. Hægt er að lesa umsagnirnar í heild sinni á vef bandalagsins. Allar umsagnir sem bandalagið veitir eru öllum aðgengi- legar á vefnum. ■

- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð)
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum (stytting vinnutíma)
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um kjararáð (launafyrirkomulag), 413. mál
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um kynjavakt Alþingis
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 (markviss innkaup, keðjuábyrgð o.fl.), 442. mál
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144, 570. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (sálfræðimeðferð), 513. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið og lögum um 40 stunda vinnuviku (starfsemi á helgidögum), 549. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (þrenging ákvæðis um hatusorðræðu), 543. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað (starfskostnaður), 107. mál




Kynjabókhald

Í stefnu BSRB um jafnréttismál, sem var uppfærð og samþykkt á 45. þingi bandalagsins segir að jafnrétti skuli haft að leiðarljósi í allri starfsemi bandalagsins. Ávallt er lögð mikil áhersla á að gæta að því að kynjahlutföll séu sem jöfnust í starfsemi bandalagsins, til dæmis við val á ræðumönnum á fundum og í málstofum, gestum nefnda og annarsstaðar.





Ekki hafa orðið miklar breytingar á kynjahlutföllum meðal félagsmanna BSRB. Í janúar 2019 voru félagsmenn alls 22.225, og hafði fjölgað um þrjú prósent milli ára. Um 65,7 prósent voru konur, en hlutfallið var 66 prósent árið 2018.

Hlutfall kynja í stjórn BSRB er einsjöfn og mögulegt er. Þar sitja fjórar konur og fimm karlar, en fyrir 45. þing bandalagsins sátu þar fimm konur og fjórir karlar. Af fjórum varamönnum eru þrjár konur og einn karlmaður.

Í formannaráði BSRB eiga sæti allir formenn aðildarféлага bandalagsins auk formanns BSRB. Eftir samningu SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í Sameyki fækkaði um einn í ráðinu. Af 25 fulltrúum í formannaráðinu er 15 karlar og 10 konur. Karlar eru því 60 prósent fulltrúa í formannaráði en konur 40 prósent. Hlutföllin eru svipuð og þau voru á 45. þingi bandalagsins í október 2018.



Kynjahlutföllin í starfsnefndum bandalagsins eru í ágætu samræmi við hlutföllin meðal félagsmanna aðildarfélaganna. Í starfsnefndum sem starfa munu frá 2018 til 2021 eru um 60 prósent konur en um 40 prósent karlar. Hlutföllin voru svipuð í nefndunum sem störfuðu fyrir 45. þing BSRB, þá voru um 58 prósent konur en 42 prósent karlar. Nokkur munur er þó á milli nefnda, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. ■



Nefndarstörf

Starfsnefndir BSRB

Stjórn BSRB hefur það hlutverk að skipa starfsnefndir bandalagsins eftir þing. Í kjölfar 45. þings bandalagsins í október 2018 lagði stjórnin drög að nefndarstarfi með því að skilgreina verkefni og raða þeim niður á nefndir. Ákveðið var að fimm starfsnefndir verði starfræktar hjá BSRB fram að 46.

þingi árið 2021; kjaranefnd, jafnréttisnefnd, menntanefnd, velferðarnefnd og réttindanefnd. Þá ákvað stjórnin að koma á laggirnar sérstökum starfshópi um umhverfismál.

Óskað var eftir tilnefningum í starfsnefndirnar og starfshópin frá aðildarfélögum bandalagsins og fjallað um tilnefningarnar á fundum stjórnar. Á stjórnarfundum þann 8. febrúar var skipað í nefndirnar og ákveðið hvaða starfsmenn bandalagsins skuli starfa með hverri nefnd. Í kjölfarið funduðu nefndirnar í fyrsta sinn, ræddu verkefni framundan og skipuðu starfsemina. ■

Jafnréttisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í jafnréttismálum. Formaður jafnréttisnefndar er Helga Hafsteinsdóttir og starfsmaður Dagný Aradóttir Pind lögfræðingur BSRB.

Nefndarfolk: Birna Kjartansdóttir FOSS, Bryngeir A. Bryngeirsson Sameyki, Freydis Anna Ingvarsdóttir SLFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Hrafnhildur Pálsdóttir STH, Kristín Sigurðardóttir Kjölur, Marta Ólöf Jónsdóttir SFK, Sólveig Jónasdóttir Sameyki.
Tengiliðir: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Sandra B. Franks SLFÍ.

Réttindanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að taka til umfjöllunar þau mál sem aðildarfélag skjóta til BSRB varðandi túlkun á réttindamálum sem eru almenn fyrir aðildarfélögin. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni félaganna. Formaður réttindanefndar er Arna Jakobína Björnsdóttir og starfsmaður Hrannar Már Gunnarsson lögfræðingur BSRB.

Nefndarfolk: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Árný Erla Bjarnadóttir FOSS, Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ, Halldór Gunnarsson Sameyki, Hermann Sigurðsson LSS, Karl Rúnar Þórsson STH, Lilja Magnúsdóttir SDS, Rita Arnfjörð SFK, Stefania J. Nilsen Sameyki.
Tengiliðir: Birna Friðfinnsdóttir TFI, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Sandra B. Franks SLFÍ.

Kjaranefnd

Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í kjaramálum, efnahags- og skattamálum, atvinnumálum, lífeyrismálum og húsnæðismálum. Formaður kjaranefndar er Garðar Hilmarsson.

Nefndarfolk: Atli Bachmann PFÍ, Árni Egilsson Kjölur, Ásbjörn Sigurðsson FOSS, Garðar Hilmarsson Sameyki, Guðbrandur Jónsson FSS, Ingvar Reynisson STH, Jón Gísli Ragnarsson TFI, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir SLFÍ, Kári Örn Óskarsson FIF, Kristjana Árnadóttir SDS, Rita Arnfjörð SFK, Sverrir Björn Björnsson LSS, Þórarinn Eyfjörð Sameyki.
Tengiliðir: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Ramuné Kamarauskatí Sameyki, Sandra B. Franks SLFÍ.

Velferðarnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í heilbrigðismálum, almannaþjónustunni og almannatryggingum ásamt velferðarmálum og starfsumhverfi opinberra starfsmanna. Formaður velferðarnefndar er Sandra Franks og starfsmaður Hrannar Már Gunnarsson lögfræðingur BSRB.

Nefndarfolk: Guðmunda Wium SDS, Guðrún Elin Björnsdóttir SLFÍ, Herdis Jóhannsdóttir Sameyki, Hólmfríður Guðlaug Jónsdóttir Kjölur, Jóhannes Ævar Hilmarsson STK, Sandra B. Franks SLFÍ, Sigrún Ómarsdóttir PFÍ, Svala Ósk Sævarsdóttir FOSS, Vésteinn Valgarðsson Sameyki.

Menntanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í menntamálum. Hlutverk nefndarinnar er jafnframt að taka til umfjöllunar álitaefti sem snúa að framtíð vinnumarkaðar (4. iðnbýltingin). Formaður menntanefndar er Karl Rúnar Þórsson og starfsmaður Dagný Aradóttir Pind lögfræðingur BSRB.

Nefndarfolk: Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Ingibjörg Sif Fjelsted Sameyki, Jófríður Magnúsdóttir SDS, Karl Rúnar Þórsson STH, Kristín Erna Leifsdóttir FOSS, Málfríður Anna Gunnlaugsdóttir SFK, Unnur Sigmarsdóttir STAVEY, Þórveig Þormódsdóttir FSS, Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki.
Tengiliðir: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Sandra B. Franks SLFÍ.

Starfshópur um umhverfismál

Hlutverk starfshópsins er að taka til umfjöllunar stefnu BSRB í umhverfismálum. Starfshópurinn gerir stjórn reglulega grein fyrir störfum sínum.

Nefndarfolk: Guðmundur Freyr Sveinsson Sameyki, Jón Ingi Cæsarsson PFÍ, Ómar Örn Jónsson Kjölur.
Tengiliðir: Rita Arnfjörð SFK.



Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum

Fulltrúar BSRB eiga sæti í ýmsum nefndum og ráðum hérlendis og erlendis, þar sem þeir gæta hagsmuna félagsmanna aðildarféлага bandalagsins.

Innlendar nefndir

BSRB skipar fulltrúa í ýmsar nefndir, ráð, stjórnir, stýrihópa og annað sem fellur að starfsemi bandalagsins. Listi yfir þær nefndir og þau ráð, ásamt þeim fulltrúum bandalagsins sem í þeim sitja, fer hér á eftir.

Yfirkjörstjórn
Aðal: Árni Egilsson Kili, Gissur Guðmundsson Landssambandi lögreglu-manna, Gréta Húnfjörð Sameyki Vara: Lilja Magnúsdóttir Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu, Hlöðver Sigurðsson Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar og Edda R. Davídsdóttir Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar
Félagamiðstöðin
Aðal: Þórarinn Eyfjörð Sameyki formaður, Magnús Már Guðmundsson, Sigrún Ómarsdóttir, Snorri Magnússon Vara: Ása Clausen, Guðlaug Hreinsdóttir, Jón Ingi Cæsarsson, Sólvéig Jónasdóttir
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, LSR
Aðal: Árni Stefán Jónsson Sameyki, Þórveig Þormódsdóttir FSS Vara: Guðrún Árnadóttir LL, Kristín Á. Guðmundsdóttir SLFÍ
Brú lífeyrissjóður
Aðal: Sonja Yr Þorbergsdóttir BSRB, Gardar Hilmarsson Sameyki Vara: Anna María Gunnarsdóttir BSRB, Magnús Smári Smáráson LSS
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
Aðal: Reynir Þorsteinsson PFÍ Vara: Hranar Már Gunnarsson BSRB
Bakhópur BSRB um lægri lífeyristökualdur
Sandra B. Franks SLFÍ, Snorri Magnússon LL, Magnús Smári Smáráson LSS, Birna Friðfinnsdóttir TFÍ, Arna Jakobína Björnsdóttir KJÖLUR, Árni Stefán Jónsson Sameyki, Gardar Hilmarsson Sameyki, Kári Örn Óskarsson FIF
Uppstillinganefnd landssambands lífeyrissjóða
Magnús Már Guðmundsson BSRB
Félagsmáskóli alþjóðu skólafélag
Aðal: Karl Rúnar Þórsson STH Vara: Þórveig Þormódsdóttir FSS
Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina
Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir KJÖLUR, Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki Vara: Karl Rúnar Þórsson STH, Svala Ósk Sævarsdóttir FOSS, Edda Ragna Davídsdóttir STAMOS
Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina 2019-2021
Aðal: Ríta Arnfjörð St.Kóp. Vara: Sigrún Ómarsdóttir PFÍ
Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina
Aðal: Védis Guðjónsdóttir Sameyki Vara: Jón Ingi Cæsarsson PFÍ
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Aðal: Karl Rúnar Þórsson STH Vara: Þórveig Þormódsdóttir FSS
Stjórn Fræðslusjóðs
Aðal: Gardar Hilmarsson Sameyki Vara: Birna Ólafsdóttir SLFÍ

Stjórn Virk
Aðal: Gardar Hilmarsson Sameyki Vara: Sonja Yr Þorbergsdóttir BSRB
Samráðshópur um fagháskólanám
Aðal: Þórarinn Eyfjörð Sameyki Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir KJÖLUR
Verkefnastjórn um fagháskólanám
Aðal: Birna Ólafsdóttir SLFÍ Vara: Karl Rúnar Þórsson STH
Vinnuvertilrík ríkisins, stjórn
Aðal: Sverrir Björn Björnsson LSSVara: Bryndís Theódórsdóttir Sameyki
Vinnuálastofnun, stjórn
Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur Vara: Hranar Már Gunnarsson BSRB
Vinnuáskráráð höfuðborgarsvæðisins
Aðal: Páll Svavarsson Sameyki Vara: Jófríður Hanna Sigfúsdóttir St.Kóp
Vinnuáskráráð Vesturlands
Aðal: Helga Hafsteinsdóttir SDS Vara: Ingvaldur Jónsdóttir Sameyki
Vinnuáskráráð Vestfjarða
Aðal: Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir FOS-Vest Vara: Helga Rebekka Stígsdóttir Kjölur
Vinnuáskráráð Norðurlands vestra
Aðal: Árni Egilsson Kjölur Vara: Vernharð Guðnason LSS
Vinnuáskráráð Norðurlands eystra
Aðal: Anna Rósa Magnúsdóttir KJÖLUR Vara: Reynir Stefánsson PFÍ
Vinnuáskráráð Austurlands
Aðal: Baldur Baldursson St.Fjarðabyggðar Vara: Hafsteinn Ólason FOS-Aust.
Vinnuáskráráð Suðurlands
Aðal: Stefania Geirsdóttir FOSS Vara: Unnur Sigmarsdóttir Stavey
Vinnuáskráráð Suðurnesja
Aðal: Stefán B. Ólafsson St. Suðurn. Vara: Ingvar Georg Georgsson LSS
Nefnd um vinnustaðanámssjóð
Aðal: Birna Ólafsdóttir SLFÍ Vara: Karl Rúnar Þórsson STH
Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta
Berglind Margrét Njálisdóttir TFÍ, Gardar Hilmarsson Sameyki
Ferðakostnaðarnefnd
Guðmundur F. Guðmundsson Sameyki

Félagsdómur
Bergþóra Ingólfsdóttir
Jafnréttisráð
Aðal: Þórunn Sveinbjörnsdóttir BHM, Marianna Traustadóttir ASÍ Vara: Hlöðver Sigurðsson BSRB, Jóhann R. Sigursson ASÍ
Stýrihópur um velferðarvakt
Aðal: Jón Ingi Cæsarsson PFÍ Vara: Edda Davídsdóttir STAMOS
Nefnd skv. 27. grein starfsmannalaga
Sonja Yr Þorbergsdóttir BSRB
Stýrihópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launa-skerðingar hjá Reykjavíkurborg
Aðal: Magnús Már Guðmundsson BSRB Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Samráðshópur um launatölfraedi vegna samunburðar launa á opinberum og almennum markaði
Aðal: Árni Stefán Jónsson SFR Vara: Kristinn Bjarnason BSRB
Aðgerðahópur stjórnvalda og aðila vinnuáskráráðs um launa-jafnrétti
Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Kristinn Bjarnason BSRB
Starfshópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma (ríkið)
Aðal: Magnús Már Guðmundsson BSRB Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Starfshópur vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016
Aðal: Sandra B. Franks SLFÍ Vara: Birna Friðfinnsdóttir TFÍ
Stjórn húsnæðismálasjóðs
Aðal: Magnús Norðdal ASÍ Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir BSRB
Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnuáskráráðs (ILO)
Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Hranar Már Gunnarsson BSRB
Samráðsnefnd til undirbúnings ráðstefnu í tilefni aldarafmælis Alþjóðavinnuáskráráðs (ILO) árið 2019
Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Hranar Már Gunnarsson BSRB
Bjarg íbúðarfélag, stjórn
Sonja Yr Þorbergsdóttir BSRB, Árni Stefán Jónsson Sameyki, Gardar Hilmarsson Sameyki
Fulltrúaráð Bjargs íbúðafélags
Sara B. Franks SLFÍ, Arna Jakobína Björnsdóttir KJÖLUR, Ásbjörn Sigurðsson FOSS, Þórarinn Eyfjörð Sameyki, Jakobína Þórdardóttir Sameyki, Karl Rúnar Þórsson STH
Nefnd sem metur umfang kynferðislegar áreitni o.fl.
Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Þorsteinn V. Einarsson Sameyki

Nefnd félags- og jafnréttismálaráðherra í því skyni að bregðast við athugasemdum CRECO varðandi skilpan dómara í Félagsdóm
Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Sonja Yr Þorbergsdóttir BSRB
Samráðshópur um undirbúnings ráðstefnu um vinnuáskráráð
Brjánn Jónsson BSRB
Samráðshópur sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnuáskráráði
Aðal: Hranar Már Gunnarsson BSRB Vara: Edda R. Davídsdóttir STAMOS
Nefnd um réttindi starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)
Aðal: Hranar Már Gunnarsson BSRB Vara: Bryndís Theódórsdóttir Vinnuáskráráðs
Höfundaréttarráð
Aðal: Guðrún Sigurbjörnsdóttir Sameyki Vara: Björn Þór Sigbjörnsson Sameyki/rúv
Aðgerðahópur félags- og jafnréttismálaráðherra í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustaðum
Aðal: Sonja Yr Þorbergsdóttir BSRB Vara: Þorsteinn V. Einarsson Sameyki
Tækninefnd um endurskoðun á jafnlaunastadli
Dagný Aradóttir Pind BSRB
Ráðgjafarnefnd Landspítalans
Sonja Yr Þorbergsdóttir BSRB
Erlendar nefndir
Fulltrúar BSRB taka þátt í samstarfi með ýmsum erlendum samtökum. Listi yfir samtök og fulltrúa bandalagsins fer hér á eftir.
NFS
Aðal: Sonja Yr Þorbergsdóttir Vara: Árni Stefán Jónsson
ETUC
Aðal: Sonja Yr Þorbergsdóttir Vara: Magnús Már Guðmundsson
NOFS
Aðal: Árni Stefán Jónsson Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir
EPSU
Aðal: Árni Stefán Jónsson Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir
EPSU nefnd um heilbrigðis- og velferðarmál
Sandra B. Frank
EPSU nefnd um ríkisrekstur
Árni Stefán Jónsson
PSI
Aðal: Sonja Yr Þorbergsdóttir Vara: Árni Stefán Jónsson
Ráðgjafarnefnd EFTA
Dagný Aradóttir Pind




Félagatal BSRB janúar 2019

Heiti aðildarfélags	Fjöldi félagsmanna	Konur	Karlar
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	452	123	329
Félag íslenskra flugumferðarstjóra	146	42	104
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	169	124	45
FOSS - stéttarfélag í almannabjónustu	984	768	216
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	265	190	75
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	208	153	55
Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu	1.040	726	314
Landssamband lögreglumanna	757	171	586
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	442	24	418
Póstmannafélag Íslands	845	420	425
Sameyki-stéttarfélag í almannabjónustu	10.666	6.852	3.814
Sjúkraliðafélag Íslands	1.993	1.935	58
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu	357	280	77
Starfsmannafélag Fjallabyggðar	81	64	17
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar	56	38	18
Starfsmannafélag Gardabæjar	596	445	151
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	621	420	201
Starfsmannafélag Húsavíkur	81	54	27
Starfsmannafélag Kópavogs	1.023	767	256
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	380	278	102
Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins	43	24	19
Starfsmannafélag Suðurnesja	659	489	170
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar	244	175	69
Tollvarðafélag Íslands	117	29	88
Samtals	22.225	14.591	7.634

2020

SKÝRSLA STJÓRNAR





Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, fór yfir skýrslu stjórnar á aðalfundi BSRB sem haldinn var 10. maí 2019.

Starfsemi BSRB

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Bandalagið var stofnað 14. febrúar 1942 af fjórtán stéttarfélagum sem voru með samtals um 1.550 félagsmenn. Bandalagið hefur vaxið mikið síðan og í dag eru aðildarfélag BSRB 23 talsins með um það bil 22.000 félagsmenn. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur.

Hlutverk BSRB er einkum að leiða hagsmuna- og réttindabaráttu launafólks sem starfar í almannabjónustunni, hvort sem er hjá ríkinu eða sveitarfélögum. Þá gætir bandalagið einnig hagsmuna launafólks sem starfar á almennum vinnumarkaði hjá opinberum hlutafélögum. Bandalagið hefur það hlutverk að gæta hagsmuna félagsmanna aðildarféлага gagnvart atvinnurekendum, stjórnvöldum og sveitarstjórn-

um vítt og breitt um landið og stuðla að bættu velferðarsamfélagi og auknum jöfnuði. Bandalagið fer jafnframt með samningsrétt í sameiginlegum málum félaganna og þeim málum sem því er falið hverju sinni.

BSRB vinnur einnig að því að styðja og efla aðildarfélögin. Það getur til dæmis verið við gerð kjarasamninga eða með því að gæta hagsmuna félagsmanna þeirra á breiðari grundvelli. Þá vinnur bandalagið að enn frekari samstöðu meðal aðildarféлага og stuðlar að jafnræði þeirra í framkvæmd þjónustu til félagsmanna.

Fræðslu-, upplýsinga- og menningarstarfsemi er einnig stór þáttur í hlutverki BSRB auk þess að tryggja réttindi og jafna meðferð launafólks á vinnumarkaði. Þá vinnur bandalagið að auk-

inni samstöðu, samstarfi og tengslum í stéttarfélagsmálefnum innanlands og erlendis.

Þing BSRB eru haldin þriðja hvert ár. Þingin fara með æðsta vald í öllum málum bandalagsins, móta stefnu þess og þar er kosið í helstu embætti. Síðasta þing bandalagsins, það 45. í röðinni, var haldið 17. til 19. október 2018. Þingið kaus formann, tvo varaformenn og stjórnarmenn sem stýra starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir þar til næsta þing verður haldið, haustið 2021. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum BSRB milli þinga og aðalfunda.

Stjórnin vinnur í samræmi við stefnumörkun síðasta þings og stefnumótandi ákvarðanir formannaráðs bandalagsins. Í formannaráði

Aðalfundur BSRB 2019

Aðalfundur BSRB var haldinn 10. maí 2019. Á fundinum fór Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður bandalagsins, yfir skýrslu stjórnar BSRB frá þingi bandalagsins 17. til 19. október 2018. Hún fór í stuttu máli yfir starfið á 45. þingi BSRB og minntist sérstaklega á vinnuna í málefnaþópum þingsins sem fjölluðu um vinnumarkað og starfsumhverfi, vinnumarkað framtíðarinnar, velferðarmál og fjölskylduvænna samfélag. Af- raksturinn af málefnavinnu þingsins birtist meðal annars í ályktunum sem þingið samþykkti og nýrri stefnu BSRB.

Hún fór yfir störf og verkefni formannaráðs, stjórnar og skrifstofu og helstu verkefni banda-



Aðalfundur BSRB 2019 var vel sóttur.

eiga sæti allir formenn aðildarféлага BSRB, og ráðið kemur saman að minnsta kosti þrisvar á ári, oftast ef þurfa þykir. Formannaráðið mót- ar stefnu og megináherslu í málum sem upp kunna að koma á milli þinga, auk þess sem það er mikilvægur samráðsvettvangur aðildarféлага bandalagsins. Formannaráðið fylgir eftir framkvæmd samþykktu þingsins og annarra mála sem vísað er til þess af þingi BSRB. Stjórn BSRB getur jafnframt lagt ákvörðun um stefnumótun bandalagsins fyrir ráðið.

Samkvæmt lögum BSRB skal halda aðalfund bandalagsins árlega fyrir 1. júní ár. Aðalfundar- fulltrúar eru formenn aðildarféлага bandalags- ins, auk þess sem félagin fá einn aðalfundar- fulltrúa til viðbótar fyrir hverja 400 félagsmenn. Á aðalfundum BSRB er meðal annars farið yfir skýrslu stjórnar, reikninga bandalagsins og fjárhagsáætlun. Þá samþykkir fundurinn framkvæmdaáætlun til næsta aðalfundar.

Í samkomulaginu, sem undirritað var í september 2016, kemur fram að vinna skuli að því að jafna kjör á opinberum og almennum vinnumarkaði og hefur starfshópurinn unnið að því markmiði.

lagsins sem unnið hefur verið að á því hálfu ári sem liðið er frá þinginu tengd styttingu vinnu- vikunnar, húsnæðismálum og kjaramálum. Jafnframt nefndi hún starfsumhverfi opinberra starfsmanna, jafnréttismál og innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar.



Að lokinni yfirferð yfir starfsemina frá þinginu voru reikningar bandalagsins lagðir fram til umræðu. Sólveig Jónasdóttir, fjármálastjóri BSRB, fór yfir reikningana og voru þeir að því loknu bornir upp til samþykktar og samþykktir á fundinum.

Eftir umræðu um reikningana fór Sonja Ýr yfir framkvæmdaáætlun til aðalfundar 2020 sem unnin hafði verið í stjórn og starfsnefndum bandalagsins. Þá kynnti Sólveig fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 sem var borin upp til samþykktar og samþykkt á fundinum.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum kom Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, og kynnti vinnu starfshóps vegna 7. greinar lífeyrissamkomulagsins um jöfnun launa milli markaða. Í samkomulaginu, sem undirritað var í september 2016, kemur fram að vinna skuli að því að jafna kjör á opinberum og almennum vinnumarkaði og hefur starfshópurinn unnið að því markmiði. Katrín fór yfir stöðuna hjá hópnum og vandamál sem upp höfðu komið vegna skorts á gögnum, einkum tengt almenna vinnumarkaðinum. Hún sagði vinnuna ganga vel en taldi ljóst að á endanum þurfi að útkljá málið við kjarasamningsborðið. ■

Ályktanir aðalfundar 2019

Ályktun aðalfundar BSRB um heilbrigðismál

Aðalfundur BSRB varar við því að aukið verði við einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu enda yrði það þvert á vilja mikils meirihluta þjóðarinnar. Rannsóknir sýna að einkarekstur dregur ekki úr kostnaði hins opinbera. Einkarekstur torveldar stjórnvöldum yfirsýn yfir daglegan rekstur og að taka stefnumótandi ákvarðanir um forgangsröðun og skipulag heilbrigðiskerfisins í þágu almanna-hagsmuna.

Stjórnvöld eiga þvert á móti að byggja upp opinbera þjónustu á Landspítalanum, heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og heilsugæslunni. Halda verður áfram markvissu átaki til að vinna niður biðlista eftir aðgerðum. Byggja þarf upp þekkingu í opinbera heilbrigðiskerfinu svo hægt sé að miðla henni til nýrra kynslóða heilbrigðisstarfsfólks með markvissum hætti.

Aðalfundur BSRB hvetur stjórnvöld til að gera nauðsynlegar úrbætur á starfsumhverfi starfsfólks í heilbrigðiskerfinu. Draga þarf úr álagi á starfsfólkið, hækka laun og minnka neikvæð áhrif vaktavinnu með því að stytta vinnuvikuna. Gera þarf stofnanir sem eru hluti af heilbrigðiskerfinu að aðlaðandi vinnustöðum fyrir vel menntað og öflugt starfsfólk til að tryggja nauðsynlega endurnýjun.

Ályktun aðalfundar BSRB um kjarasamninga

Aðalfundur BSRB leggur áherslu á að samið verði um bætt starfsumhverfi opinberra starfsmanna í þeim kjarasamningsviðræðum sem nú eru í gangi. Bregðast verður hratt við aukinni tíðni veikinda vegna langvarandi streitu og kulnunar sem hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir einstaklinga og gríðarlegan kostnað fyrir samfélagið.

Meðal aðgerða sem mun bæta starfsumhverfið er stytting vinnuvikunnar. Niðurstöður tilraunaverkefna sýna fram á ótvíræðan ávinning bæði fyrir starfsfólk og vinnustaði. Aðalfundur BSRB telur ekki eftir neinu að biða og að stytta eigi vinnuvikuna með skýrum hætti í kjarasamningum við ríki og sveitarfélög. Sérstaklega er brýnt að stytta vinnuviku vaktavinnufólks enda ljóst að álagið sem fylgir vaktavinnu hefur afar slæm áhrif á heilsu starfsfólksins. ■



Formannaráð BSRB er skipað öllum formönnum aðildarfélaga bandalagsins.

Formannaráð BSRB

Formenn allra aðildarfélaga skipa formannaráð BSRB. Formaður bandalagsins er jafnframt formaður ráðsins. Eins og tilgreint er í lögum BSRB fundar formannaráðið að lágmarki þrisvar á ári en hægt er að boða til aukafundar ef þurfa þykir. Frá aðalfundi þann 10. maí 2019 fram til aðalfundar 28. maí 2020 fundaði ráðið þrisvar.

Fyrsti fundur eftir aðalfundinn í maí 2019 var haldinn föstudaginn 13. september 2019. Á fundinum fór Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, sem þá var nýtekin við stöðu hagfræðings BSRB, yfir helstu atriðin í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Að því loknu fór Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, yfir stöðuna í kjaraviðræðum bandalagsins, en kjarasamningar þorra aðildarfélaga losnuðu 1. apríl 2019 og höfðu samningaviðræður staðið yfir frá því áður en samningar runnu út.

Eftir umræðu um kjarasamninga fór Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, yfir stöðuna í vinnu starfshóps sem hefur haft launamun milli markaða til skoðunar. Þá fjallaði Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfé-

laga, um sameiningu sveitarfélaga og stefnumótandi áætlun ríkisins í málefni sveitarfélaga.

Annar fundur formannaráðs frá aðalfundi var haldinn föstudaginn 15. nóvember 2019. Kjaraviðræðurnar voru stóra málið á fundinum, enda kjarasamningsviðræður verið í gangi frá því snemma árs. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, fór yfir stöðuna í kjaraviðræðunum og útlistaði helstu ágreiningsmál sem tekist hafði verið á við kjarasamningsborðið. Helsti árangurinn sem náðst hafði fram að því var þegar drög að samkomulagi um styttingu vinnuvikunnar hjá dagvinnufólk voru klárð, en enn voru mörg stór mál óleyst. Meðal þeirra mála sem enn voru til umfjöllunar við kjarasamningsborðið voru orlofsmál, framlag í sjúkra- og styrktarsjóði, jöfnun launa milli markaða, launaþróunartrygging, starfsumhverfi og skil milli vinnu og einkalífs.

Þriðji fundur formannaráðs frá síðasta aðalfundi var haldinn föstudaginn 14. maí, á þeim tíma sem samkomubann var enn í gangi vegna COVID-19 faraldursins. Eftir 4. maí miðaðist samkomu-



bannið við 50 manns, en enn krafa um tveggja metra bil milli fólks. Í því ljósi, og til að gæta fyllsta öryggis var fundurinn haldinn í gegnum fjárfundarbúnað. Á fundinum var meðal annars rætt um kjarasamninga og kjaramál, en þar sem þessi skýrsla var farin í umbrot og prentun þegar fundurinn var haldinn er ekki unnt að segja meira frá efni hans eða umræðum hér.

Formannaráð- ið skipa eftirtalin

- Arna Jakobína Björnsdóttir – Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu
- Arnar Hjálmsósson – Félag íslenskra flugumferðarstjóra
- Árni Stefán Jónsson – Sameyki – stéttarfélag í almannabjónustu
- Ásbjörn Sigurðsson – FOSS – stéttarfélag í almannabjónustu
- Birna Friðfinnsdóttir – Tollvarðafélag Íslands
- Björgúlfur Halldórsson – Starfsmannafélag Fjarðabyggðar
- Edda Davíðsdóttir – Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
- Guðbjörn Arngrímsson – Starfsmannafélag Fjallabyggðar
- Helga Hafsteinsdóttir – Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- Helga Þuríður Árnadóttir – Starfsmannafélag Húsavíkur
- Jón Ingi Cæsarsson – Póstmannafélag Íslands
- Karl Rúnar Þórsson – Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
- Kristján Hilmarsson – Starfsmannafélag Garðabæjar
- Magnús Smári Smáráson – Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- Rita Arnfjörð Sigurgarðsdóttir – Starfsmannafélag Kópavogs
- Sandra Bryndísardóttir Franks – Sjúkraliðafélag Íslands
- Sigurður Arnórsson – Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
- Snorri Magnússon – Landssamband lögreglumanna
- Sonja Ýr Þorbergsdóttir – Formaður BSRB
- Stefán B. Ólafsson – Starfsmannafélag Suðurnesja

- Unnar Örn Ólafsson – Félag flugmála-starfsmanna ríkisins
- Unnur Sigmarsdóttir – Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar
- Þórður Vilberg Guðmundsson – Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- Þórveig Þormóðsdóttir – Félag starfsmanna stjórnarráðsins ■

Endurnýjun frá þingi

Formannsskipti hafa orðið í tveimur aðildarfélögum frá aðalfundi BSRB 10. maí 2019. Hálfán Bjarki Hálfánsson lét af störfum sem formaður Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum á aðalfundi félagsins í lok maí 2019 og var Sigurður Arnórsson kjörinn formaður í hans stað. Þá lét Kári Örn Óskarsson af embætti formanns Félags íslenskra flugumferðarstjóra á aðalfundi félagsins 12. mars 2020 og var Arnar Hjálmsósson kjörinn formaður í hans stað.

Ályktun formannaráðs BSRB um fjárlög ársins 2020

Formannaráð BSRB fagnar því að skattbyrði þeirra tekjulægstu lækki samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs en lýsir áhyggjum af því að skattalækkunin hefur ekki verið fjármögnuð. Kostnaðurinn við skattkerfisbreytingarnar verður um 21 milljarður á ári þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda.

Formannaráð BSRB telur að mæta eigi því tekjutapi sem ríkissjóður verður fyrir vegna þessa með aukinni skattheimtu af þeim sem hæstar tekjur hafa, með auðlindagjaldi og hærri fjármagnstekjuskatti. Það er ótækt með öllu að tekjutapið leiði til niðurskurðar og aðhalds í opinberri þjónustu, sem mun leiða af sér lakari þjónustu við almennig og aukið álag á starfsfólk.

Formannaráðið vill að tryggt verði að aukin útgjöld til barnabóta skili sér í vasa foreldra. Afgangur verður af fjárheimildum vegna barnabóta á yfirstandandi ári þar sem skerðingarhlutföll eru allt of lág. Formannaráð BSRB krefst þess að hækkun skerðingarmarkna verði umfram kjarasamningsbundnar launahækkanir svo aukið fé í þennan mikilvæga málaflokk skili sér sannarlega til barnafjölskyldna.



Formannaráð BSRB fagnar því að lengja eigi fæðingarorlofið en kallar eftir því að lengingin skiptist jafnt milli foreldra. Þá þarf að tryggja að hámarksgreiðslur hækki til samræmis við launaþróun og tryggja að greiðslur um eða undir lágmarkslaunum skerðist ekki.

Reykjavík, 13. september 2019

Ályktun formannaráðs BSRB um kjaraviðræður

Formannaráð BSRB skorar á stjórnvöld að ganga á undan með góðu fordæmi á vinnumarkaði og ganga að kröfum bandalagsins um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar í kjarasamningsviðræðum sem nú standa yfir. Kjarasamningar nær allra 22 þúsund félagsmanna BSRB hafa verið lausir frá 1. apríl og fullkomlega ósættanlegt hversu hægt hefur gengið í viðræðum um nýjan kjarasamning við ríki og sveitarfélög. Megináherslur BSRB í viðræðunum eru skýrar; að allir geti lifað af laununum sínum og stytting vinnuvikunnar.

Formannaráð BSRB kallar eftir því að viðsejendur semji án frekari tafa um styttingu vinnuvikunnar þar sem horft er til þeirrar aðferðafræði sem viðhöfð var í tilraunaverkefnum ríkis og Reykjavíkurborgar. Stytting vinnuvikunnar skilar gagnkvæmum ávinningi fyrir bæði starfsfólk og atvinnurekendur. Starfsfólk í almannabjónustu upplifir mikið álag, sér í lagi vaktavinnufólk. Sífellt fleiri finna fyrir sjúklegri streitu og einkennum kulnunar og hverfa jafnvel af vinnumarkaði í lengri eða skemmri tíma með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið. Tilraunaverkefni sýna að stytting vinnuvikunnar er góð leið til að vinna gegn þessari þróun. Þau sýna líka að styttingin bitnar ekki á afköstum eða þeirri þjónustu sem starfsfólk í almannabjónustu veitir.

Formannaráð BSRB hafnar því alfarið að stytting vinnuvikunnar kalli á eftirgjöf á kaffitímum eða öðrum réttindum starfsmanna. Kostir styttingar eru augljósir fyrir atvinnurekendur ekki síður en starfsfólk enda bein verðmæti fólgin í bættri líðan starfsfólks og lægri tíðni veikinda.

Reykjavík, 13. september 2019

Stjórn BSRB

Æðsta vald í málefnum bandalagsins milli þinga og aðalfunda liggur hjá stjórn BSRB. Stjórnin stýrir starfsemi í samræmi við lög bandalagsins, stefnumörkun þings, formannaráðs og aðalfundar. Í stjórn BSRB sitja níu manns og er formaður bandalagsins jafnframt formaður stjórnarinnar. Í stjórninni sitja einnig 1. og 2. varaformaður BSRB ásamt sex meðstjórnendum. Til viðbótar eru fjórir varamenn sem kosnir eru á þingi bandalagsins eins og aðrir stjórnarmenn og koma þeir inn á fundi stjórnar í forföllum aðalmanna.

Stjórn BSRB fundar að jafnaði aðra hverja viku, nema um sumartímann. Fundargerðir eru sendar aðildarfélögum bandalagsins að loknum fundum og getur forystufólk aðildarfélaganna þannig kynnt sér nákvæmlega umfjöllun og afgreiðslu stjórnar á einstökum málum.

Stjórn BSRB árin 2018-2021 er skipuð eftirfarandi einstaklingum

- Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB
- Garðar Hilmarsson, 1. varaformaður BSRB
- Arna Jakobína Björnsdóttir, 2. varaformaður BSRB
- Árni Stefán Jónsson
- Helga Hafsteinsdóttir
- Jón Ingi Cæsarsson
- Karl Rúnar Þórsson
- Sandra B. Franks
- Snorri Magnússon

Varamenn eru:

- Þórveig Þormóðsdóttir
- Rita Arnfjörð
- Magnús Smári Smáráson
- Birna Friðfinnsdóttir



Ályktun stjórnar BSRB um misnotkun á úrræðum stjórnvalda

Stjórn BSRB fordæmir harðlega misnotkun stöndugra fyrirtækja á hlutabótaleiðinni og öðrum úrræðum stjórnvalda vegna COVID-19 faraldursins. Úrræðunum er ætlað að bjarga fyrirtækjum sem róa lífróður vegna faraldursins. Þeim er ekki ætlað að koma fyrirtækjum sem lenda ekki í teljandi tekjutapi vegna hans betur út úr tímabundinni niðursveiflu. Fyrirtæki sem hafa efni á að greiða eigendum arð eða kaupa eigin bréf eru augljóslega ekki í þeirri stöðu að þurfa á þessari aðstoð að halda.

Stjórn BSRB hvetur fyrirtæki sem hafa nýtt sér úrræðin án þess að hafa raunverulega þörf fyrir þau til að endurgreiða Vinnuálastofnun tafarlaust og leiðrétt laun starfsmanna, hafi þau verið skert á einhvern hátt vegna þessara aðgerða. Þá bendir stjórnin á að Vinnuálastofnun hefur heimildir til að krefjast endurgreiðslu hafi fyrirtækin ekki haft raunverulega þörf fyrir aðstoð úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar. Full ástæða er fyrir stofnunina að fara vel yfir öll tilvik þar sem grunur leikur á misnotkun og krefjast fullrar endurgreiðslu.

Gríðarlegir fjármunir úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar hafa verið settir í þessar björgunaraðgerðir. Misnotkun á þessum úrræðum jafngildir því að verið sé að taka fé frá öðrum samfélagslega mikilvægum verkefnum. Við það verður ekki unað.

Það er mikill skilningur á því í samfélaginu að verja þurfi störf með því að bjarga fyrirtækjum sem verða mörg hver fyrir gríðarlegu tekjutapi vegna heimsfaraldursins. Það er hins vegar engin þolinmæði í garð þeirra sem misnota úrræðin. Það er eitt af því sem neytendur ættu að hafa í huga þegar þeir velja við hvaða fyrirtæki þeir ætla að eiga viðskipti í framtíðinni.

Reykjavík, 8. maí 2020

Ályktun stjórnar BSRB um Landspítalann

Stjórn BSRB fordæmir þær harkalegu niðurskurðaraðgerðir sem stjórnendur Landspítalans þurfa enn og aftur að grípa til vegna ónógra framlaga af fjárlögum. Stjórnvöld verða að grípa tafarlaust til aðgerða til að leiðrétta fjárhagsstöðu spítalans svo hann geti sinnt því mikilvæga hlutverki sem honum er ætlað. Með því að halda Landspítalanum í fjársveldi eru stjórnvöld að grípa undan opinbera heilbrigðiskerfinu hér á landi. Sá niðurskurður sem spítalinn stendur frammi fyrir mun án efa bitna með beinum hætti á þjónustu við sjúklinga.

Starfsfólk Landspítalans hefur verið undir gríðarlega miklu álagi á undanförunum árum og nú þegar skera á niður, fækka starfsfólki og rýra kjör þeirra sem eftir verða er ljóst að álagið mun aukast enn meira. Þetta mikla álag á starfsfólk spítalans og aðra sem starfa í íslenska heilbrigðiskerfinu hefur þegar haft þær afleiðingar að starfsfólk hefur hrökklast úr starfi, tíðni veikinda er allt of há og nýliðun gengur illa. Stjórn BSRB kallar eftir því að fjárframlög til spítalans séu aukin verulega og markvisst verði unnið að því að byggja upp starfsemi þjóðarsjúkrahússins á næstu árum í þágu allra landsmanna.

Reykjavík, 13. desember 2019



Grettisgata 89 hýsir höfuðstöðvar BSRB.

Skrifstofa BSRB

Á skrifstofu BSRB starfa tíu starfsmenn sem hafa það hlutverk að fylgja eftir stefnu bandalagsins sem mótuð er af kjörnum fulltrúum þess. Bandalagið gætir hagsmuna launafólks hvort sem er á opinberum vinnumarkaði eða hjá opinberum fyrirtækjum sem rekin eru í almannapágu og stendur vörð um réttindi og skyldur félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

Meðal verkefna starfsmanna BSRB er að undirbúa mál sem lögð eru fyrir stjórnarfundum og aðra fundi sem haldnir eru, standa fyrir starfsdögum og kenna á námskeiðum. Skrifstofa BSRB veitir aðildarfélögum ýmiskonar þjónustu, til dæmis varðandi lög- og hagfræðileg efni. Þá sinnir bandalagið fræðslu og upplýsingagjöf og sér um samskipti við stjórnvöld, heildarsamtök og erlenda aðila.



Ásthildur Torfadóttir
afgreiðslufulltrúi



Björg Geirsdóttir
fulltrúi



Brjánn Jónasson
kynningarfulltrúi



Dagný Aradóttir
Pind lögfræðingur



Hrannar Már
Gunnarsson lög-
fræðingur



Jóhanna Þorgils-
dóttir fulltrúi



Sigríður Ingibjörg
Ingadóttir hag-
fræðingur



Magnús Már Guð-
mundsson fram-
kvæmdastjóri



Sonja Ýr Þorbergs-
dóttir formaður



Sólveig Jónasdóttir
fjármálastjóri

Frá aðalfundi BSRB í maí 2019 hafa starfsmenn BSRB unnið úr, veitt ráðgjöf og svarað miklum fjölda lögfræðilegra fyrirspurna auk þess að aðstoða aðildarfélögin við að tryggja að réttindi félagsmanna þeirra séu virt. Þegar upp koma álitamál varða þau flest breytingar á störfum, áminningar, uppsagnir og veikindarétt starfsmanna.

Þá sér skrifstofa BSRB einnig um skil iðgjalda til aðildarfélaga bandalagsins í gegnum BIBS og hefur verið unnið að því að gera þau skil rafræn að öllu leyti.

BSRB hefur gert þjónustusamning við Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu og þjónustur rekstrarfélagið varðandi bókhald, greiðslu launa og fleira sem við kemur daglegum rekstri. Þá er BSRB einnig með þjónustusamning við Félagamiðstöðina að Grettisgötu 89 sem sér um öll mál sem varða hús-næðið.

Útleiga á Birkilíð, eina sumarhúsi bandalagsins, fer fram í gegnum skrifstofuna. Félagsmönnum aðildarfélaga bandalagsins stendur til boða að leigja húsið og er það gjarnan nýtt þegar önnur hús félaganna eru fullbókuð.

Starfsmenn á skrifstofu

Starfsmenn á skrifstofu BSRB eru níu talsins og sinna þeir fjölbreyttum verkefnum hver á sínu verksviði. Frá aðalfundi BSRB 2019 hefur orðið ein breyting á starfsmannamálum bandalagsins. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir var ráðin hagfræðingur BSRB og tók til starfa í byrjun september 2019. Staðan hafði ekki verið mönnum frá því í mars það sama ár. ■



Málefni

BSRB hefur unnið að ýmiskonar málum af öllum stærðum og gerðum frá aðalfundi 2019. Tími starfsmanna hefur þó að miklu leyti farið í kjarasamningsviðræður og ýmsa undirbúningsvinnu tengda viðræðunum. Þá setti heimsfaraldur kórónaveirunnar strik í reikninginn fyrir starfsemi bandalagsins frá mars 2020 og hafði meðal annars þær afleiðingar að fresta varð fundum og viðburðum og bregðast við lagabreytingum og áhrifum faraldursins á launafólk.

1. maí 2020

Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins, 1. maí, fór fram með afar óvenjulegu sniði árið 2020. Vegna COVID-19 faraldursins var í gangi strangt samkomubann og því ekki til umræðu að stefna fólki saman í kröfugöngu eða baráttufund. Þetta var í fyrsta skipti frá árinu 1923 sem íslenskt launafólk kom ekki saman til að leggja áherslu á kröfur sínar.

Til þess að halda upp á daginn og minna á mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar og samstöðu launafólks á þessum hátíðisdegi stóðu heildarsamtök launafólks að sjónvarpsútsendingu úr Hörpu sem sýnd var í Ríkissjónvarpinu að kvöldi föstudagsins 1. maí. Að dagskránni stóðu, auk BSRB, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands.

Á þessum sögulega viðburði komu ýmsir landsþekktir tónlistarmenn og skemmtikraftar fram, auk þess sem flutt voru hvatningarorð frá Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB, og annars forystufólks heildarsamtakanna fjögurra. Meðal listamanna sem komu fram voru Ragnheiður Gröndal, Bubbi Morthens, Amabadama, Jói P og Króli, Ellen Kristjáns og Auður, Jakob Birgisson uppistandari, KK og Lúðrasveit verkalýðsins.

Samið var við auglýsingastofuna Sahara um vinnslu á grafík, kynningarmyndböndum, ýmsu efni fyrir



Ávarp formanns BSRB þann 1. maí 2020 var að þessu sinni tekið upp og sent út í gegnum netið.

samfélagsmiðla, blaðaauglýsingum og auglýsingum á samfélagsmiðlum. Samfélagsmiðlaherferðin gekk afar vel. Alls sáu rúmlega 175 þúsund einstaklingar skilaboðin, að meðaltali 3,6 sinnum hver.

Þessu til viðbótar lét BSRB taka upp ávarp for-

manns bandalagsins. Ávarpið var sett á vef BSRB og samfélagsmiðla bæði sem myndband og texti til að það næði til sem flestra. Nokkrir af formönnum aðildarfélaga BSRB fóru sömu leið og tóku upp myndskaið með stuttum ávörpum með hvatningu og brýningu til sinna félagsmanna. ■



Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur kynnti skýrslu sína um stöðu barnabótakerfisins á opnum fundi.

Barnabótakerfið

BSRB hefur ítrekað bent á þá neikvæðu þróun sem átt hefur sér stað með íslenska barnabótakerfið. Kerfið hefur farið frá því að vera jöfnunartæki fyrir barnafjölskyldur og yfir í að vera nokkurskonar fátækrastrýkur þar sem skerðingar eru miklar og koma inn jafnvel hjá fólki á lágmarkslaunum.

Bandalagið fékk Kolbein Stefánsson, doktor í félagsfræði, til að vinna úttekt á íslenska barnabótakerfinu. Skýrsla Kolbeins var kynnt á morgunverðarfundum um barnabætur á Grand hóteli 4. desember 2019.

Niðurstaða Kolbeins var að endurskoða þurfi barnabótakerfið frá grunni, enda nýttist það nær eingöngu sem stuðningur við allra tekjulægstu hópina í samfélaginu. Draga þarf verulega úr tekjutengingum í kerfinu með það að markmiði að auka ráðstöfunartekjur heimila með börn á framfæri.

Í skýrslu Kolbeins kemur fram að ólíkt barnabótakerfum hinna Norðurlandanna gagnist íslenska barnabótakerfið nær eingöngu foreldrum með afar lágar tekjur. Fyrir vísitölufjölskyldu með tvær fyrirvinnur nálægt meðaltekjum eru bæturnar

litlar eða engar. Fjölskyldur í þeirri stöðu á hinum Norðurlöndunum fá umtalsverðar barnabætur.

Í skýrslunni er gagnrýnt hversu ómarkvisst og flókið íslenska kerfið er og bent á að fyrirhuguð hækkun á skerðingarmörkum skili litlum hækkunum á barnabótum fyrir foreldra og geri lítið sem ekkert fyrir tekjulægstu fjölskyldurnar. Hækkun skerðingarmarkna geri þar að auki minna fyrir einstæða foreldra, sem búi við mjög auknar líkur á fátækt og fjárhagsþrengingum.

Samanburður á barnabótakerfum Norðurlandanna er sláandi. Barnabætur á Íslandi og í Danmörku skerðast eftir tekjum foreldra, en skerðingarmörkin eru mjög ólík. Þannig skerðast barnabætur á Íslandi nærri lágmarkslaunum en í Danmörku ekki fyrr en eftir að meðallaunum er náð. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru barnabætur ekki tekjutengdar og fá því allir foreldrar sömu barnabætur óháð tekjum.

Þetta þýðir að fjölskyldur á Íslandi með tvær fyrirvinnur sem eru með meðaltekjum með tvö börn sex ára eða yngri fá litlar sem engar barnabætur. Sambærilegar fjölskyldur á hinum Norðurlöndun-

um fá frá 27.300 upp í 43.700 krónur á mánuði. Íslenska kerfið kemur betur út fyrir launalægstu fjölskyldurnar, en aðeins á meðan börnin eru sex ára eða yngri. Fjölskyldur á Íslandi með tvær fyrirvinnur og helminginn af meðallaunum með tvö börn sex ára eða yngri fá um 46.200 krónur á mánuði. Fjölskyldur í sömu stöðu á hinum Norðurlöndunum fá á bilinu 27.300 til 46.200 krónur á mánuði. Ef börnin eru eldri en sex ára fá íslensku foreldrarnir aðeins um 24.000 krónur á mánuði en foreldrar á hinum Norðurlöndunum 27.300 til 43.700 krónur á mánuði. ■

Heilbrigðismál

Eins og undanfarin misseri hefur BSRB lagt áherslu á að standa vörð um heilbrigðiskerfið og krefjast úrbóta þegar það á við. Þó einkaaðilar sem sjá tækifæri til hagnaðar í því að taka til sín verkefni sem eiga heima í opinbera kerfinu reyni enn að vinna að þeim hagsmunum hefur þeim lítið orðið ágengt og barátta þeirra minna í sviðsljósinu undanfarið. Stefna stjórnvalda um að draga úr einkarekstri í kerfinu hefur mætt andstöðu en sú barátta sem fram fer gerir það frekar á bak við luktur dyr en áður.

BSRB hefur beitt sér fyrir því að farið verði að skýrum vilja almennings og heilbrigðiskerfið verði áfram fjármagnað og rekið af hinu opinbera, enda eru það skýrir hagsmunir launafólks og almennings í landinu.

Fundur um heilbrigðisþjónustuna

BSRB hélt ásamt ASÍ opinn fund um heilbrigðismál 13. febrúar 2020 á Hótel Natura. Á fundinum var fjallað um fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar út frá ýmsum sjónarhornum.

Birgir Jakobsson aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, flutti erindi á fundinum þar sem hann sagði frá sýn stjórnvalda varðandi fjármögnun og fjárþörf heilbrigðiskerfisins á komandi misserum. Þá fjallaði María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, um stöðu sjúkratrygginga og sýn stofnunarinnar á fjármögnun kerfisins. Að lokum flutti Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur erindi um mismunandi möguleika þegar kemur að fjármögnun heilbrigðiskerfisins og brá ljósi á kosti og galla mismunandi kerfa.

Á milli erinda voru flutt stutt innslög frá Páli Matthíassyni, forstjóra Landsspítalans, og Bjarna Smára Jónassyni, forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri. Þar sögðu þeir frá sinni reynslu og upplifunum af því að reka stórar einingar í íslenska heilbrigðiskerfinu.

ASÍ og BSRB höfðu áformað að halda fleiri fundi um heilbrigðiskerfið á fyrri hluta árs 2020 en frekari fundarhöldum var slegið á frest vegna COVID-19 faraldursins. ■



Sigurlaug Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur var einn frummælenda á fundi BSRB og ASÍ um heilbrigðismál.



Katrín Einarsson tók við lyklinum að fyrstu íbúð Bjargs sem fór í útleigu úr hendi Björns Traustasonar, framkvæmdastjóra félagsins, við hátíðlega athöfn.

Húsnæðismál

Húsnæðismálin eru áfram ofarlega á baugi hjá BSRB. Áfram er unnið út frá stefnu bandalagsins í húsnæðismálum sem mótuð var á 45. þingi BSRB haustið 2018. Þar er áréttað að öruggt húsnæði, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða sér-eign, séu mannréttindi. Því sé brýnt að bregðast við framboðsskortri og tryggja öllum húsnæði á jafnréttisgrundvelli.

Bjarg íbúðafélag

Uppgangur Bjargs íbúðafélags, sem stofnað var af BSRB og ASÍ árið 2016, hefur haldið áfram. Félagið er leigufélag sem byggir upp og leigir út hagkvæmar íbúðir í langtímaleigu til tekjulægstu félagsmanna aðildarféлага BSRB og ASÍ. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða.

Þau tímamót urðu í starfsemi Bjargs þann 19. júní 2019 að fyrsti leigjandi félagsins fékk íbúð sína afhenta. Það var Katrín Einarsson, einstæð tveggja barna móðir, sem fékk afhenta lykla að fyrstu íbúðinni sem fór í útleigu. Hún hafði búið um nokkurt skeið í einu herbergi heima hjá foreldrum sínum ásamt börnum sínum, sem eru fjögurra og tíu ára gömul, og því kærkomið að komast í nýja íbúð hjá Bjargi.

Íbúðin sem Katrín fékk afhenta var við Móaveg í Grafarvogi. Í byrjun árs 2020 sagði Bjarg frá því að allar íbúðirnar 155 við Móaveg hafi verið kláraðar,

um hálfu ári á undan áætlun. Fyrsta skóflustungan við Móavegin var tekin af breiðfylkingu úr verkalyðshreyfingunni 23. febrúar 2018.

Uppbygging Bjargs hefur haldið áfram, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Í byrjun árs 2020 var opnað fyrir umsóknir leigjenda um íbúðir á fjórum nýjum stöðum; á Hallgerðargötu við Kirkjusand, í Hraunbæ og Silfratjörn í Úlfarsárdal auk Guðmannshaga á Akureyri. Þá var fyrsta skóflustungan að nýju 12 íbúða fjölbýlishúsi í Þorlákshöfn tekin snemma í febrúar 2020. Húsið er einingahús sem hægt er að reisa hratt og er reiknað með að fyrstu leigjendurnir geti flutt inn í október 2020.

Viðmið um tekjur og eignir leigutaka Bjargs hækkuðu um áramótin og mun það gera Bjargi kleyft að leigja enn fleiri einstaklingum og fjölskyldum íbúðir til langs tíma á hagkvæmum kjörum.

Blær íbúðafélag

Blær íbúðafélag er dótturfélag Bjargs íbúðafélags. Blær er ætlað að byggja húsnæði fyrir félagsmenn sem eru með tekjur yfir viðmiðum Bjargs og var félagið stofnað til að mæta kröfum Reykjavíkurborgar um blandaða byggð.

Vinna við stefnumótun og fjármögnun fyrir félagið hefur haldið áfram undanfarið. Stjórnarmenn í Bjargi, þar á meðal fulltrúar BSRB, taka þátt í þeirri vinnu. ■

Jafnréttismál

Jafnréttismál hafa lengi verið á oddinum hjá BSRB og var síðasta ár engin undantekning. Í umræðum við stjórnvöld og í opinberri umræðu hafa fulltrúar bandalagsins haldið uppi áframhaldandi þrýstingi á lengingu fæðingarorlofsins sem skilaði loks árangri á árinu. Einnig hefur verið ítrekað bent á mikilvægi þess að sveitarfélögin brúhið svokallaða umönnunarbil, bilið frá því fæðingarorlofi lýkur þar til umönnunarúrreiði á borð við leikskóla taka við og mun þrýstingur vegna þess halda áfram.

Baráttan fyrir lengingu fæðingarorlofsins skilaði loksins árangri á árinu eftir að Alþingi samþykkti frumvarp um lengingu orlofsins í áföngum. Orlofið lengdist í 10 mánuði í byrjun árs 2020 og verður 12 mánuðir í byrjun árs 2021. Lenging fæðingarorlofsins í 12 mánuði hefur verið eitt af baráttumálum BSRB árum saman og því afar jákvætt að þessi áfangi hafi náðst.

Ekki hefur verið útfært hvernig skiptingin verður á orlofinu eftir að það verður lengt í 12 mánuði. BSRB mun berjast fyrir því að orlofið skiptist jafnt milli foreldra þannig að hvort foreldri um sig fái sex mánaða fæðingarorlof.

Þó bandalagið hafi fagnað þessum mikilvæga árangri var ákall um að orlofið skiptist jafnt milli foreldra ítrekað. Orlofið er í dag 10 mánuðir, sem skiptast í fjóra mánuði fyrir hvort foreldri og tvo mánuði sem foreldrar geta deilt sín á milli. Reynslan sýnir að í nær öllum tilvikum er það móðirin sem tekur tvo mánuðina sem vinnur gegn markmiðum laga um fæðingarorlofs um jafnrétti á vinnumarkaði.

Ekki hefur verið útfært hvernig skiptingin verður á orlofinu eftir að það verður lengt í 12 mánuði. BSRB mun berjast fyrir því að orlofið skiptist jafnt milli foreldra þannig að hvort foreldri um sig fái sex mánaða fæðingarorlof.

Í kjölfar þess að ákveðið var að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði er áfanga náð í að útrýma umönnunarbilinu, tímabilinu frá því fæðingarorlofi

lýkur þar til barn kemst inn á leikskóla eða til dagforeldris. BSRB hefur beitt sér fyrir því, meðal annars í samtali við stjórnvöld í tengslum við gerð kjarasamninga, að unnið verði að því markmiði að öllum börnum verði tryggð leikskólavist frá 12 mánaða aldri. Sú barátta mun halda áfram.

Hádegisfundur vegna baráttudags kvenna

BSRB stóð fyrir hádegisfundum í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars ásamt Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Jafnréttisráði, Jafnréttisstofu, Kennarasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands. Fundurinn var haldinn þann 5. mars á Grand hótél.



Yfirskrift fundarins var: Baráttan heldur áfram! Kjarajafnrétti og ný jafnréttislög. Meðal frummælenda á fundinum var Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB. Í erindi sínu fjallaði hún um skylduna til launajafnréttis.

Þá ræddi Brynhildur Flóvenz, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, um kerfislæga mismunun kynjanna og hvort jafnréttislög geti rétt við kynbundið gildismat samfélagsins og Drífa Snædal, forseti ASÍ, fjallaði um kyn, völd og verkalyðshreyfinguna. ■



Skipaðar voru þrjár samninganefndir BSRB, ein gagnvart ríkinu, önnur gagnvart sveitarfélögum og sú þriðja gagnvart Reykjavíkurborg.

Kjarasamningar

Kjarasamningsviðræður héldu áfram eftir aðalfund BSRB í maí 2019, en samningar þorra aðildarfélaga bandalagsins höfðu verið lausir frá 1. apríl 2019. Bandalagið kom vel undirbúið að viðræðunum og aðildarfélög þess sömuleiðis.

Á sameiginlegu borði BSRB voru stór mál á borð við styttingu vinnuvikunnar, jöfnun launa á milli markaða, launaþróunartryggingu og fleira. Við það bættust orlofsmál vegna breytinga á lögum þar sem tekið var fyrir mismunun vegna aldurs sem þýddi að ekki mátti lengur tengja fjölda orlofsdaga lífaldri starfsmanna.

Á borði aðildarfélaganna voru ýmis sértæk mál hjá hverju félagi, auk launaliðsins sem var ekki á sameiginlega borðinu. Þrátt fyrir góðan undirbúning tóku kjarasamningsviðræður rúmt ár og rúmir ellefu mánuðir liðu frá því samningar losnuðu þar til stærstur hluti aðildarfélaga hafði skrifað undir kjarasamninga.

Þrjú félög gengu frá kjarasamningum við sína viðsemjendur talsvert á undan öðrum, í öllum tilvikum félög sem semja beint við opinber hlutafélög. Póstmannafélag Íslands var fyrsta aðildarfélag bandalagsins til að gera kjarasamning að þessu sinni, en samningurinn var undirritaður 12. júní 2019. Þá undirrituðu Félag

flugmálastarfsmanna ríkisins og Félag íslenskra flugumferðarstjóra samninga snemma árs 2020.

Kjarasamningsviðræður

Þó unnið hafi verið að ýmsum sameiginlegum málum í kjarasamningsviðræðunum frá upphafi var stytting vinnuvikunnar stærsta málið sem þurfti að ljúka til að hægt væri að hnika öðrum málum. Þrátt fyrir gríðarlega góðan undirbúning af hálfu BSRB og tilraunaverkefnum sem höfðu verið í gangi hjá bæði ríki og Reykjavíkurborg reyndist það þungur hjalli að ná fram styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar hjá bæði dagvinnufólki og vaktavinnuhópum.

Eftir að markmið um að semja fyrir sjómanna-daginn 2019 gengu ekki eftir var ljóst að erfitt yrði

Það var ekki fyrir en 4. mars 2020, fimm dögum fyrir boðaðar verkfallsaðgerðir aðildarfélaga BSRB, að samkomulag náðist um útfærslu styttingu vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk.

að ná samningum fyrir hásumarið. Samkomulag náðist um að gera stutt hlé á viðræðunum, hlaða batterið og ljúka samningsgerðinni hratt og vel eftir sumarfrí. Í samkomulaginu var einnig kveðið á um 105 þúsund króna innágreiðslu á kjarasamningana til félagsmanna vegna þess dráttar sem hafði orðið á gerð samninganna.

Áform um að ná kjarasamningi hratt eftir sumarfrí gengu ekki eftir. Seinangangur af hálfu viðsemjenda einkenndi viðræðurnar, sem stóðu fram á haust án sýnilegs árangurs. BSRB og aðildarfélög bandalagsins ákváðu því í lok september að vísa kjaradeilunni til ríkissáttasemjara.

Í lok október samþykktu samninganefnd BSRB og viðsemjendur loks skjal með útfærslu á styttingu vaktavinnunnar í dagvinnu og var það stór áfangi í kjarasamningsgerðinni. Áfram héldu viðræður og átti nú að setja aukinn kraft í vinnu hóps sem átti að útfæra styttinguna hjá vaktavinnufólki.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit um að leggja aukinn þunga í viðræðurnar gerðist lítið í viðræðum um styttingu vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk fyrr en í byrjun árs 2020 þegar aðildarfélögin voru



Samningafundir voru stopulir til að byrja með en þessar þegar leið að boðuðum verkföllum aðildarfélaga BSRB.

byrjuð á undirbúningi verkfallsaðgerða. Það var ekki fyrir en 4. mars 2020, fimm dögum fyrir boðaðar verkfallsaðgerðir aðildarfélaga BSRB, að samkomulag náðist um útfærslu styttingu vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk.

Í kjölfarið var settur mikill kraftur í að ljúka kjarasamningsviðræðunum og fundað fram á kvöld alla daga. Daginn og nóttina áður en verkföll áttu að hefjast tókst loks að undirrita kjarasamninga þeirra félaga sem boðað höfðu til

verkfallsaðgerða. Þá átti eftirað ná samningum við Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Félag starfsmanna stjórnarráðsins, Tollvarðafélag Íslands og Starfsmannafélag Garðabæjar. Auk þess áttu nokkur aðildarfélög eftir að ná samningum við minni viðsemjendur.

Samningseiningafundir

Samningseiningar BSRB funduðu sífellt þéttar eftir því sem leið að undirritun kjarasamninga. Á fundunum hittust formenn aðildarfélaga bandalagsins sem voru með lausa kjarasamninga



Samningseiningar BSRB funduðu reglulega í aðdraganda kjarasamninga og á meðan viðræðum stóð.

ásamt öðru samningafólki til að ræða stöðuna í kjaraviðræðunum, miðla upplýsingum um það sem gerðist við kjarasamningsborðið og taka ákvörðun um áherslur á komandi fundum viðræðunefnda BSRB.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, og Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB, fóru á fundunum yfir stöðuna í viðræðunum hverju sinni, helstu átakpunkta og mögulegar leiðir til lausnar. Þá var rætt fram og til baka um einstaka áhersluatriði og mögulegar lausnir á vandamálum sem upp höfðu komið.

Baráttufundur í Háskólabíói

Eftir langar kjarasamningsviðræður fóru aðildarfélög BSRB að undirbúa verkfallsaðgerðir í byrjun árs 2020. Fyrsta skrefið í því að efla baráttuanda félagsmanna var að boða til opins baráttufundar sem haldinn var í Háskólabíói 30. janúar. Fundurinn var haldinn í samstarfi við BHM og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem einnig voru með lausa kjarasamninga, og var honum streymt beint á fundi víðsvegar á landsbyggðinni.



Háskólabíó var þéttskipað á baráttufundi opinberra starfsmanna 30. janúar 2020.

„Opinberir starfsmenn hafa í gegnum tíðina þurft að berjast af hörku fyrir öllum helstu kjarabótum sem þeir hafa fengið. Kjarabótum sem við teljum sjálfsgöð réttindi í dag. Ef við þurfum að leggja í enn einn slaginn til þess að ná markmiðum okkar þá gerum við það.“

Á fundinum voru flutt stutt ávörp í bland við tónlist. Ræðumenn voru þau Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður Proskabjálfafélags Íslands, fyrir hönd BHM, Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands og Árni Stefán Jónsson, formaður Sameykis. Á milli ávarpa fluttu Jónas Sig og hljómsveit ásamt Reykjavíkurdætrum nokkur lög.

„Pólinmæðin sem við áttum nóg af í byrjun apríl í fyrra er löngu þrotin. Mér er misboðið fyrir hönd félagsmanna yfir þessum seinagangi,“ sagði Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, í ávarpi sínu á baráttufundinum í Háskólabíó.

„Opinberir starfsmenn hafa í gegnum tíðina þurft að berjast af hörku fyrir öllum helstu kjarabótum sem þeir hafa fengið. Kjarabótum sem við teljum sjálfsgöð réttindi í dag. Ef við þurfum að leggja í enn einn slaginn til þess að ná markmiðum okkar þá gerum við það,“ sagði Sonja.

„Nú gefum við sveitastjórnnum og ríkisstjórninni gula spjaldið! Ef ekki verður gengið til kjarasamninga við opinbera starfsmenn strax er næsta skrefið að boða til verkfalla sem geta lamað almannabjónustuna. Það er ekki staða sem við óskum okkur, en ef það reynir á okkar sterkasta vopn þá munum við beita því. Tíu mánuðir er langur tími. Of langur tími. Við biðum ekki lengur. Krafan er: Kjarasamninga strax!“ sagði Sonja í ávarpi sínu.

Fundurinn var afar vel sóttur, sem og fundir í Hofi á Akureyri og í öðrum sveitarfélögum víða um land. Mikil stemning var í salnum, klappað og hrópað þegar ræðumenn lýstu stöðunni og kölluðu eftir aðgerðum.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, ávarpaði baráttufund opinberra starfsmanna í Háskólabíó.



Reykjavíkurdætur héldu uppi fjörunu á baráttufundinum opinberra starfsmanna í Háskólabíó.



Jónas Sig og hljómsveit kom fundargestum í baráttugírinn.



Fundargestir tóku vel undir þegar Internasjónallinn var sunginn í lok baráttufundarins.

Verkfallsboðun aðildarfélaga

Í kjölfar vel heppnaðs baráttufundar hófu aðildarfélög BSRB sem voru með lausa samninga við ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg undirbúning verkfallsaðgerða. Atkvæðagreiðslurnar fóru fram hjá hverju félagi dagana 17. til 19. febrúar.

Félagsmenn í eftirtöldum félögum greiddu atkvæði um verkföll:

- Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
- FOSS, stéttarfélag í almannabjónustu
- Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almanna bjónustu
- Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- Sameyki – stéttarfélag í almannabjónustu
- Sjúkraliðafélag Íslands
- Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- Starfsmannafélag Fjallabyggðar
- Starfsmannafélag Fjarðabyggðar
- Starfsmannafélag Garðabæjar
- Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
- Starfsmannafélag Húsavíkur
- Starfsmannafélag Kópavogs
- Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
- Starfsmannafélag Suðurnesja
- Starfsmannafélag Vestmannaeyja.

Landssamband lögreglumanna, Tollvarðafélag Íslands og Félag starfsmanna stjórnarráðsins lýstu yfir stuðningi við aðgerðirnar, en félagsmenn þeirra hafa ekki verkfallsrétt og boðuðu félögin því ekki til sambærilegra aðgerða.

Yfirgnæfandi meirihluti félagsmanna í öllum félögum sem greiddu atkvæði samþykktu verkfallsboðun. Tæplega 88 prósent samþykktu verkfallsboðun, rúm átta prósent voru á móti og rúm 4 prósent skiludu auðu.

Félög opinberra starfsmanna geta aðeins boðað verkfall ef meira en helmingur félagsmanna tekur þátt í verkfallsboðuninni. Í einu af félögum sautján, Starfsmannafélagi Garðabæjar, náðist ekki næg þátttaka í atkvæðagreiðslunni. Um 41 prósent greiddu atkvæði en 50 prósent félagsmanna þurftu að greiða atkvæði svo verkfallsboðun sé lögleg. Ekki var því haldið lengra með verkfallsaðgerðir hjá félaginu.

Þeim verkfallsaðgerðum sem aðildarfélögin

boðuðu til má skipta í tvo hluta. Annars vegar átti þorri félagsmanna hjá ríkinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg að leggja niður störf á ákveðnum dögum. Þessi hópur átti að leggja niður störf dagana 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars og 31. mars og 1. apríl.

Í hinum hlutanum voru smærri hópar starfsmanna sem vera áttu í ótímabundnu verkfalli frá og með 9. mars. Í þeim hópi voru meðal annars starfsmenn í grunnskólum og leiðbeinendur á frístundaheimilum á nær öllu höfuðborgarsvæðinu auk Akraness, auk starfsmanna hjá Skattinum og sýslumanns-embættum um allt land.

Boðaðar aðgerðir áttu að halda áfram fram að páskum, en þann 15. apríl var boðað til ótímabundins allsherjarverkfalls aðildarfélaganna þar til samningar tækjust. Alls stefndi því í að um 15.400 félagsmenn BSRB færu í verkfall frá 9. mars.

Áður en til verkfalla kæmi frestaði Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna öllu verkfallsaðgerðum eftir að viðbúnaðarstig vegna COVID-19 faraldursins hafði verið hækkað í hættustig. Þá var mikill þrýstingur á önnur aðildarfélög bandalagsins að veita undanþágur frá verkfalli fyrir heilbrigðisstéttir og samþykktu Sjúkraliðafélag Íslands og Sameyki að veita starfsmönnum á Landspítalanum og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins undanþágu frá verkfalli fyrstu tvo dagana.

Ekki kom til þess að verkföll skyllu á með fullum þunga þar sam samningar voru undirritaðir aðfaranótt 9. mars. Verkföllin hófust tæknilega á miðnætti en í raun varð lítil sem engin röskun vegna þeirra, þó stjórnendur á vinnustöðum hafi auðvitað þurft að undirbúa sig undir verkfall með tilheyrandi röskun og álagi.

Kjarasamningar undirritaðir

Rúmlega 11 mánuðum eftir að kjarasamningar losnuðu undirrituðu öll félögin sem boðað höfðu til verkfallsaðgerða kjarasamninga, um það leyti eða stuttu eftir að boðaðar verkfallsaðgerðir áttu að hefjast.

Setið var við allan daginn og fram á kvöld síðustu dagana fyrir verkfall. Eftir að samkomulag náðist um styttingu vinnuvikunnar voru önnur ófrágengin mál á sameiginlega borðinu afgreidd, samhliða því



Á tímum COVID-19 faraldursins þurfti að fara nýjar leiðir við að kynna kjarasamninga og taka upp kynningarmyndbönd fyrir helstu þætti samninganna.

sem samið var við einstök aðildarfélög um launaliðinn og önnur sérmál.

Samningar bæjarstarfsmannafélaganna voru undirritaðir skömmu fyrir miðnætti að kvöldi 8. mars. Vinnan við að ljúka öðrum samningum hélt áfram fram eftir nóttu og voru síðustu samningarnir undirritaðir snemma um morguninn.

Mikill þrýstingur var í samfélaginu að ljúka samningum áður en til verkfalls kæmi, ekki síst vegna þess viðbúnaðarstigs sem hafði verið virkjað vegna COVID-19 faraldursins. Skömmu fyrir helgi hafði verið lýst yfir hættustigi og óttuðust margir að samkomubann yrði lagt á fljótlega. Þá varð óttinn við faraldurinn til þess að baráttufundur sem boðaður hafði verið fyrsta daginn í verkfallinu var afboðaður, enda ekki ábyrgt að safna stórum hópi fólks saman vegna ótta um smit.

Þrátt fyrir þrýstinginn var forystufólk félaganna ánæggt með kjarasamningana. Samningarnir voru að mörgu leyti tímamótasamningar, enda ákvæði um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar mesta breyting á vinnutíma félagsmanna í næstum hálfá öld.

Starfsmenn í dagvinnu geta stytta vinnuvikuna allt niður í 36 stundir. Vinnuvika vaktavinnufólks styttest í 36 stundir og er mögulegt að stytta allt niður í 32 stundir. Þá var samið um að allir félagsmenn aðildarfélaganna fái 30 orlofsdaga á ári, jöfnun launa milli markaða og fleira.

Launahækkunir sem aðildarfélögin sömdu um rúmast innan ramma lífskjarasamningsins sem gerður var á almenna vinnumarkaðinum árið 2019. Þar sem hvert aðildarfélag fyrir sig samdi um launakjör er útfærslan á launahækkunum eitthvað mismunandi á milli samninga. Einnig var samið um ýmis sérmál í kjarasamningum einstakra félaga.

Í kjölfar undirritunar kjarasamninga fóru félögin að huga að kynningu á samningunum og atkvæðagreiðslu um efni þeirra. Kynningarnar báru þess glögg merki að COVID-19 faraldurinn var tekinn alvarlega og ekki heppilegt að boða til stórra kynningarfunda á efni samninganna. Þess í stað var tæknin nýtt til að koma efni samninganna til félagsmanna.

BSRB tók upp myndbönd með kynningarefni um þau mál sem höfðu verið á sameiginlegu borði BSRB og setti ásamt texta og glærakynningu á vef bandalagsins ásamt ítarlegum lista yfir mögulegar spurningar og svör sem félagsmenn gætu verið með eftir að hafa kynnt sér málið.

Atkvæðagreiðslur um kjarasamningana fóru almennt fram rafrænt og hafði faraldurinn því ekki önnur áhrif á þær en þau að erfitt var að kynna efni kjarasamninganna og hvetja fólk til dáða, enda ekki í boði að halda vinnustaðafundi eða boða til opinna funda. Þátttakan í atkvæðagreiðslum var þó víðast hvar góð og niðurstaðan í þeim öllum á einn veg; kjarasamningarnir voru samþykktir með miklum meirihluta greiddra atkvæða.

Samtalið við stjórnvöld

Samhliða því að unnið var að gerð kjarasamninga var BSRB í samtali við stjórnvöld um aðgerðir sem gætu orðið til þess að liðka fyrir gerð kjarasamninga. Eftir að þorri aðildarfélaga skrifaði undir aðfaranótt 9. mars samþykkti ríkisstjórnin yfirlýsingu vegna saminganna. Í yfirlýsingu, sem gefin var út 13. mars, segir að sett verði í gang vinna við tvö aðskilin verkefni.

Í fyrsta lagi munu stjórnvöld setja í gang heildarendurskoðun á opinberum stuðningskerfum við barnafjölskyldur á Íslandi, en BSRB hefur á undanförunum árum gagnrýnt barnabótakerfið harðlega. Í yfirlýsingu segir að vinna eigi greiningu á stuðningi við barnafjölskyldur með sérstakri áherslu á barnabótakerfið. Markmiðið er að meta kosti kerfisins og greina hvernig mögulegt sé að breyta því með tilliti til tekjutenginga, aldurs barna og virkni kerfisins fyrir barnafjölskyldur. Greiningin, sem vinna á í samráði við samtök launafólks, á að liggja fyrir ekki síðar en 15. janúar 2021.

Í öðru lagi segir í yfirlýsingu að skipa eigi fyrir lok maí 2020 starfshóp sem falið verður að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Í aðgerðunum á að hafa að leiðarljósi að leiðréttu kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Starfshópurinn á að skila tillögum sínum fyrir lok árs 2021.

BSRB mun beita sér fyrir því að stjórnvöld standi við þessi fyrirheit og að þau markmið um tímasetningar sem þar eru sett fram standist. ■

Kynningarmál

Allt frá árinu 2016 hefur BSRB unnið markvisst að kynningarmálum bandalagsins með gerð kynningarátæla þar sem sett eru mælanleg markmið um sýnileika og virkni í kynningarmálum.

Í áætlun ársins 2019 voru eftirfarandi markmið sett fram:

➔ **Fjölmiðlavöktun:** Umræða í fjölmiðlum sem tengist bandalaginu og þeim málaflokum sem eru á dagskrá hjá bandalaginu er vöktuð. Samantekt með fréttum er send á starfsmenn BSRB og

stjórn bandalagsins. Markmiðið er að senda 15 pósta að meðaltali í mánuði.

➔ **Fréttir á vef BSRB:** Skrifaðar eru tvær fréttir sem birtast á vef bandalagsins og samfélagsmiðlum í hverri viku.

➔ **Skoðanapistlar á vef BSRB:** Tíðni á pistlum á vef bandalagsins er lægri en á fréttum en miðað er við að einn nýr pistill sé birtur í hverjum mánuði.

➔ **Fróðleiksmolar á vef BSRB:** Sérfræðingar BSRB skrifa fróðleiksmola tengda þeim verkefnum sem þeir eru að vinna hverju sinni. Molarnir eru á einhvern hátt upplýsandi fyrir formenn og starfsmenn aðildarfélaga en einnig almenna félagsmenn. Þrjú fróðleiksmolar eru birtir í hverjum mánuði.

➔ **Fréttir í fjölmiðlum:** BSRB vekur athygli fjölmiðla á verkefnum bandalagsins og áherslum með það að markmiði að fréttir birtist um tvö aðskilin málefni tengd bandalaginu í hverjum mánuði.

➔ **Viðtöl við forsvarsmenn:** Fjölmiðlum eru boðin viðtöl við forsvarsmenn BSRB um þau mál sem bandalagið vinnur að hverju sinni og er miðað við að í það minnsta eitt viðtal birtist í hverjum mánuði.

➔ **Aðsent efni í fjölmiðlum:** BSRB kemur skoðunum sínum og áherslum á framfæri með reglulegum skrifum í dagblöð og vefmiðla og setur sér það markmið að ein grein birtist í fjölmiðlum í hverjum mánuði.

➔ **Rafrænt fréttabréf:** Unnið er rafrænt fréttabréf í lok hvers mánaðar og sent á póstlista BSRB. Hann nær til fjölda félagsmanna aðildarfélaga, þingmanna, fjölmiðla og fleiri. Í fréttabréfinu er vakin athygli á fréttum sem sagðar hafa verið af bandalaginu þann mánuðinn.

➔ **Fundir og ráðstefnur:** Haldnir eru fundir, málstofur og ráðstefnur um málefni sem BSRB vill koma í umræðuna, eftir því sem tilefni gefast til og miðað við að bandalagið standi fyrir eða taki þátt í fjórum fundum eða ráðstefnum á ári.

Áætlunin fyrir árið 2019 var gerð upp í byrjun árs 2020, árangurinn metinn og markmiðin endurnýjuð.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, hefur verið vinsæll viðmælandi í fjölmiðlum síðasta árið.

Árangurinn á árinu fór almennt talsvert fram úr áætlunum, en ástæðan fyrir því var einkum aukinn áhugi á málefnum bandalagsins í þeim langdregnu kjaraviðræðum sem stóðu yfir frá því snemma árs 2019 fram í mars 2020.

Fjölmiðlavöktunin var um það bil á áætlun, um sex prósent fleiri póstar voru sendir en áætlunin gerði ráð fyrir. Fréttir á vef BSRB voru einnig nærri áætlun, um átta prósentum yfir settu markmiði. Pistlar á vefnum voru nokkuð fleiri en áformað var en aukningin tengdist aukinni áherslu á skoðanir forsvarsmanna í kjaraviðræðunum. Fróðleiksmolarnir voru hins vegar færri en áætlað var, eða um 27 prósent undir markmiðum. Skýringin

Markmiðið var að koma tveimur aðskildum fréttamálum í fjölmiðla í hverjum mánuði, alls 24 yfir árið. Raunin varð hins vegar að fréttamálin urðu 62 talsins með alls 178 einstökum fréttum.

á því var sú að bandalagið var án hagfræðings stóran hluta ársins og því færri til að skrifa fróðleik fyrir félagsmenn.

Bandalagið var talsvert meira í fjölmiðlum en áætlun gerði ráð fyrir. Markmiðið var að koma tveimur aðskildum fréttamálum í fjölmiðla í hverjum mánuði, alls 24 yfir árið. Raunin varð hins vegar að fréttamálin urðu 62 talsins með alls 178 einstökum fréttum. Ástæðan var nær eingöngu kjaraviðræðurnar og áhugi fjölmiðla á nýjustu fréttum af þeim. Sama var upp á teningnum þegar kom að viðtölum við forystu bandalagsins, áætlunin gerði ráð fyrir 12 viðtölum en þau reyndust 63 þegar upp var staðið.

Annað var nokkurnvegin á áætlun. Alls voru birtar 12 aðsendar greinar í fjölmiðlum, sem var samkvæmt áætlun, og 12 rafræn fréttabréf fóru til félagsmanna, sem einnig var samkvæmt áætlun. Áætlun gerði ráð fyrir þátttöku í fjórum opnum fundum eða ráðstefnum, en alls stóð bandalagið fyrir eða tók þátt í fimm viðburðum þetta árið.

Þrátt fyrir að árangurinn á árinu þegar kom að fjölmiðlum hafi verið langt umfram markmið var ákveðið að halda markmiðum óbreyttum á árinu 2020, enda um margt óvenjulegar aðstæður sem kölluðu á aukinn áhuga fjölmiðla. ■

Kórónaveiran

Starfsemi BSRB varð fyrir talsverðum áhrifum af útbreiðslu kórónaveirunnar í íslensku samfélagi frá því snemma í mars 2020. Útbreiðsla veirunnar var farin að valda verulegum áhyggjum um það leyti sem boðuð verkföll þorra aðildarfélaganna bandalagsins áttu að skella á þann 9. mars. Töluverður þrýstingur myndaðist á samningsaðila að ná saman áður en til verkfalla kæmi til að auka ekki enn á óvissuna í samfélaginu.

Starfsemin í félagamiðstöðinni við Grettisgötu 89 var aðlöguð að breyttum tímum. Fyrst með upp-

Starfsemin gekk sinn vanagang þó starfsfólk væri ekki saman á skrifstofunni. Í stað þess að funda innhúss eða með öðrum í eigin persónu var notast við fjarfundarbúnað og tölvupósta.

setningu sprittbrúsa, breytinga í mótuneyti og takmörkunum á fundum. Þann 16. mars var svo ákveðið að loka húsinu fyrir öðrum en starfsmönnum til að tryggja öryggi þeirra eins og hægt var og draga úr líkum á smiti. Um svipað leyti var starfsmönnum á skrifstofu BSRB boðið að vinna heiman frá og í kjölfarið færðist starfsemin að talsverðu leyti inn á heimili starfsmanna sem unnu í fjarvinnu eftir hentugleikum.

Skrefið var svo stigið til fulls mánudaginn 24. mars, þegar allir starfsmenn BSRB sinntu sínum störfum

heiman frá. Skrifstofan var því lokuð, og tækifærið notað til að mála hana þar sem starfsmenn gátu hvort eð er ekki verið við störf í húsnæðinu. Starfsemin gekk sinn vanagang þó starfsfólk væri ekki saman á skrifstofunni. Í stað þess að funda innhúss eða með öðrum í eigin persónu var notast við fjarfundarbúnað og tölvupósta. Allir starfsmenn eru með fartölvu og símkerfið fer í gegnum netið svo ekki varð truflun á starfseminni á þessum tíma. Þegar slakað var á samkomubanninu þann 4. maí mætti starfsfólkið aftur til vinnu, en skrifstofan var áfram lokuð fyrir öðrum en starfsmönnum.

Skrifstofa BSRB byrjaði strax í upphafi faraldursins að miðla upplýsingum til aðildarfélaganna og félagsmanna þeirra. Teknar voru saman algengar spurningar og svör og sett á vef BSRB. Þá voru skrifaðir fróðleiksmolar og fréttir um réttindamál. Þá voru einnig tekin saman viðbrögð stjórnvalda og annarra til að halda saman á einum stað aðgerðum í þágu launafólks. Með því leitaðist bandalagið við að upplýsa bæði aðildarfélög og félagsmenn sem best á meðan faraldurinn stóð sem hæst.

Lögfræðingar bandalagsins svöruðu fjölda fyrirspurna tengdum réttindum fólks og unnu að sérstöku fræðsluefni á vef BSRB vegna faraldursins. Þá kom forystufólk bandalagsins áherslum BSRB á framfæri í tengslum við efnahagsaðgerðir stjórnvalda og gætti hagsmuna félagsmanna og launafólks gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum bæði út á við, svo sem í samtali við stjórnvöld og í umsögnum til Alþingis, og bak við tjöldin. Upplýsingar um áherslur BSRB vegna efnahagsaðgerða stjórnvalda og yfirlit yfir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til má nálgast á vef BSRB og eru þær uppfærðar reglulega. ■



Myndir af félagsmönnum aðildarfélaganna hafa verið notaðar í kynningarefni, átaksverkefnum og auglýsingum.

Ómissandi fólk

Myndataka fyrir ljósmyndaverkefnið Ómissandi fólk fór af stað stuttu fyrir aðalfund BSRB 2019. Fyrsta áfanga verkefnisins lauk um haustið og í kjölfarið ákvað stjórn bandalagsins að leggja þegar af stað í annan áfanga verkefnisins. Honum lauk snemma árs 2020 og höfðu þá alls 45 félagsmenn verið myndaðir.

Markmiðið með verkefninu var að sýna félagsmenn aðildarfélaganna BSRB í vinnu og bregða ljósi á fjölbreytileika þeirra starfa sem félagsmenn aðildarfélaganna BSRB sinna með því að mynda fjölda félagsmanna úr öllum félögum og um allt land við störf. Þannig er hægt að sýna á myndrænan hátt hversu ómissandi okkar félagar eru fyrir samfélagið um allt land. Myndirnar verða notaðar í kynningarefni, á samfélagsmiðlum og vef bandalagsins.

Siguður Ólafur Sigurðsson ljósmyndari hefur verið hjartað og sálin í þessu spennandi verkefni. Hann hefur farið á milli vinnustaða bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, hitt á félagsmenn og myndað þá við störf þeirra.

Þær myndir sem hafa verið teknar eru þegar komnar í notkun. BSRB fór í kynningarherferð á Facebook þar sem notast var við myndir úr verkefninu og stutta tilvitnun í viðkomandi um mikilvægi styttingar vinnuvikunnar. Markmiðið var að auka enn á þrýstinginn á viðsemjendur og sýna fram á mikilvægi þessa mikilvæga máls. Myndirnar vöktu mikla athygli og reyndist herferðin afar vel heppnuð.

Myndirnar voru einnig notaðar ásamt tilvitnunum á átaksvefnum styttri.is sem Hugsmiðjan vann fyrir BSRB í byrjun árs 2020. Nánar er fjallað um vefinn á blaðsíðu 30.

Stjórn BSRB ákvað á fyrsta stjórnarfundum ársins 2020 að halda verkefninu áfram og fara í þriðja áfanga verkefnisins. Vinna við að safna mögulegum þátttakendum er hafin, en sökum anna tengdum kjarasamningum, verkfallsboðunum, COVID-19 faraldrinum og öðrum málum sem ekki þoldu bið hefur vinna við þetta verkefni þurft að bíða um stund. Þráðurinn verður tekinn upp aftur þegar fer að hægjast á hjá bandalaginu. ■



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Drífa Snædal, forseti ASÍ og Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, á þingi NFS.

Samstarf

BSRB hefur í gegnum tíðina unnið að ýmsum góðum málefnum í samstarfi við önnur heildarsamtök hér á landi, sem og í samstarfi við erlend heildarsamtök launafólks sem bandalagið og aðildarfélag þess eiga aðild og aðkomu að. Þau verkefni héldu áfram frá síðasta aðalfundi í maí 2019.

Samvinna á íslenskum vinnumarkaði

Samstarf við önnur heildarsamtök á íslenskum vinnumarkaði hefur haldið áfram. Sú samstaða sem náðst hefur um mikilvæg mál hefur aukið slagkraft íslensks launafólks. Mánaðarlegir samráðsfundir með forsvarsmönnum Bandalags háskólamanna (BHM) og Kennarasambands Íslands (KÍ) hafa haldið áfram. Á fundunum er rætt um sameiginleg hagsmunamál opinberra starfsmanna og mögulega samstarfsfleti. Kjarasamningarnir hafa eðlilega verið mikið til umræðu á fundunum, sér í lagi sameiginleg hagsmunamál eins og stytting vinnuvikunnar.

Samtalið og samstarfið með Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur einnig haldið áfram. Unnið

hefur verið sameiginlega að ýmsum jafnréttismálum, haldinn sameiginlegur fundur um heilbrigðismál og ýmsir aðrir formlegir og óformlegir fundir um hagsmunamál félagsmanna.

Erlent samstarf

BSRB hefur haldið áfram samstarfi sínu við erlend heildarsamtök launafólks. Bandalagið er aðili að Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga, ITUC, Evrópusambandi verkalýðsfélaga, ETUC, og Norræna verkalýðssambandinu, NFS. Þing sambandanna sem haldin eru á fjögurra ára fresti eru sótt, auk þess sem fylgst er með málum sambandanna annars vegar beint og hins vegar í gegnum NFS.

Mest áhersla hefur verið lögð á Norræna verkalýðssambandið, NFS, en tveir stjórnarfundir eru haldir á ári hjá sambandinu. Sonja Ýr Þorbergsdóttir tók við formennsku í stjórn NFS í byrjun árs 2019 og gegndi embættinu til ársloka. Því fylgdi nokkuð álag, sér í lagi þar sem kjarasamningsviðræður drógust á langinn, en vel gekk að undirbúa og stýra fundum stjórnar og vinna að málum sambandsins.

Á þinginu var rætt um stöðu verkalýðshreyfingarinnar, styrk Norðurlandanna í Evrópusamstarfinu, félagsleg réttindi, framtíðarvinnumarkaðinn, breytt vinnuumhverfi, öfgahyggi, populisma, kjarasamninga og áfram haldandi velferð á Norðurlöndunum.

NFS er samband bandalaga verkalýðsfélaga á Norðurlöndunum sem hefur það hlutverk að samræma starf verkalýðsfélaga í löndunum, auka samvinnu milli landa og vinna að hagsmunum launafólks. Auk BSRB eiga ASÍ og BHM aðild að sambandinu.

Þing NFS var haldið í Svíþjóð í september og sátu fulltrúar BSRB þingið, sem haldið var undir yfirskriftinni „Byggjum brýr“. Á þinginu var lögð áhersla á bæði jafnréttismál og umhverfismál auk hlutverk verkalýðsfélaga í framtíðarþróun vinnumarkaðarins, eins og Sonja Ýr kom inn á í setningarræðu sinni á þinginu.

Á þinginu var rætt um stöðu verkalýðshreyfingarinnar, styrk Norðurlandanna í Evrópusamstarfinu, félagsleg réttindi, framtíðarvinnumarkaðinn, breytt vinnuumhverfi, öfgahyggi, populisma, kjarasamninga og áframhaldandi velferð á Norðurlöndunum. Í þinginu fóru umræður fram í hópum og verður afrakstur þeirrar vinnu lagður fyrir stjórn NFS og verða henni leiðarljós í vinnu komandi ára.

BSRB er einnig aðili að Alþjóðlegum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, PSI, Evrópskum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, EPSU, og Norrænum heildarsamtökum opinberra starfs-

BSRB og ASÍ sendu sameiginlegar vikulegar skýrslur fyrir Íslands hönd frá 13. mars og tóku þátt í vikulegum fundum um stöðuna.

manna, NOFS, og hefur starfað á þeim vettvangi á undanfögnu ári.

NFS hefur stofnað til samstarfs um áherslur verkalýðshreyfingarinnar í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Í því samstarfi eru einnig Samband þýska verkalýðsfélaga og þýska hugveitan Fredrich Ebert Stiftung. Verið er að skrifa skýrslur fyrir hvert og eitt af löndunum um áhrif nauðsynlegra aðgerða á atvinnustig og atvinnugreinar. Á grundvelli skýrslanna verður unnin ein sameiginleg stutt skýrsla um áherslur verkalýðshreyfingarinnar varðandi nauðsynlegar aðgerðir og tillögur um hvernig hagsmunir launafólks verði varðir. Áætlað er að sú skýrsla komi út fyrir árslok 2020. BSRB stýrir vinnunni fyrir Íslands hönd.

Frá því um miðjan mars 2020 hefur NFS haldið utan um upplýsingaskipti á milli aðildarbandalaga sinna um stöðuna í hverju Norðurlandanna og efnahagsaðgerðir stjórnvalda. BSRB og ASÍ sendu sameiginlegar vikulegar skýrslur fyrir Íslands hönd frá 13. mars og tóku þátt í vikulegum fundum um stöðuna.

Talsvert hefur verið rætt um tilhögun erlenda samstarfsins á fundum formannaráðs og á fundum stjórnar undanfarið misseri og hugmyndir uppi um að aðildarfélag bandalagsins taki yfir þátttöku, og samhliða því kostnað, við þátttöku í PSI, EPSU og NOFS, ásamt undirnefndum EPSU. Sameyki hefur þegar tekið að sér að sinna fundum NOFS og skipað fulltrúa í undirnefnd EPSU um ríkisstarfsmenn. Þá hefur Sjúkraliðafélag Íslands skipað fulltrúa í undirnefnd EPSU um heilbrigðismál.

Ákvörðun um þessi mál hefur fengið að bíða undanfarið ár, enda hefur vinna við gerð kjarasamninga tekið mikinn tíma hjá bæði BSRB og aðildarfélagunum. Til stendur að taka ákvörðun um framtíðartilhögun samstarfsins innan tíðar.

Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB, hefur setið fundi Ráðgjafarnefndar EFTA fyrir hönd BSRB. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins frá Íslandi, Noregi, Liechtenstein og Sviss og fundar nokkrum sinnum á ári. Á árinu 2019 var 25 ára afmæli EES samningsins fagnað og fór hluti starfsins í að meta ávinning samstarfsins af EES samstarfinu fyrir aðildarríki EES og ESB. Þá var fjallað um fríverslunarsamninga sem tæki til að stuðla að betri réttindum launafólks og sjálfbærni, auk þess að fjallað var um Brexit, framtíðarvinnumarkaðinn og stefnu nýrrar framkvæmdastjórnar ESB, meðal annars um loftslagsmál og lágmarkslaun. ■

Starfsdagar nefnda

Áformuðum áformuðum starfsdögum réttindanefndar og menntanefndar BSRB sem halda átti í mars 2020 var frestað vegna yfirstandandi kjaraviðræðna, og þeir að lokum felldir niður vegna COVID-19 faraldursins. Því var einungis einn starfsdagur réttindanefndar haldinn frá síðasta aðalfundi bandalagsins.

Vinnudagur réttindanefndar

Réttindanefnd BSRB stóð fyrir vel heppnuðum vinnudegi 30. október þar sem starfsmenn aðildarfélaga BSRB gátu sótt sér ýmsan fróðleik um réttindamál og þjónustu við félagsmenn. Vel á fjórða tug sótti fundinn.

Menntadagur

Boðað hafði verið til menntadags þann 26. mars 2020 í líkingu við fyrri menntadaga sem menntanefnd BSRB hefur staðið fyrir. Ekki varð af því og var fundinum frestað vegna kjaraviðræðna og hann svo endanlega felldur niður vegna COVID-19 faraldursins. ■

Stytting vinnuvikunnar

Langþráður áfangi í því að stytta vinnuvikuna náðist í kjarasamningunum sem undirritaðir voru aðfaranótt 9. mars. Stytting vinnuvikunnar hefur verið eitt stærsta baráttumál BSRB árum saman og hefur bandalagið beitt sér fyrir tilraunaverkefnum og rannsóknum til að sýna fram á mikilvægi styttingar vinnuvikunnar.

Málið var sett í forgang í kjaraviðræðunum og náðist þar að stytta vinnuviku dagvinnufólks um allt að fjóra tíma, en nákvæm útfærsla var unnin á hverjum vinnustað. Enn meiri árangur náðist hjá vaktavinnufólki. Þar var vinnuvikan stytta um fjórar stundir hjá öllum, og þeir sem vinna þingstu vaktirnar geta fengið styttingu um allt að átta stundir. Þessi árangur náðist eftir að viðræður um kjarasamning höfðu staðið yfir í ár og því öll um ljóst að hann náðist ekki átakalaust.

Til að leggja áherslu á kröfur sínar notaði BSRB meðal annars myndir sem teknar höfðu verið fyrir ljósmyndaverkefnið Ómissandi fólk (sem fjallað er um annarsstaðar í þessari skýrslu) ásamt tilvitnunum í fólkið á myndunum tengt styttingu vinnuvikunnar.

Þá var farið í samstarf með Hugsmiðjunni um kynningarátak sem hefjast átti snemma árs 2020. Smíðuð var sérstök vefsíða fyrir átakið, styttri.is, og sett inn efni til að vekja athygli á kostum þess að stytta vinnuvikuna. Síðan var jafnframt hönnuð með það í huga að þegar kjarasamningar tækjust yrði hægt að umbreyta henni í kynningarsíðu til að auðvelda stofnunum og vinnustöðum að innleiða styttinguna sem best.

Verkefnið var um það bil að fara í loftið þegar samningar tókust og var því ákveðið að hinkra með að vekja athygli á síðunni. Í framhaldinu var síðunni breytt í leiðbeiningarsíðu vegna innleiðingar, eins og áformað hafði verið. ■

Umsagnir um þingmál

Skrifstofa BSRB vinnur umsagnir um fjölda þingmála á hverju þingi, bæði mál í samráðsgátt stjórnvalda og mál sem eru í meðferð Alþingis. Mál sem bandalagið veitir umsagnir um eru almennt mál sem hafa með einhverjum hætti áhrif á félagsmenn aðildarfélaga bandalagsins og er leitast við að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Þá mæta fulltrúar bandalagsins fyrir þingnefndir þegar þörf er á til að skýra afstöðu þess betur í stærri málum.

Listi yfir þær 25 umsagnir sem BSRB hefur sent Alþingi frá aðalfundi BSRB í maí 2019 er hér að neðan. Hægt er að lesa umsagnirnar í heild sinni á vef bandalagsins. Umsagnirnar eru aðgengilegar öllum á vef bandalagsins.

- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020 – 2024, 750. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, 1. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (tekjuskattur einstaklinga, barnabætur, persónuafsláttur)
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020, 2. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, (hækkun starfslokaaldurs), 129. mál
- Umsögn BSRB um tillögu um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 190, um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020 – 2023, 102. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof (lenging á rétti til fæðingarorlofs)
- Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 (verkfallsréttur lögreglu-manna), 68. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016, með síðari breytingum (hækkun tekju- og eignamarkna leigjenda, sérstakt byggðaframlag, veðsetning o.fl.), 320. mál

- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 319. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta (vistvænna ökutækja o.fl.), Mál nr. 432
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um vernd uppljóstrara, 362. mál
- Umsögn BSRB um menntastefnu til ársins 2030
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa, 664. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví, 667. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008, (borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila), 697. mál
- Viðbótarumsögn BSRB um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak, 699. mál
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 397. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018 (endurgreiðslur), 727. mál
- Umsögn BSRB um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, 724. mál og frumvarp til laga um frekari aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 726. mál
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19-heimsfaraldursins, 723. mál



Sigríður Hilda Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi frá SHJ ráðgjöf fjallaði um þjónustu stéttarfélaganna á vinnudegi réttindanefndar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi frá SHJ ráðgjöf fjallaði um hvernig stéttarfélagin og starfsmenn þeirra geta bætt þjónustuna við félagsmenn með því að auka hæfni starfsmanna. Hún lagði meðal annars fyrir stutt verkefni fyrir þátttakendur sem þeir unnu í litlum hópum.

Eftir námskeið Sigríðar Huldu fjallaði Hrannar Már Gunnarsson, lögfræðingur BSRB um ónæði utan vinnutíma og hvíldartímabrot. Þessi málefni hafa verið að komast sífellt meira í kastljósið enda algengt að starfsmenn séu því sem næst sí tengdir vinnustaðnum eftir að vinnutíma líkur í gegnum tölvupóst og símtöl.

Að lokum fjallaði Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB, um rannsóknir á vaktavinnu og vinnutíma, í tengslum við ráðstefnu sem hún og fulltrúar nokkurra aðildarfélaga BSRB sóttu nýverið þar sem fjallað var um þessi mál.

Til stóð að halda annan vinnudag réttindanefndar 17. mars. Ákveðið var snemma árs að fresta honum vegna kjaraviðræðna og var hann að lokum felldur niður vegna COVID-19 faraldursins.



Drífa Snædal, forseti ASÍ, og Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, handsala samkomulag um stofnun Vörðu.

Varða – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins

Ákveðið var á vettvangi BSRB og ASÍ að stofna rannsóknarstofnun í vinnumarkaðsfræðum. Samkomulag um þetta verkefni var undirritað um miðjan október 2019. Stofnunin mun hafa það að markmiði að efla rannsóknir á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála. Norræn heildarsamtök á vinnumarkaði starfrækja mörg hver slíkar stofnanir og er því sérstakt ánægjuefni að íslenska verkalýðshreyfingin stígi nú þetta stóra skref.

Stofnuninni er ætlað að bæta þekkingu á lífsskiptum launafólks og brúa bilið milli fræðasamfélagsins og verkalýðshreyfingarinnar og dýpka umræðuna um kaup og kjör. Hún verður þverfagleg og sjálfstæð í sínum störfum. Haldin var

samkeppni um nafn á stofnunina og var Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins valið besta nafnið í lok desember 2019.

Í kjölfarið var auglýst eftir framkvæmdastjóra Vörðu, en honum er ætlað að leggja drög að og stýra rannsóknarverkefnum á sviði vinnumarkaðsmála og leiða saman fólk til þekkingaröflunar um málefni sem varða launafólk. Þá verður hlutverk hans að miðla þekkingu um stöðu launafólks og velferð almennings og taka þátt í alþjóðasamstarfi fyrir hönd stofnunarinnar. Tilkynnt var um ráðningu Kristínar Hebu Gísladóttur í starfið seint í janúar 2020, en hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri AkureyrarAkademiunnar. ■

Þjóðhagsráð

Formaður BSRB á sæti í Þjóðhagsráði ásamt formönnum ríkisstjórnarflokkanna og öðrum aðilum vinnumarkaðarins. Ráðið fundar ársfjórðungslega um efnahags- og félagsmál.

Haldinn var aukafundur í ráðinu í mars 2020 um nauðsynlegar aðgerðir stjórnvalda vegna

heimsfaraldursins. Á vettvangi ráðsins hefur formaður BSRB lagt áherslu á félagslegan stöðugleika og nauðsyn þess að endurskoða skakkt verðmætamat starfa, vinnuálag sem veldur kulnun, betri tölfræði um veikindi og vinnutíma, jafnt launaðan sem ólaunaðan. Formaður BSRB hefur líka lagt áherslu á sanngjörn umskipti fyrir launafólk í tengslum við aðgerðir stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. ■

Kynjabókhald

BSRB starfar efir stefnu bandalagsins um jafnréttismál, en stefnan var uppfærð og samþykkt á 45. þingi bandalagsins. Í henni segir að jafnrétti skuli haft að leiðarljósi í allri starfsemi BSRB og ávallt skuli leggja mikla áherslu á að gæta að því að kynjahlutföll séu sem jöfnust í starfseminni, til dæmis við val á ræðumönnum á fundum og í málstofum, gestum nefnda og annarsstaðar.



Ekki hafa orðið miklar breytingar á kynjahlutföllum meðal félagsmanna BSRB milli ára. Í janúar 2020 voru félagsmenn alls 21.865, og hafði fjöldinn dregist lítillega saman milli ára. Um 66 prósent voru konur en 34 prósent karlar, sem eru svipuð hlutföll og undanfarin ár.

Hlutfall kynja í níu manna stjórn BSRB eru eins jöfn og mögulegt er. Þar sitja fjórar konur og fimm karlar, en fyrir 45. þing bandalagsins sátu þar fimm

konur og fjórir karlar. Af fjórum varamönnum eru þrjár konur og einn karlmaður.

Í formannaráði BSRB eiga sæti allir formenn aðildarfélaganna bandalagsins auk formanns BSRB. Alls eru 25 fulltrúar í formannaráðinu, 15 karlar og 10 konur. Karlar eru því 60 prósent fulltrúa í formannaráði en konur 40 prósent. Hlutföllin eru þau sömu og á síðasta ári og svipuð og þau voru á 45. þingi bandalagsins í október 2018.

Kynjahlutföllin í starfsnefndum bandalagsins eru svipuð og hlutföllin meðal félagsmanna aðildarfélaganna. Í starfsnefndum sem starfa munu frá 2018 til 2021 eru um 60 prósent konur en um 40 prósent karlar. Hlutföllin eru óbreytt milli ára og svipuð og þau voru í nefndunum sem störfuðu fyrir 45. þing BSRB. Nokkur munur er þó á milli nefnda, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. ■



Nefndarstörf

Starfsnefndir BSRB

Stjórn BSRB skipaði starfsnefndir bandalagsins eftir 45. þing bandalagsins og hafa nefndirnar starfað með óbreyttu sniði síðan. Alls eru fimm starfsnefndir starfræktar hjá BSRB; kjaranefnd, jafnréttisnefnd, menntanefnd, velferðarnefnd og réttindanefnd. Þá ákvað stjórnin að koma á laggjarnar sérstökum starfshópi um umhverfismál.

Verkefni nefndanna eru fjölbreytt en að jafnaði hittast þær einu sinni í mánuði til að fjalla um mál sem tengjast þeim málaflokki sem hver nefnd hefur á sinni könnu. ■

Kjaranefnd

Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í kjaramállum, efnahags- og skattamálum, atvinnumálum, lífeyrismálum og húsnæðismálum. Formaður kjaranefndar er Garðar Hilmarsson og starfsmaður Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur BSRB.

Kjaranefnd hefur fjallað um vinnu við að jafna laun á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins og fékk Árna Stefán Jónsson til að kynna vinnu nefndar sem vinnur að jöfnun launa í samræmi við samkomulag ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka launafólks um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá árinu 2016.

Kjaranefnd fjallið um tekjuskattskerfið og fékk Helgu Jónsdóttur skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu (og fyrrverandi framkvæmdastjóra BSRB) á fund nefndarinnar. Nefndin hóf einnig undirbúning að stefnumótunarvinnu fyrir næsta þing BSRB.

Nefndarfullk: Atli Bachmann PFI, Árne Egilsson Kjölur, Ásbjörn Sigurðsson FOSS, Garðar Hilmarsson Sameyki, Guðbrandur Jónsson FSS, Ingvar Reynisson STH, Jón Gísli Ragnarsson TFÍ, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir SLFÍ, Kári Örn Óskarsson FIF, Kristjana Árnadóttir SDS, Rita Arnfjörð SFK, Sverrir Björn Björnsson LSS, Þórarinn Eyfjörð Sameyki.

Tengiliðir: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Ramuné Kamarauskatié Sameyki, Sandra B. Franks SLFÍ.

Jafnréttisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í jafnréttismálum. Formaður jafnréttisnefndar er Helga Hafsteinsdóttir og starfsmaður Dagný Aradóttir Pind lögfræðingur BSRB.

Áherslumál jafnréttisnefndar á þessu starfsári voru m.a. samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs og kynjuð fjármál og hagstjórn. Nefndin fékk til sín nokkra gesti sem fjölluðu um þessi mál, m.a. um kynjaáhrif skattkerfisins. Þá tók nefndin til umfjöllunar fæðingarorlofsmál og kynferðislega og kynbundna áreitni.

Nefndarfullk: Birna Kjartansdóttir FOSS, Bryngeir A. Bryngeirsson Sameyki, Freydis Anna Ingvarsdóttir SLFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Hrafnhildur Pálsdóttir STH, Kristín Sigurðardóttir Kjölur, Marta Ólöf Jónsdóttir SFK, Sólveig Jónasdóttir Sameyki.

Tengiliðir: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Sandra B. Franks SLFÍ.

Menntanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í menntamálum. Hlutverk nefndarinnar er jafnframt að taka til umfjöllunar álitæfni sem snúa að framtíð vinnumarkaðar (4. iðnbyltingin). Formaður menntanefndar er Karl Rúnar Þórsson og starfsmaður Dagný Aradóttir Pind lögfræðingur BSRB.

Menntanefnd lagði áherslu á málefni tengd framtíðarvinnumarkaðnum. Á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar er mikilvægt að samtök launafólks séu í forgrunni um mótun stefnu til framtíðar. Nefndin fékk meðal annars kynningu á tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti störfum og skýrslu starfshóps forsætisráðherra um fjórðu iðnbyltinguna. Þá voru málefni starfsgreinaráða, Félagsmálaskóla alþýðu og fagháskólanám einnig tekin til umfjöllunar.

Nefndarfullk: Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Ingibjörg Sif Fjelsted Sameyki, Jófríður Magnúsdóttir SDS, Karl Rúnar Þórsson STH, Kristín Erna Leifsdóttir FOSS, Málfríður Anna Gunnlaugsdóttir SFK, Unnur Sigmarsdóttir STAVEY, Þórveig Þormóðsdóttir FSS, Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki.

Tengiliðir: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Sandra B. Franks SLFÍ.

Velferðarnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í heilbrigðismálum, almannaþjónustunni og almannaþryggingum ásamt velferðarmálum og starfsumhverfi opinberra starfsmanna. Formaður velferðarnefndar er Sandra B. Franks og starfsmaður Hrnannar Már Gunnarsson lögfræðingur BSRB.



Starf nefndarinnar var fjölbreytt á árinu. Nefndin fjallaði meðal annars sérstaklega um fjármögnun heilbrigðiskerfisins, mönnun og aðbúnað starfsmanna, kostnaðarþátttöku almennings, aðgang að heilbrigðisþjónustu og málefni öryrkja.

Nefndin fékk góða gesti á árinu, fyrst Þuríði Hörpu Sigurðardóttur formann Öryrkjabandalags Íslands, til að fjalla um um starfsgetumat. Hún fór yfir þær áskoranir sem öryrkjar standa frammi fyrir á vinnumarkaði, hvernig starfsgetumat hefur haft slæm áhrif á þeirra atvinnuöguleika og skort á hlutastörfum fyrir öryrkja með starfsgetu.

Þá fékk nefndin Margréti Rósu Kristjánsdóttur, deildarstjóra hjá Sjúkratryggingum Íslands, til fundar til að fjalla um greiðsluþátttökukerfið. Hún fór ítarlega yfir þær breytingar sem hafa átt sér stað á greiðsluþátttöku hér á landi undanfarin ár, bæði varðandi kostnað af heilbrigðisþjónustu og lyfjakaupum sjúklinga.

Samkvæmt starfsáætlun nefndarinnar stendur til að fjalla einnig um fátækt barna, fíknisjúkdóma, málefni aldraðra og stöðtækjaþjónustu áður en 46. þing BSRB verður haldið.

Nefndarfullk: Guðrún Elín Björnsdóttir SLFÍ, Herdís Jóhannsdóttir Sameyki, Hólfríður Guðlaug Jónsdóttir Kjölur, Jóhannes Ævar Hilmarsson STK, Sandra B. Franks SLFÍ, Sigrún Ómarsdóttir PFI, Svala Ósk Sævarsdóttir FOSS, Kristín Guðrún Ólafsdóttir SDS.

Réttindanefnd

Hlutverk nefndarinnar er að taka til umfjöllunar þau mál sem aðildarfélög skjóta til BSRB varðandi túlkun á réttindamálum sem eru almenn fyrir aðildarfélögin. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni félaganna. Formaður réttindanefndar er Arna Jakobína Björnsdóttir og starfsmaður Hrnannar Már Gunnarsson lögfræðingur BSRB.

Nefndin tók til skoðunar 15 erindi frá aðildarfélögum BSRB þar sem óskað var eftir túlkun nefndarinnar á reglum kjarasamnings. Nefndin skilaði frá sér rökstuddu álitu í öllum þeim málum og tók einnig afstöðu til tveggja beiðna um aðstoð við rekstur dómsmáls frá aðildarfélögum.

Nefndarfullk: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Árný Erla Bjarnadóttir FOSS, Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ, Guðmundur Freyr Sveinsson Sameyki, Hermann Sigurðsson LSS, Karl Rúnar Þórsson STH, Lilja Magnúsdóttir SDS, Rita Arnfjörð SFK, Stefánía J. Nilsen Sameyki.

Tengiliðir: Birna Friðfinnsdóttir TFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Sandra B. Franks SLFÍ.

Starfshópur um umhverfismál

Hlutverk starfshópsins er að taka til umfjöllunar stefnu BSRB í umhverfismálum. Starfshópurinn gerir stjórn reglulega grein fyrir störfum sínum.

Starfshópur um umhverfismál hefur ákveðið að leggja áherslu á loftslagsmál fram að næsta þingi BSRB. Hagfræðingur BSRB hélt erindi með almennri kynningu á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda um samdrátt í losun og áherslum alþjóðlegu og evrópsku verkalýðssambandanna í loftslagsmálum.

Starfshópurinn hefur sent út bréf til allra formanna aðildarfélaga BSRB með hvatningu til félaganna að setja loftslagsmálin á dagskrá fyrir sína félagsmenn. Starfshópurinn hefur einnig verið í samstarfi við starfsmann umhverfisnefndar Sameykis en sú nefnd er að vinna að stefnu í loftslagsmálum.

Nefndarfullk: Guðmundur Freyr Sveinsson Sameyki, Jón Ingi Cæsarsson PFI, Ómar Örn Jónsson Kjölur.

Tengiliðir: Rita Arnfjörð SFK.

Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum

Fulltrúar BSRB eiga sæti í ýmsum nefndum og ráðum hérlendis og erlendis, þar sem þeir gæta hagsmuna félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

Innlendar nefndir

BSRB skipar fulltrúa í ýmsar nefndir, ráð, stjórnir, stýríhópa og annað sem fellur að starfsemi bandalagsins. Listi yfir þær nefndir og þau ráð, ásamt þeim fulltrúum bandalagsins sem í þeim sitja, fer hér á eftir.

Yfirkjörstjórn BSRB
<p>Aðal: Árni Egilsson Kili, Gissur Guðmundsson Landssambandi lögreglumanna, Gréta Húnfjörð Sameyki Vara: Edda R. Davídsdóttir Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar, Hlöðver Sigurdsson Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar og Lilja Magnúsdóttir Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu</p>
Félagamiðstöðin
<p>Aðal: Magnús Már Guðmundsson formaður BSRB, Sigrún Ómarsdóttir PFÍ, Snorri Magnússon LL, Þórarinn Eyfjörð Sameyki Vara: Ása Clausen, Guðlaug Hreinsdóttir, Jón Ingi Cæsarsson, Sólveig Jónasdóttir</p>
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, LSR
<p>Aðal: Árni Stefán Jónsson Sameyki, Þórveig Þormódsdóttir FSS Vara: Guðrún Árnadóttir LL, Kristín Á. Guðmundsdóttir SLFÍ</p>
Brú lífeyrissjóður
<p>Aðal: Garðar Hilmarsson Sameyki, Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB Vara: Anna María Gunnarsdóttir BSRB, Magnús Smári Smárason LSS</p>
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
<p>Aðal: Reynir Þorsteinsson PFÍ Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>
Bakhópur BSRB um lægri lífeyristökualdur
<p>Sandra B. Franks SLFÍ, Snorri Magnússon LL, Magnús Smári Smárason LSS, Birna Friðfinnsdóttir TFÍ, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Árni Stefán Jónsson Sameyki, Garðar Hilmarsson Sameyki, Kári Örn Óskarsson FÍF</p>
Uppstillinganefnd landssambands lífeyrissjóða
<p>Magnús Már Guðmundsson BSRB</p>
Félagsmálaskóli alþýðu skólanefnd
<p>Aðal: Karl Rúnar Þórsson STH Vara: Þórveig Þormódsdóttir FSS</p>
Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina 2019-2022
<p>Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki Vara: Karl Rúnar Þórsson STH, Svala Ósk Sævarsdóttir FOSS, Edda Ragna Davídsdóttir STAMOS</p>
Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina 2019-2021
<p>Aðal: Rita Arnfjörð St.Kóp. Vara: Sigrún Ómarsdóttir PFÍ</p>

Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina
<p>Aðal: Védís Guðjónsdóttir Sameyki Vara: Jón Ingi Cæsarsson PFÍ</p>
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
<p>Aðal: Karl Rúnar Þórsson STH Vara: Þórveig Þormódsdóttir FSS</p>
Stjórn Fræðslusjóðs
<p>Aðal: Karl Rúnar Þórsson STH Vara: Birna Ólafsdóttir SLFÍ</p>
Stjórn Virk
<p>Aðal: Garðar Hilmarsson Sameyki Vara: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB</p>
Samráðshópur um fagháskólanám
<p>Aðal: Þórarinn Eyfjörð Sameyki Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur</p>
Verkefnastjórn um fagháskólanám
<p>Aðal: Birna Ólafsdóttir SLFÍ Vara: Karl Rúnar Þórsson STH</p>
Vinnueftirlit ríkisins, stjórn
<p>Aðal: Snorri Magnússon LL Vara: Sandra B. Franks, SLFÍ</p>
Vinnumálastofnun, stjórn
<p>Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>
Vinumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins 2019-2023
<p>Aðal: Sigrún Helga Jónsdóttir Sameyki Vara: Rita Arnfjörð St.Kóp</p>
Vinumarkaðsráð Vesturlands 2019-2023
<p>Aðal: Helga Hafsteinsdóttir SDS Vara: Ingveldur Jónsdóttir Sameyki</p>
Vinumarkaðsráð Vestfjarða 2019-2023
<p>Aðal: Sigurður Arnórsson FOS-Vest Vara: Gunnfríður Magnúsdóttir Kjölur</p>
Vinumarkaðsráð Norðurlands vestra 2019-2023
<p>Aðal: Árni Egilsson Kjölur Vara: Sigurbjörn Björnsson LSS</p>
Vinumarkaðsráð Norðurlands eystra 2019-2023
<p>Aðal: Anna Rósa Magnúsdóttir Kjölur Vara: Reynir Stefánsson PFÍ</p>
Vinumarkaðsráð Austurlands 2019-2023
<p>Aðal: Þórður Vilberg Guðmundsson FOS-Aust Vara: Hafsteinn Ólason FOS-Aust</p>

Vinumarkaðsráð Suðurlands 2019-2023
<p>Aðal: Árný Eira Bjarnadóttir FOSS Vara: Unnur Sigmarsdóttir Stavey</p>
Vinumarkaðsráð Suðuresja 2019-2023
<p>Aðal: Stefán B. Ólafsson St. Suðurn. Vara: Ingvar Georg Georgsson LSS</p>
Nefnd um vinnustaðanámssjóð
<p>Aðal: Birna Ólafsdóttir SLFÍ Vara: Karl Rúnar Þórsson STH</p>
Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta
<p>Berglind Margrét Njálsdóttir TFÍ, Garðar Hilmarsson Sameyki</p>
Ferðakostnaðarnefnd
<p>Guðmundur F. Guðmundsson Sameyki</p>
Félagsdómur
<p>Sonja Hjördís Berndsen</p>
Jafnréttisráð
<p>Aðal: Þórunn Sveinbjarnardóttir BHM, Marianna Traustadóttir ASÍ Vara: Hlöðver Sigurdsson BSRB, Jóhann R. Sigursson ASÍ</p>
Stýrihópur um veikindarétt
<p>Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB</p>
Stýrihópur um velferðarvakt
<p>Aðal: Jón Ingi Cæsarsson PFÍ Vara: Edda Davíðsdóttir STAMOS</p>
Nefnd skv. 27. grein starfsmannalaga
<p>Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>
Stýrihópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar hjá Reykjavíkurborg
<p>Aðal: Magnús Már Guðmundsson BSRB Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB</p>
Starfshópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma (ríkið)
<p>Aðal: Magnús Már Guðmundsson BSRB Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB</p>
Starfshópur vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016
<p>Aðal: Sandra B. Franks SLFÍ Vara: Birna Friðfinnsdóttir TFÍ</p>
Stjórn húsnæðismálasjóðs
<p>Aðal: Magnús Norðdal ASÍ Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir BSRB</p>

Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)
<p>Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>
Fulltrúaráð VIRK
<p>Sandra B. Franks SLFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Ríta Arnfjörð STK, Garðar Hilmarsson Sameyki, Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB</p>
Bjarg íbúðarfélag, stjórn
<p>Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Árni Stefán Jónsson Sameyki, Garðar Hilmarsson Sameyki</p>
Bjarg íbúðarfélag, úrskurðarnefnd
<p>Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>
Fulltrúaráð Bjargs íbúðafélags
<p>Sandra B. Franks SLFÍ, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Ásbjörn Sigurdsson FOSS, Þórarinn Eyfjörð Sameyki, Jakobína Þórðardóttir Sameyki, Karl Rúnar Þórsson STH</p>
Varda, rannsóknarstomun BSRB og AS í vinnumarkaðsmálum, stjórn
<p>Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Garðar Hilmarsson Sameyki</p>
Nefnd sem metur umfang kynferðislegar áreitni o.fl.
<p>Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Þorsteinn V. Einarsson Sameyki</p>
Nefnd félags- og jafnréttismála-ráðherra í því skyni að bregðast við athugasemdum CRECO varðandi skipan dómara í Félagsdóm
<p>Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>
Samráðshópur um undirbúning ráðstefnu um vinnumarkað
<p>Brjánn Jónasson BSRB</p>
Samráðshópur sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði
<p>Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB Vara: Edda R. Davídsdóttir STAMOS</p>
Nefnd um réttindi starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)
<p>Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB Vara: Bryndís Theódórsdóttir Vinnumálastofnun</p>
Höfundaréttarráð
<p>Aðal: Guðrídur Sigurbjörnsdóttir Sameyki Vara: Björn Þór Sigbjörnsson Sameyki</p>
Aðgerðarhópur félags- og jafnréttismálaráðherra í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum
<p>Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>

Tækninefnd um endurskoðun á jafnlaunastaðli
<p>Dagný Aradóttir Pind BSRB</p>
Ráðgjafarnefnd Landspítalans
<p>Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB</p>
Starfshópur um launajafnrétti og vinnumarkað
<p>Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>
Starfshópur um stjórnsýslu jafnréttismála
<p>Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Magnús Már Guðmundsson BSRB</p>
Starfshópur um bann við mismunun á grundvelli kyns
<p>Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB</p>
Nefnd um útreikning vísitölu neysluverðs
<p>Aðal: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB Vara: Magnús Már Guðmundsson BSRB</p>
Kjaratölfræðinefnd
<p>Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB</p>
Þjóðhagsráð
<p>Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB</p>
Undirbúningshópur fyrir Þjóðhagsráð
<p>Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB</p>
Nefnd um brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði
<p>Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB</p>
Viðræðunefnd BSRB við ríkið
<p>Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Árni Stefán Jónsson Sameyki, Garðar Hilmarsson Sameyki, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Sandra B. Franks SLFÍ og Snorri Magnússon LL</p>
Viðræðunefnd BSRB við Reykjavíkurborg
<p>Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Árni Stefán Jónsson Sameyki, Garðar Hilmarsson Sameyki, og Sandra B. Franks SLFÍ</p>
Viðræðunefnd BSRB við Samband íslenskra sveitarfélaga
<p>Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Garðar Hilmarsson Sameyki, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Guðbjörn Arngrímsson St.Fjallabyggðar, Karl Rúnar Þórsson STH og Ríta Arnfjörð STK</p>
Starfshópur um fyrstu kaupendur og tekju- og eignalága
<p>Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>
Nefnd um gerð og hagnýtingu tölfraeðigagna
<p>Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB</p>

Úthlutunarnefnd þróunarverkefna Fræðslusjóðs
<p>Guðrídur Sigurbjörnsdóttir Sameyki frá mars 2019 og Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki frá mars 2020</p>
Úthlutunarnefnd Atvinnuleysistryggingasjóðs
<p>Aðal: Andri Valur Ívarsson BHM Vara: Védís Guðjónsdóttir Sameyki</p>
Samráðshópur um mansal
<p>Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Magnús Már Guðmundsson BSRB</p>
Starfshópur um endurskoðun fæðingarorlofslaga
<p>Aðal: Magnús Már Guðmundsson BSRB Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB</p>
Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði og stöðu námsmanna og atvinnuleitenda
<p>Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB</p>
Nefnd um jöfnun launa milli markaða
<p>Aðal: Árni Stefán Jónsson Sameyki Vara: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB</p>
NFS
<p>Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir Vara: Árni Stefán Jónsson</p>
ETUC
<p>Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir Vara: Magnús Már Guðmundsson</p>
NOFS
<p>Aðal: Árni Stefán Jónsson Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir</p>
EPSU
<p>Aðal: Árni Stefán Jónsson Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir</p>
EPSU nefnd um heilbrigðis- og velferðarmál
<p>Sandra B. Frank</p>
EPSU nefnd um ríkisrekstur
<p>Árni Stefán Jónsson</p>
PSI
<p>Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir Vara: Árni Stefán Jónsson</p>
Ráðgjafanefnd EFTA
<p>Dagný Aradóttir Pind</p>

Erlendar nefndir

Fulltrúar BSRB taka þátt í samstarfi með ýmsum erlendum samtökum. Listi yfir samtök og fulltrúa bandalagsins fer hér á eftir.



Félagatal BSRB janúar 2020

Heiti aðildarfélags	Fjöldi félagsmanna	Konur	Karlar
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	421	107	314
Félag íslenskra flugumferðarstjóra	149	44	105
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	151	111	40
FOSS- stéttarfélag í almannajónustu	1025	798	230
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	275	197	78
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	203	156	47
Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu	1055	724	331
Landssamband lögreglumanna	782	189	593
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	438	37	401
Póstmannafélag Íslands	735	347	388
Sameyki-stéttarfélag í almannajónustu	10231	6661	3570
Sjúkraliðafélag Íslands	1942	1880	62

Heiti aðildarfélags	Fjöldi félagsmanna	Konur	Karlar
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu	382	295	87
Starfsmannafélag Fjallabyggðar	86	69	17
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar	53	37	16
Starfsmannafélag Garðabæjar	582	437	145
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	636	435	201
Starfsmannafélag Húsavíkur	86	57	29
Starfsmannafélag Kópavogs	1032	751	281
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	468	333	135
Starfsmannafélag Suðurnesja	785	581	204
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar	235	168	67
Tollvarðafélag Íslands	110	25	85
Samtals	21.865	14.439	7.426



2021

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frá aðalfundi BSRB 28. maí 2020 til aðalfundar bandalagsins 18. maí 2021



Starfsemi BSRB

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Bandalagið varð til þann 14. febrúar 1942 þegar fjórtán stéttarfélög með samtals um 1.550 félagsmenn stofnuðu bandalagið formlega. BSRB hefur vaxið mikið síðan og í dag eru aðildarfélögin orðin 23 talsins með tæplega 23.000 félagsmenn. Um tveir þriðju félagsmanna aðildarfélag BSRB eru konur.

Bandalagið hefur það hlutverk að leiða hagsmuna- og réttindabaráttu launafólks sem starfar í almannajónustunni hjá ríki, sveitarfélögum, óhagnaðardrífnum stofnunum og almennum vinnumarkaði. Bandalagið talar máli félagsmanna aðildarféлага gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og vinnur að markmiðum sínum um að stuðla að bættu velferðarsamfélagi og auknum jöfnuði í samfélaginu.

Aðalfundarfulltrúar eru formenn aðildarféлага bandalagsins, auk þess sem félögin fá einn aðalfundarfulltrúa til viðbótar fyrir hverja 400 félagsmenn. Á aðalfundum BSRB er meðal annars farið yfir skýrslu stjórnar, reikninga bandalagsins og fjárhagsáætlun

Aðildarfélög BSRB geta falið bandalaginu að fara með samningsrétt fyrir sína hönd í kjarasamningum í þeim málum þar sem þau eiga sameiginlega hagsmuni en kjarasamningsmál og gerð kjarasamninga er á hendi hvers aðildarfélags.

Hlutverk BSRB er einnig að efla aðildarfélög bandalagsins og styðja þau í því að veita félagsmönnum góða þjónustu. Hluti af því er stuðningur við gerð kjarasamninga, aðstoð við úrlausnir á lögfræðilegum álitafnum, rannsóknir á sviði hagfræði og vinna tengd fræðslu- og upplýsingamálum.

BSRB vinnur jafnframt að því að efla samstöðu meðal aðildarféлага og stuðla að jafnræði í framkvæmd þjónustu til félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að aukinni samstöðu og samstarfi á vinnumarkaði innanlands og erlendis.

Þing BSRB, sem haldin eru þriðja hvert ár, fara með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Þingfulltrúar móta stefnu bandalagsins og kjósa í helstu embætti. Síðasta þing bandalagsins, það 45. í röðinni, var haldið 17. til 19. október 2018. Þar kusu þingfulltrúar formann, tvo varaformenn og stjórnarmenn sem stýra starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir þar til næsta þing verður haldið, haustið 2021.

Stjórn BSRB hefur æðsta vald í málefnum bandalagsins milli þinga og aðalfunda. Stjórnin vinnur í samræmi við stefnumörkun síðasta þings og stefnumótandi ákvarðanir formannaráðs bandalagsins. Í formannaráði eiga sæti allir formenn aðildarféлага BSRB. Ráðið kemur saman að lágmarki þrisvar á ári en oftast þurfa þykir. Formannaráðið mótar stefnu og megináherslu í málum sem upp kunna að koma á milli þinga, auk þess að vera mikilvægur samráðsvettvangur aðildarféлага. Formannaráðið fylgir eftir framkvæmd samþykpta þingsins og annarra mála sem vísað er til þess af þingi BSRB. Þá getur stjórn BSRB jafnframt lagt ákvörðun um stefnumótun bandalagsins fyrir ráðið.

Í lögum BSRB segir að halda skuli aðalfund bandalagsins fyrir 1. júní ár hvert. Aðalfundarfulltrúar eru formenn aðildarféлага bandalagsins, auk þess sem félögin fá einn aðalfundarfulltrúa til viðbótar fyrir hverja 400 félagsmenn. Á aðalfundum BSRB er meðal annars farið yfir skýrslu stjórnar, reikninga bandalagsins og fjárhagsáætlun. Þá samþykkir fundurinn framkvæmdaáætlun til næsta aðalfundar.



Aðalfundur BSRB 2020

Aðalfundur BSRB var haldinn 28. maí 2020. Fundurinn var með nokkuð öðru sniði en venjulega, enda ekki hægt að halda staðfund vegna sóttvarnar- aðgerða vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Fundurinn fór því fram í gegnum fjárfundarbúnað og voru einungis hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum BSRB á dagskrá.

Á fundinum fór Sonja Ýr Þorbergdóttir, formaður bandalagsins, yfir skýrslu stjórnar BSRB frá síðasta aðalfundi. Hún fór yfir störf og verkefni formannaráðs, stjórnar og skrifstofu og helstu verkefni bandalagsins sem unnið hefur verið að auk málefnavinnu starfsnefnda BSRB og áformaða vinnudaga þeirra. Greindi hún frá ljósmyndaverkefninu „Ómissandi fólk“ en markmið þess er að sýna félagsmenn aðildarféлага í vinnu og bregða ljósi á fjölbreytileikann innan raða bandalagsins. Sonja fjallaði einnig um skýrslu Kolbeins Stefánssonar félagsfræðings um íslenska barnabótakerfið sem hann vann fyrir BSRB, og stofnun Vörðu rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, sem stofnuð var af BSRB og ASÍ að norrænni fyrirmynd.

Þá fór Sonja í stuttu máli yfir kjarasamningsviðræðurnar og yfirlýsingar stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga, til dæmis um heildarendurskoðun á stuðningi við barnafjölskyldur og starfs- hóp sem móta á tillögur um aðgerðir til að útrýma launamun kynjanna.

Jafnframt minntist hún á hátíðarhöldin 1. maí 2020 í ár, sem fóru fram með óhefðbundnum hætti. Í stað þess að boða til kröfugöngu og útifunda stóðu heildarsamtökin fyrir sameiginlegri sjónvarps- útsendingu eftir fréttir á RÚV að kvöldi föstudagsins 1. maí. Tókst vel til og fékk dagskráin mikið áhorf.

Að lokinni yfirferð yfir starfsemi frá síðasta aðalfundi voru reikningar bandalagsins lagðir fram til umræðu. Sólveig Jónasdóttir, fjármálastjóri BSRB, fór yfir reikningana og voru þeir að því loknu bornir upp til samþykktar og samþykktir á fundinum.

Eftir umræðu um reikningana fór Sonja Ýr yfir framkvæmdaáætlun til aðalfundar 2021 sem unnin hafði verið í stjórn og starfsnefndum bandalagsins. Þá kynnti Sólveig fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 sem var borin upp til samþykktar og samþykkt á fundinum.

Ályktanir aðalfundar 2020

Ályktun aðalfundar BSRB um upsagnir í hagræðingarskyni

■ Aðalfundur BSRB mótmælir harðlega ákvörðunum opinberra stofnana og sveitarfélaga um að segja upp lægst launaðasta starfsfólkinu í hagræðingarskyni. Dæmi þar um er Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Seltjarnarnesbær og Hveragerði. Þjónustan sem starfsmennirnir veita nú í ræstingum og mótuneyti mun ekki vera lögð af heldur verður henni framvegis útvistað til einkaaðila.

Verkefnin eru því ekki að hverfa heldur er verið að færa þau til annarra á tímum þar sem álag á starfsfólk hefur stóruáhrif vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Faraldurinn hefur varpað ljósi á mikilvægi góðrar opinberrar þjónustu og virði opinberra starfsmanna. Stjórnendur ættu því að leggja metnað sinn í að treysta stöðir hennar og þakka starfsfólki sínu í verki fyrir þeirra mikilvæga framlag í baráttunni.

Aðalfundur BSRB skorar á ríki og sveitarfélög að falla frá áformum um uppsagnir á tímum þegar stærsta áskorunin sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir er atvinnuleysi sem er nú í sögulegu hámarki. Reynslan sýnir að ef á annað borð næst sparnaður með slíkum aðgerðum er hann til skamms tíma. Afleiðingarnar eru verri þjónusta, verri kjör lægst launuðu starfsmanna og aukin álag.

Ályktun aðalfundar BSRB um kjarasamninga lögreglumanna

■ Aðalfundur BSRB fordæmir þann drátt sem orðið hefur á því að ríkið gangi til kjarasamninga við lögreglumenn. Landssamband lögreglumanna er eina aðildarfélag bandalagsins sem ekki hefur náð saman um gerð kjarasamnings við

ríkið. Lögreglumenn, félagar okkar sem starfa í framlínunni nú sem endranær hafa því verið án kjarasamnings í 14 mánuði, sem er með öllu óásættanlegt.

Kröfur til lögreglunnar hafa aldrei verið meiri og verkefnin hafa orðið bæði flóknari og erfiðari. Þrátt fyrir þetta hefur undirmönnum verið viðvarandi árum saman sem leiðir til aukins álags á þá lögreglumenn sem standa vaktina. Aðalfundurinn hvetur samninganefnd ríkisins til að ganga til samninga við Landssamband lögreglumanna án frekari tafa og tryggja þessari mikilvægu stétt þær kjarabætur sem hún á skilið.

Ályktun aðalfundar BSRB um upsagnir flugumferðarstjóra

■ Aðalfundur BSRB mótmælir harðlega þeirri ákvörðun Isavia ANS að segja um eitt hundrað flugumferðarstjórum upp störfum. Það eru alvarleg stjórnunarmistök fyrirtækis sem þarf að hagræða í rekstri að beita ósanngjörnum aðferðum og virða að vettugi samráð við starfsfólk sitt og stéttarfélag þess.

Ríkur skilningur er á þörf félagsins til að hagræða í rekstri en það er óskiljanlegt að slíkar ákvarðanir séu teknar án þess að haft sé raunverulegt samráð við Félag íslenskra flugumferðarstjóra. Félagið hefur lagt fram tillögur til að mæta vandanum sem byggja á samstöðu og sátt allra flugumferðarstjóra. Isavia ANS hefur hunsað þær tillögur og þess í stað valið leið sem brýtur í bága við kjarasamning.

Aðalfundur BSRB skorar á Isavia ANS að draga uppsagnirnar tafarlaust til baka og beita lögmætum og sanngjörnum aðferðum í sátt við starfsfólk sitt til að mæta þeim tímabundnu áskorunum sem félagið stendur frammi fyrir. Það er mikilvægt til framtíðar fyrir fyrirtæki sem keppir um hæft starfsfólk á alþjóðamarkaði að viðhalda starfsnægju og tryggð starfsmanna.

Formannaráð BSRB

Formannaráð BSRB er skipað formönnum allra aðildarféлага bandalagsins og er formaður BSRB jafnframt formaður ráðsins. Eins og tilgreint er í lögum BSRB fundar formannaráðið að lágmarki þrisvar sinnum á ári en boðað er til funda oftast ef þurfa þykir. Frá aðalfundi þann 28. maí 2020 fundaði ráðið alls þrisvar sinnum.

Fyrsti fundur ráðsins eftir aðalfundinn í maí 2020 var haldinn 26. nóvember 2020. Eins og aðrir fundir sem haldnir voru á þessum tíma var um fjárfund að ræða. Ástæðan voru harðar sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda til að stemma stigu við útbreiðslu COVID-19 faraldursins sem giltu meira og minna allt þetta starfsár bandalagsins.

Á fundinum fjallaði Karl Sigurðsson, þá nýráðinn sérfræðingur bandalagsins, um vinnuáætlun framtíðarinnar. Hann ræddi breytingar sem aðilar vinnuáætlunarinnar þurfa að búa sig undir tengt tæknibreytingum og 4. iðnbýltingunni, svo sem gervigreind, gagnagnótt og sífellt hraðara gagnastreymi. Hann fjallaði einnig um áhrif samfélagsbreytinga á borð við hlutfallslega fjölgun aldraðra, loftslagsbreytingar og fleira sem mun hafa mikil áhrif á launafólk í framtíðinni.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB, fjallaði um efnahagsmál og áhrif heimsfaraldursins. Hún fjallaði um samdráttinn hér á landi og setti í samhengi við stöðuna í helstu samanburðarlöndum, atvinnuleysi og helstu aðgerðir stjórnvalda. Að því loknu kynnti Sigríður

Ingibjörg Gagnalind BSRB, sem er gagnagrunnur þar sem aðildarfélög geta sótt ýmsar gagnýtar tölulegar upplýsingar og opnaði hana formlega.

Annar fundur formannaráðs frá aðalfundi var haldinn þann 11. febrúar 2021. Fundurinn var haldinn í gegnum fjárfundarbúnað vegna sóttvarna. Á fundinum kynnti Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, kynningarherferð vegna styttingar vinnuvikunnar í vaktavinnu sem þá var að hefjast og sýndi drög að auglýsingum.

Þá kynnti Sonja helstu niðurstöður úr könnun Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnuáætlunarinnar um stöðu launafólks. Niðurstöðurnar eru sláandi. Um fjórðungur launafólks á erfitt með að ná endum saman og er staða atvinnulausra talsvert verri en staða launafólks og staða innflytjenda verri en innfæddra. Sonja leiddi að því loknu umræður um hverjar áherslur bandalagsins eigi að vera fram að þingi og í tengslum við alþingiskosningar haustið 2021.

Að lokum fór Árni Stefán Jónsson, formaður Sameykis og stjórnarformaður Bjargs íbúðafélags, yfir hugmyndir um uppbyggingu Blævar íbúðafélags. Blær er hugsað sem leigufélag sem gæti byggt upp íbúðir í samstarfi við Bjarg íbúðafélag, en án stofnstyrkja frá hinu opinbera.

Þriðji fundur formannaráðs frá síðasta aðalfundi var haldinn mánudaginn 10. maí. Dagskrá fundarins lá ekki fyrir áður en vinnu við þessa skýrslu lauk.

Eins og aðrir fundir sem haldnir voru á þessum tíma var um fjárfund að ræða. Ástæðan voru harðar sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda til að stemma stigu við útbreiðslu COVID-19 faraldursins sem giltu meira og minna allt þetta starfsár bandalagsins.



Formannaráðið skipa eftirtalin

- Arna Jakobína Björnsdóttir – Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu
- Arnar Hjálmsóttir – Félag íslenskra flugumferðarstjóra
- Árný Erla Bjarnadóttir – FOSS – stéttarfélag í almannajónustu
- Björgúlfur Halldórsson – Starfsmannafélag Fjarðabyggðar
- Edda Davíðsdóttir – Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
- Fjölfnir Sæmundsson – Landssamband lögreglumanna
- Guðbjörn Arngrímsson – Starfsmannafélag Fjallabyggðar
- Guðbjörn Guðbjörnsson – Tollvarðafélags Íslands
- Helga Hafsteinsdóttir – Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- Jón Ingi Cæsarsson – Póstmannafélag Íslands
- Karl Rúnar Þórsson – Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
- Kristján Hilmarsóttir – Starfsmannafélag Garðabæjar
- Magnús Smári Smáráson – Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- Marta Ólöf Jónsdóttir – Starfsmannafélag Kópavogs
- Óli Hákon Hertervig – Starfsmannafélag Húsavíkur
- Sandra Bryndísardóttir Franks – Sjúkrliðafélag Íslands
- Sigurður Arnórsson – Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
- Sonja Ýr Þorbergsdóttir – Formaður BSRB
- Stefán B. Ólafsson – Starfsmannafélag Suðurnesja
- Unnar Örn Ólafsson – Félag flugmálastarfsmanna ríkisins
- Unnur Sigmarsdóttir – Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar
- Þórður Vilberg Guðmundsson – Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- Þórarinn Eyfjörð – Sameyki – stéttarfélag í almannajónustu
- Þórveig Þormóðsdóttir – Félag starfsmanna stjórnarráðsins



Endurnýjun frá þingi

Formannsskipti hafa orðið í nokkrum aðildarfélögum frá aðalfundi BSRB 28. maí 2020. Rita Arnfjörð lét af störfum sem formaður Starfsmannafélags Kópavogs og tók Marta Ólöf Jónsdóttir, varaformaður félagsins, við formennsku. Þá hætti Helga Þuríður Árnadóttir sem formaður Starfsmannafélags Húsavíkur og Óli Hákon Hertervig kom í hennar stað. Ásbjörn Sigurðsson lét af störfum sem formaður FOSS og tók Árný Erla Bjarnadóttir við embættinu á aðalfundi félagsins.

Birna Friðfinnsdóttir gaf ekki kost á sér áfram sem formaður Tollvarðafélags Íslands og var Guðbjörn Guðbjörnsson kjörinn í embættið. Snorri Magnússon lét af störfum sem formaður Landssambands lögreglumanna í lok apríl og tók Fjölfnir Sæmundsson við embættinu. Þá hætti Árný Stefán Jónsson sem formaður Sameykis á aðalfundi félagsins 25. mars og Þórarinn Eyfjörð tók við sem formaður félagsins.

Ályktun formannaráðs BSRB um heilbrigðismál

■ Formannaráð BSRB mótmælir harðlega aðhalds-kröfu í rekstri heilbrigðisþjónustu í heimsfaraldri kórónuveirunnar og kjölfar hans. Veita þarf fjármagni í heilbrigðiskerfið í samræmi við þörf og bæta Landspítalanum upp áralangt fjársveldi. Ráðið bendir á að með lækkun tryggingargjalds á næsta ári verður ríkið af um fjórum milljörðum króna, sem er sambærileg fjárhæð og sá halli sem Landspítalinn glímir nú við.

Útgjöld til heilbrigðismála voru hlutfallslega lægri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum áður en faraldurinn skall á. Undirfjármögnun heilbrigðiskerfisins er því gamalkunnur vandi sem þarf að vinna ofan af. Heimsfaraldurinn hefur aukið skilning á mikilvægi grunnstoða samfélagsins og augljóst að fjárfesting í heilbrigðisþjónustu og

Það er löngu tímabært að bæta starfsumhverfi starfsfólks almannajónustunnar, sem unnið hefur þrekvirki í því að koma okkur í gegnum faraldurinn. Í stað þess að leita leiða til að létta álagi af starfsfólki í framlínu baráttunnar gegn faraldurinum er nú kallað eftir aðhaldi í rekstri og niðurskurði.

öðrum grunninnviðum er gríðarlega mikilvæg fyrir allt samfélagið.

Það er löngu tímabært að bæta starfsumhverfi starfsfólks almannajónustunnar, sem unnið hefur þrekvirki í því að koma okkur í gegnum faraldurinn. Í stað þess að leita leiða til að létta álagi af starfsfólki í framlínu baráttunnar gegn faraldurinum er nú kallað eftir aðhaldi í rekstri og niðurskurði. Verði ekki horfið frá þessari stefnu geta afleiðingarnar fyrir heilsu starfsfólksins verið alvarlegar.

Formannaráðið kallar eftir því að starfsfólk í framlínu fái álagsgreiðslur í samræmi við þá áhættu sem það hefur tekið og þau þrekvirki sem það hefur unnið í baráttu við veiruna. Þá þarf að tryggja framlínufólki allan þann stuðning sem nauðsynlegur er til að takast á við líkamlegt og andlegt álag vegna þeirra starfa í baráttunni gegn heimsfaraldurinum.

Ályktun formannaráðs BSRB um vanda lágtekjufólks

■ Formannaráð BSRB krefst þess að stjórnvöld grípi þegar í stað til tímabundinna aðgerða til að bæta kjör atvinnulausra og auki einnig stuðning við lágtekjufólk til lengri tíma. Könnun sem Varða – rannsóknarstofnun vinnu- og atvinnuleysisframtíðar – kvæmdi sýndi fram á að um fjórðungur launafólks





Þá ættu bæði ríki og sveitarfélög að skapa sem fyrst fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir fólk. Einnig þarf að auka stuðning við tekjulægstu hópana á vinnumarkaði með því að hækka barnabætur, vaxtabætur og húsnæðisbætur.

og helmingur atvinnulausra eiga erfitt með að ná endum saman. Niðurstöðurnar sýna einnig að sérstaklega þarf að bregðast við erfiðri fjárhagsstöðu og slæmri heilsu hjá innflytjendum, ungu fólki og konum.

Formannaráðið leggur til að stjórnvöld lengi tímabil atvinnuleysisbóta tímabundið í að minnsta kosti fjögur ár og hækki auk þess grunnbæturnar. Þá ættu bæði ríki og sveitarfélög að skapa sem fyrst fjölbreytt atvinnutækifæri fyrir fólk. Einnig þarf að auka stuðning við tekjulægstu hópana á vinnumarkaði með því að hækka barnabætur, vaxtabætur og húsnæðisbætur. Formannaráð BSRB kallar einnig eftir auknum framlögum til byggingar leiguhúsnæðis í almenna íbúðakerfinu verði fjölgad og að aðgengi tekjulágra að heilbrigðiskerfinu verði bætt.

Stjórn BSRB

Á milli þinga og aðalfunda fer stjórn BSRB með æðsta vald í málefnum bandalagsins. Stjórnin stýrir starfseminni í samræmi við lög bandalagsins, stefnumörkun þings, formannaráðs og aðalfundar. Stjórnina skipa alls níu aðalfulltrúar og er formaður bandalagsins jafnframt formaður stjórnarinnar. Í stjórninni sitja einnig 1. og 2. varaformaður BSRB ásamt sex meðstjórnendum. Til viðbótar eru fjórir varamenn sem kosnir eru á þingi bandalagsins eins og aðrir stjórnarmenn og koma þeir inn á fundi stjórnar í forföllum aðalmanna.

Fundir stjórnar BSRB eru að jafnaði haldnir aðra hverja viku, nema yfir hásumarið. Að fundum loknum eru fundargerðir sendar aðildarfélagum bandalagsins svo forystufólk aðildarfélaganna geti verið vel upplýst um umfjöllun og afgreiðslu stjórnar á einstökum málum.

Stjórn BSRB árin 2018-2021 er skipuð eftirfarandi einstaklingum

- Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB
- Garðar Hilmarsson, 1. varaformaður BSRB
- Arna Jakobína Björnsdóttir, 2. varaformaður BSRB
- Árni Stefán Jónsson
- Helga Hafsteinsdóttir
- Jón Ingi Cæsarsson
- Karl Rúnar Þórsson
- Sandra B. Franks
- Snorri Magnússon

Varamenn eru:

- Þórveig Þormóðsdóttir
- Ríta Arnfjörð
- Magnús Smári Smáráson
- Birna Friðfinnsdóttir



Stjórn BSRB var kjörin á þingi bandalagsins árið 2018 og starfar fram að þinginu næstkomandi haust.

Ályktun stjórnar BSRB um einkavæðingu öldrunarþjónustu

■ Stjórn BSRB hafnar frekari einkavæðingu á hjúkrunarheimilum og kallar eftir því að samningur við einkaaðila um rekstur Öldrunarheimila Akureyrar verði endurskoðaður. Frekari einkavæðing í heilbrigðiskerfinu gengur þvert á vilja þjóðarinnar enda vill mikill meirihluti hennar að heilbrigðisþjónustan sé á hendi hins opinbera.

Stjórnin bendir jafnframt á að Akureyrarbær tapaði um 400 milljónum króna á ári á rekstri hjúkrunarheimila og útilokað að einkaaðili vilji taka við rekstrinum með þeim formerkjum og án þess breyting verði á þjónustu. Því er ljóst að annað hvort stendur til að fara í verulegan niðurskurð á þjónustu við íbúa hjúkrunarheimilanna og/eða skerða kjör og starfsskilyrði starfsfólks. Hvorug leiðin kemur til greina að mati stjórnar BSRB.

Skrifstofa BSRB

Starfsfólk skrifstofu BSRB hefur það hlutverk að fylgja eftir stefnu bandalagsins eins og hún er mótuð og sett fram af kjörnum fulltrúum þess. Starfsfólk eru nú alls ellefu talsins. Starfsfólk sinnir því meginhlutverki bandalagsins að gæta hagsmuna launafólks, hvort sem er á opinberum vinnuþætti eða hjá opinberum fyrirtækjum sem rekin eru í almannabágu og standa vörð um réttindi og skyldur félagsmanna aðildarfélag bandalagsins.

Starfsfólk BSRB undirbýr mál sem lögð eru fyrir stjórnarfundum, fundi formannaráðs og aðra fundi sem haldnir eru, stendur fyrir starfsdögum og öðrum viðburðum og kennir á námskeiðum. Á skrifstofu bandalagsins sækja aðildarfélögin fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf, til dæmis varðandi lög- og hagfræðileg efni, kynningarmál, menntamál og fleira. Þá sinnir bandalagið fræðslu og upplýsingagjöf og sér um samskipti við stjórnvöld, önnur heildarsamtök launafólks, atvinnurekendur og erlenda aðila.

Frá aðalfundi BSRB í maí 2020 hefur starfsfólk BSRB unnið úr, veitt ráðgjöf og svarað miklum fjölda lögfræðilegra fyrirspurna auk

Á skrifstofu bandalagsins sækja aðildarfélögin fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf, til dæmis varðandi lög- og hagfræðileg efni, kynningarmál, menntamál og fleira.

Þess að aðstoða aðildarfélögin við að tryggja að réttindi félagsmanna þeirra séu virt. Þegar upp koma álitamál varða þau flest breytingar á störfum, áminningar, uppsagnir og veikindarétt starfsmanna. Á árinu hefur einnig mætt mikið á starfsfólki við að gæta hagsmuna félagsmanna í heimsfaraldri kórónuveirunnar.

Starfsfólk á skrifstofu BSRB sér einnig um skil iðgjalda til aðildarfélag bandalagsins í gegnum BIBS og hefur verið unnið að því að gera þau skil rafræn að öllu leyti. BSRB starfar samkvæmt þjónustusamningi við Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu og þjónustar rekstrarfélagið varðandi bókhald, greiðslu launa og fleira sem við kemur daglegum rekstri. Starfsfólk BSRB sér einnig um bókhald og önnur fjármál Vörðu



– rannsóknarstofnunar vinnuþættis og rekur Félagsmannasjóðinn Kötlu fyrir aðildarfélag sem gerðu kjarasamninga við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá er BSRB einnig með þjónustusamning við Félagamiðstöðina að Grettisgötu 89 sem sér um öll mál sem varða húsnæðið.

Starfsfólk BSRB sér einnig um útleigu á Birkihlíð, eina sumarhúsi bandalagsins. Félagsmönnum aðildarfélag bandalagsins stendur til boða að leigja húsið og er það gjarnan nýtt þegar hús félaganna eru fullbókuð. Allnokkrar endurbætur voru gerðar á Birkihlíð á árinu. Vinnan hófst haustið 2020 og lauk snemma á nýju ári.

Afgreiðsla BSRB fékk andlitslyftingu á meðan skrifstofan var lokuð vegna heimsfaraldursins.

Starfsfólk á skrifstofu

Starfsmenn á skrifstofu BSRB eru ellefu talsins og sinna þeir fjölbreyttum verkefnum, hver á sínu verksviði.

- Ásthildur Torfadóttir afgreiðslufulltrúi
- Björg Geirsdóttir fulltrúi
- Brjánn Jónasson kynningarfulltrúi
- Dagný Aradóttir Pind lögfræðingur
- Hrannar Már Gunnarsson lögfræðingur
- Jóhanna Þorgilsdóttir fulltrúi
- Karl Sigurðsson sérfræðingur í menntamálum

- Magnús Már Guðmundsson framkvæmdastjóri
- Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur
- Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður
- Sólveig Jónasdóttir fjármálastjóri

Frá aðalfundi BSRB 2020 hefur orðið ein breyting á starfsmannamálum bandalagsins þegar Karl Sigurðsson var ráðinn til starfa sem sérfræðingur í menntamálum. Þá hefur Dagný Aradóttir Pind verið í fæðingarorlofi frá því í febrúarmánuði.

Málefni

Þó heimsfaraldur kórónuveirunnar hafi sett mark sitt á starf BSRB síðasta árið hefur bandalagið unnið að framgangi ýmiskonar mála frá aðalfundi 2020.

1. maí 2021

Annað árið í röð fór alþjóðlegur baráttudagur verkalyðsins, 1. maí, fram með óvenjulegu sniði árið 2021. Vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar var samkomubann enn í gildi þann 1. maí. Þó aðeins hafi verið slakað á banninu frá því sem var á sama tíma árið áður var ekki talið ábyrgt að stefna fólki saman til funda.

Eftir afar vel heppnaða tilraun frá síðasta ári þar sem baráttan var færð heim í stofuna hjá

Jakob Birgisson uppistandari var einn þeirra listamanna sem komu fram í skemmti- og baráttudagskrá í sjónvarpinu á alþjóðlegum baráttudegi verkalyðsins 1. maí 2021.



Það er nóg til var yfirskrift 1. maí 2021.

landsmönnum öllum með samstarfi við Ríkissjónvarpið var ákveðið að endurtaka leikinn. Markmiðið var sem fyrr að halda upp á daginn og minna á mikilvægi verkalyðshreyfingarinnar og samstöðu launafólks á þessum hátíðisdegi. Þar sem undirbúningur hófst fyrr en árið á undan var lagt upp með metnaðarfullri dagskrá þar sem blönduðust saman viðtöl við félagsmenn um land

allt, tónlistaratriði og grín svo allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi, enda þátturinn sendur út á besta tíma á laugardagskvöldi. Að dagskránni stóðu, auk BSRB, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólanna og Kennarasamband Íslands.

Í þættinum komu fram ýmsir landsþekktir tónlistarmenn og skemmtikraftar, auk þess sem rætt var við launafólk vítt og breitt um landið. Meðal listamanna sem komu fram voru Emilíana Torrini, Fjallabráður, Sammi & Co., Skoffín, Moses Hightower og Jakob Birgisson uppistandari.

Framtíðarvinnu- markaðurinn

Ljóst er að tæknibreytingar tengdar hraðri þróun tölvutækni og gervigreindar munu hafa mikil áhrif á vinnnumarkaðinn og starfsumhverfi launafólks á komandi árum og áratugum. BSRB hefur sett það í forgang að fylgjast með þessari þróun og greina hvernig þessar breytingar munu hafa áhrif á þær starfsstéttir sem eru í stéttarfélögum BSRB. Karl Sigurðsson var nýverið ráðinn inn sem sérfræðingur í þessum málaflokki og er eitt af hans megin viðfangsefnum að greina þróunina í náinni framtíð og hvaða áhrif sú þróun kemur til með að hafa á færnipörf á vinnnumarkaði, ekki síst innan opinbera geirans.

Á menntadegi BSRB í mars 2021 var sjónum beint að framtíðarvinnnumarkaðnum og færnipörf. Lögð var áhersla á að þrátt fyrir að störf muni hverfa og önnur breytast að innihaldi, þá fylgi þessum breytingum einnig mikil tækifæri vegna nýrra viðfangsefna og ný störf munu verða til. Farið var yfir mikilvægi sí- og endurmenntunar á tímum örra breytinga á vinnnumarkaði og aukið mikilvægi færnipátta eins og hæfni til að afla upplýsinga, samvinnu og sköpunar. Nánar er fjallað um menntadag BSRB síðar í skýrslunni.

Húsnæðismál

Eins og síðustu ár hafa húsnæðismálin verið til umfjöllunar innan BSRB. Stefna bandalagsins í húsnæðismálum var mótuð á 45. þingi bandalagsins haustið 2018 og hefur verið unnið samkvæmt henni síðan. Í stefnunni er sagt með skýrum hætti að öruggt húsnæði séu mannréttindi, og gildir þar einu hvort fólk býr í eigin húsnæði eða í öruggu leiguhúsnæði. Þar er einnig áréttað mikilvægi þess að bregðast við viðvarandi skorti á framboði og að tryggja öllum húsnæði á jafnréttisgrundvelli.

Bjarg íbúðafélag



Bjarg íbúðafélag er í dag með yfir þúsund leigjendum í 440 íbúðum.

■ Frá stofnun Bjargs íbúðafélags árið 2016 hafa BSRB og ASÍ átt í góðu samstarfi innan félagsins um uppbyggingu leiguíbúða á viðráðanlegu verði fyrir tekjulægstu félaga aðildarfélaganna. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða.

Uppbyggingin hjá félaginu hélt áfram á síðasta ári. Fyrstu leigjendurnir fluttu inn í íbúðir félagsins um mitt ár 2019 og hefur þeim fjölgað hratt eftir það. Í dag eru rúmlega 440 íbúðir í útleigu og íbúðarnir komnir vel yfir þúsund. Íbúðirnar eru staðsettar í Reykjavík, á Akranesi, í Þorlákshöfn og á Akureyri. Þessu til viðbótar voru nú á vormánunum um 240 íbúðir í byggingu og 374 til viðbótar í undirbúningi.



Blær íbúðafélag

■ Blær íbúðafélag er dótturfélag Bjargs íbúðafélags. Blær er ætlað er að byggja húsnæði fyrir félagsmenn sem eru með tekjur yfir viðmiðum Bjargs. Félagið hefur ekki verið virkt frá stofnun þar sem áherslan var öll á að treysta stöðir Bjargs og tryggja að uppbygging félagsins gengi hratt og vel. Í byrjun árs 2021 var rætt um það innan Bjargs að hefja undirbúning að því að virkja Blær til þess að byggja íbúðir í samstarfi við Bjarg. Meðal annars hefur verið til umræðu að færa Blær beint undir BSRB og ASÍ til að hægt sé að koma félaginu á fót. Sömuleiðis að til að byrja með verði uppbygging íbúða Blævar unnin í samstarfi við einstök aðildarfélög eigendanna. Hugmyndirnar eru enn í vinnslu þegar þessi skýrsla er rituð og ekki verið tekin endanleg ákvörðun.

Jafnréttismál

Jafnréttismálin eru ávallt einn af stóru málaflokkunum hjá BSRB og ánægjulegt að sjá þegar árangur næst. Baráttan fyrir lengra fæðingarorlofi hefur nú skilað góðum árangri með 12 mánaða orlofi. BSRB kallaði eftir því að orlofið skiptist jafnt milli foreldra þannig að hvort um sig fengi sex mánaða orlof. Niðurstaðan varð sú að foreldrar geta áfram ráðstafað samtals 12 vikum sín á milli af sex mánaða réttinum, sem að mati bandalagsins hefur neikvæðar afleiðingar fyrir jafnrétti kynjanna, enda sýna rannsóknir að það eru nær undantekningarlaust mæður sem nota þennan sameiginlega hluta orlofsins, sem þýðir að þær eru lengur frá vinnu- markaði vegna barneigna með tilheyrandi áhrifum á laun og starfsframa.

Lenging fæðingarorlofsins í 12 mánuði er afar jákvæð breyting en enginn endapunktur enda umönnunarbilið, tímabilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, enn óbrúað. BSRB mun áfram beita sér fyrir því að sveitarfélögin brúu bilið með því

að bjóða öllum börnum upp á leikskólavist frá 12 mánaða aldri. Þannig var sérstök áhersla lögð á fæðingarorlofið á Kynjaþingi 2020 og BSRB opnaði ásamt ASÍ, BHM, Kvenréttindafélagi Íslands, Femínískum fjármálum og FKA – Félagi kvenna í atvinnulífinu vefinn betrafaedingarorlof.is til að leggja áherslu á kröfurnar.

Hádegisfundur vegna baráttudags kvenna

■ BSRB stóð fyrir hádegisfundi í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars ásamt Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, og Kvenréttindafélagi Íslands. Ólíkt svipuðum fundum á þessum degi síðustu ár fór fundurinn fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna heimsfaraldursins.

Yfirskrift fundarins var „Konur í kafi – kynja- jafnrétti á tímum heimsfaraldurs“. Meðal frummælenda voru Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, lektor í félagsfræði við HA, og Valgerður S. Bjarnadóttir, nýdoktor við menntavísindasvið HÍ, Sandra B. Franks, formaður Sjúkrliðafélags Íslands og Donata Honkowitz-Bukowska, grunn- skólakennari og kennsluráðgjafi í málefnum nemenda með íslensku sem annað mál.

Endurmat á störfum kvenna

■ Jafnrétti kynjanna og jöfn laun fyrir jafn- verðmæt störf hafa verið hornsteinar í starfi BSRB um áratugaskeið. Þrátt fyrir að í gildi hafi verið lög sem hafa það að markmiði að tryggja launajafnrétti er kynbundinn launamunur enn staðreynd. Stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda hafa hin síðari ár lagt áherslu á að tryggja launajafnrétti meðal starfsfólks hjá sama atvinnurekanda. Hins vegar sýna íslenskar og erlendar rannsóknar að ein helsta skýringin á



BSRB hefur barist fyrir endurmati á störfum kvenna og kallað eftir því að unnið verði markvisst að því leiðréttu laun starfsstétta þar sem konur eru í meirihluta og hafa búið við kerfisbundið vanmat á störfum þeirra. Mikill meirihluti starfsfólks hjá hinu opinbera eru konur og leiðrétting launa starfsstétta þar sem konur eru í meirihluta mun vega þungt þegar kemur að því að eyða kynbundnum launamun.

kynbundnum launamun er hversu kynskiptur vinnu- markaðurinn er. Laun í störfum þar sem konur eru í miklum meirihluta eru almennt lægri en í öðrum sambærilegum eða jafnverðmætum störfum þar sem kynjahlutföllin eru jafnari eða karlar eru í meirihluta. BSRB hefur barist fyrir endurmati á störfum kvenna og kallað eftir því að unnið verði markvisst að því leiðréttu laun starfs- stétta þar sem konur eru í meirihluta og hafa búið við kerfisbundið vanmat á störfum þeirra. Mikill meirihluti starfsfólks hjá hinu opinbera eru konur og leiðrétting launa starfsstétta þar sem konur eru í meirihluta mun vega þungt þegar kemur að því að eyða kynbundnum launamun.

Ríkisstjórnin lýsti því yfir í tengslum við gerð kjarasamninga aðildarfélaga BSRB vorið 2020 að komið yrði á fót starfshópi um endurmat á störf- um kvenna. Starfshópurinn hóf störf í desember s.l. en hlutverk hans er að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnu- markaði. Tillögur hópsins eiga að hafa að leiðarljósi að leiðréttu kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Sæti í starfshópnum eiga auk BSRB, fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráð- neytis, félagsmálaráðuneytis, ASÍ, BHM, KÍ, SA og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn BSRB samþykkti í mars 2021 að taka þátt í tilraunaverkefni um mat á virði starfa ásamt ríkinu og öðrum heildarsamtökum launa- fólks. Tilgangurinn með verkefninu er að meta virði starfa á opinbera og almenna vinnu- markað- inum með markmiði jafnréttislagu um sömu laun fyrir jafn verðmæt störf að leiðarljósi. Þá á einnig að stuðla að fræðslu og ráðgjöf varðandi jafn- réttislöggjöfina og stuðla að vitundarvakningu um jafnlaunamál.

Auglýst verður eftir vinnustöðum til að taka þátt í verkefninu með svipuðum hætti og þegar tilraunaverkefni um styttingu vinnu- vikunnar fór í gang og mun samráðshópur halda utan um verkefnið. Áformað er að tilraunaverkefnið fari í gang í haust og standi í 12 mánuði. Niðurstöð- ur ættu því að liggja fyrir haustið 2022.

Kvennafri

■ Vegna sóttvarnarráðstafana tengdum heims- faraldri kórónuveirunnar var ekki hægt að kalla konur saman á kvennafrídeginum 24. október 2020. Engu að síður þótti fullt tilefni til að fara í samfélagsmiðlaherferð í tilefni af deginum til að benda á ómetanlegt framlag kvenna í baráttunni við faraldurinn sem búa við kerfisbundið vanmat á störfum þeirra og neikvæð áhrif faraldursins á jafn- rétti kynjanna. Send var út sameiginleg yfirlýsing samtaka launafólks, Kvenréttindafélags Íslands og annarra samtaka sem vinna að jafnrétti. Þar var kallað eftir hækkuðum launa kvenna í framlínustörf- um og leiðréttingu á skökku verðmætumati. Slagorð dagsins var „Konur lifa ekki á þakklætinu“.

Kynjaþing

■ BSRB tók þátt í Kynjaþingi í nóvember 2020, en þingið eru árviss viðburður sem Kvenréttindafé- lag Íslands stendur fyrir. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, stýrði pallborðsumræðum um betra fæðingarorlof á þinginu. Þá var Sig- ríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB, þátttakandi í pallborðsumræðum um femínísk fjármál og efnahagsaðgerðir.





Landssamband lögreglumanna var síðasta aðildarfélag BSRB til að undirrita kjarasamning við ríkið.

Kjaramál

Þó flest aðildarfélög BSRB hafi undirritað kjarasamninga vorið 2020 átti það ekki við um alveg öll. Landssamband lögreglumanna sat eftir og héldu samningaviðræður samninganefndar félagsins áfram fram yfir aðalfund BSRB í fyrra. Félagið undirritaði að lokum kjarasamning þann 16. september og var samningurinn samþykktur með um 59 prósentum greiddra atkvæða viku síðar.

Endurskoðunarákvæði í kjarasamningum aðildarfélaga BSRB virkjuðust ekki síðasta haust þar sem ekki voru gerðar breytingar á kjarasamningum á almenna vinnumarkaðinum. Í samningum aðildarfélaga bandalagsins er ákvæði um að heimilt sé að segja upp samningum sé samningum á almenna vinnumarkaðinum sagt upp. Þar sem bæði Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins ákváðu að segja samningunum ekki upp

heldur standa við ákvæði lífshjúðunarsamningsins virkjaðist ákvæði aðildarfélaga BSRB ekki.

Til að koma til móts við kröfur atvinnurekenda í tengslum við endurskoðun kjarasamninga á almenna markaðinum ákváðu stjórnvöld að grípa til ýmissa aðgerða. Ein þeirra var að lækka tímabundið tryggingagjald. Tryggingagjaldið stendur meðal annars undir kostnaði við atvinnuleysistryggingar og fæðingarorlofssjóð ásamt ellilífeyri og örorkulífeyri. BSRB varaði í kjölfarið við því að tímabundin lækkun gjaldsins yrði látin hafa áhrif á atvinnuleysisbætur eða greiðslur úr fæðingarorlofssjóði, eða önnur verkefni sem tryggingagjaldið stendur undir. Bandalagið itrekaði jafnframt þau sjónarmið að hækka þurfi atvinnuleysisbætur og halda fast við áform um lengingu fæðingarorlofs. Þeim sjónarmiðum var í kjölfarið fylgt eftir í samtölum við stjórnvöld.

Jöfnun launa milli markaða

■ Í ársbyrjun 2021 óskuðu launagreiðendur eftir fundi með forystufólki úr verkalýðshreyfingunni til að ræða með hvaða hætti best væri að vinna áfram að jöfnun launa milli markaða í samræmi við 7. grein samkomulags um jöfnun lífeyrisréttinda frá 2016. Unnar hafa verið keyrslur með samanburði á launum milli markaða byggðum á flokkun starfa eftir ÍSTARF staðlinum. Ákveðið var að vinna áfram í þeim anda og sérstökum undirhópi var falið að velja nokkur starfanúmer til að þróa áfram aðferðafræði sem tryggði sem bestan og áræðanlegastan samanburð á launum milli markaða. Sú vinna er nú í gangi.

Kórónuveiran

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hélt áfram að leika heimabyggðina og íslenskt samfélag grátt. BSRB brást við alvarlegu ástandi í atvinnumálum og stóð vörð um réttindi og heilsu framliðunstarfsfólksins sem tókst á við faraldurinn með ýmsum hætti með tilheyrandi áhættu og álagi.

Kallað eftir aðgerðum

■ BSRB fylgdi eftir ítarlegum kröfum sem sendar voru stjórnvöldum í apríl og maí 2020 og itrekaði ákall eftir aðgerðum vegna heimsfaraldursins og hélt áfram að benda félögum í aðildarfélögum á réttindi þeirra og úrræði tengt faraldrinum. Áherslur bandalagsins voru eftir sem áður á launafólk og aðgerðir til að bregðast við gríðarmiklu atvinnuleysi og vanda fólks á vinnumarkaði. Þá fór BSRB fram á að foreldrum barna sem þurftu að vera frá vinnu vegna sóttvarnaraðgerða í skólum yrði bætt vinnutapið.

Þá var bætt við fyrri kröfur og kallað eftir því að aðgerðir stjórnvalda í menntamálum í kjölfar

Áherslur bandalagsins voru eftir sem áður á launafólk og aðgerðir til að bregðast við gríðarmiklu atvinnuleysi og vanda fólks á vinnumarkaði. Þá fór BSRB fram á að foreldrum barna sem þurftu að vera frá vinnu vegna sóttvarnaraðgerða í skólum yrði bætt vinnutapið

COVID-19 faraldursins yrðu unnar á heildstæðan hátt með þarfir einstaklingsins og þarfir samfélagsins í fyrirrími. Bandalagið sendi stjórnvöldum sínar tillögur, þar sem meðal annars var lagt til að unnin yrði færnisþá, múrar milli skólastiga verði brotnir niður og upplýsingagjöf verði aukin með miðlægum upplýsingavef.

BSRB stofnaði einnig í samstarfi við ASÍ og BHM sérfræðingahóp sem hafði það verkefni að meta áhrif heimsfaraldursins og koma með tillögur að úrbótum. Sérfræðingahópnum var falið að gera tillögur um aðgerðir til að fyrirbyggja langtímaskaða af efnahagskreppunni og tryggja öfluga viðspyrnu þegar heimsfaraldurinn liði undir lok. Hópnum var ætlað að horfa sérstaklega til viðkvæmra og jaðarsettra hópa og fjalla um að hvaða leyti aðgerðir geti haft áhrif á jöfnuð og félagslegt réttlæti.

Kannanir á álagi á starfsfólk

■ Könnunarfyrtækið Maskína gerði tvær kannanir á áhrifum heimsfaraldursins á launafólk fyrir BSRB. Fyrri könnunin, sem kynnt var í byrjun júní, leiddi í ljós að meira en helmingur opinberra starfsmanna hafði upplifað aukið álag í starfi vegna heimsfaraldursins. Álagið jókst einnig á almenna markaðnum en þar upplifðu rúmur þriðjungur aukið álag. Könnunin sýndi einnig að mun fleiri konur en karlar voru heima með börnum þegar grunnskólar og leikskólar skertu þjónustu í COVID-19 faraldrinum. Um 42 prósent kvenna voru

heima með börnin en um 30 prósent karla. Rúmur helmingur þeirra sem þurftu að vera heima vegna skertrar þjónustu skóla gat unnið heimanfrá.

Maskína gerði aðra könnun fyrir BSRB í janúar 2021. Hún sýndi að álagið hafði aukist verulega frá síðustu könnun. Þar sögðu um 64 prósent opinberra starfsmanna að þeir hafi upplifað aukið álag eftir að heimsfaraldurinn skall á. Á almennum vinnumarkaði höfðu um 47 prósent sömu sögu að segja.

Maskína gerði aðra könnun fyrir BSRB í janúar 2021. Hún sýndi að álagið hafði aukist verulega frá síðustu könnun.

Lokanir á skrifstofu BSRB

■ Loka þurfti skrifstofu BSRB tímabundið fyrir gestum og takmarka fjölda starfsfólks sem vann á staðnum í tvígang vegna sóttvarnarráðstafana frá síðasta aðalfundi. Eins og áður átti starfsfólk sem gat unnið heima þess kost að sinna starfinu með þeim hætti meðan útbreiðsla veirunnar var sem mest og því varð lítil sem engin röskun á starfsemi BSRB af þeim orsökum.

Sóttvarnaraðgerðir höfðu þó áhrif á hvernig sum af verkefnum voru unnin. Þannig færðust fundir að miklu leyti yfir á fjarfundarform, bæði innan skrifstofunnar og fundir með fólki utan hennar. Þá þurfti ýmist að fresta viðburðum eða halda þá í gegnum fjarfundarbúnað þar sem það var einhver möguleiki. Þrautseigja og hugmyndauði starfsfólks BSRB kom vel í ljós þegar leysa þurfti úr þeim fjölmörgu áskorunum sem fylgdu faraldrinum en alltaf var samt mikil ánægja þegar hægt var að opna skrifstofuna aftur, enda mun auðveldara að vinna þá miklu teymisvinnu sem unnin er á skrifstofu BSRB þegar hægt er að hittast í eigin persónu og ræða málin.

Kynningarmál

■ BSRB hefur unnið markvisst að kynningarmálum bandalagsins síðustu ár með gerð kynningarátelana þar sem sett eru mælanleg markmið um sýnileika og virkni í kynningarmálum.

Í áætlun ársins 2020 voru eftirfarandi markmið sett fram:

» **Fjölmíðlavöktun:** Umræða í fjölmíðlum sem tengist bandalaginu og þeim málaflokum sem eru á dagskrá hjá bandalaginu er vöktuð. Samantekt með fréttum er send á starfsmenn BSRB og stjórn bandalagsins. Markmiðið er að senda 15 pósta að meðaltali í mánuði.

» **Fréttir á vef BSRB:** Skrifðar eru tvær fréttir sem birtast á vef bandalagsins og samfélagsmiðlum í hverri viku.

» **Skoðanapistlar á vef BSRB:** Tíðni á pistlum á vef bandalagsins er lægri en á fréttum en miðað er við að einn nýr pistill sé birtur í hverjum mánuði.

» **Fróðleiksmolar á vef BSRB:** Sérfræðingar BSRB skrifa fróðleiksmola tengda þeim verkefnum sem þeir eru að vinna hverju sinni. Molarnir eru á einhvern hátt upplýsandi fyrir formenn og starfsmenn aðildarféлага en einnig almenna félagsmenn. Þrjú fróðleiksmolar eru birtir í hverjum mánuði.

» **Fréttir í fjölmíðlum:** BSRB vekur athygli fjölmíðla á verkefnum bandalagsins og áherslum með það að markmiði að fréttir birtist um tvö aðskilin málefni tengd bandalaginu í hverjum mánuði.



» **Viðtöl við forsvarsmenn:** Fjölmíðlum eru boðin viðtöl við forsvarsmenn BSRB um þau mál sem bandalagið vinnur að hverju sinni og er miðað við að í það minnsta eitt viðtal birtist í hverjum mánuði.

» **Aðsent efni í fjölmíðlum:** BSRB kemur skoðunum sínum og áherslum á framfæri með reglulegum skrifum í dagblöð og vefmiðla og setur sér það markmið að ein grein birtist í fjölmíðlum í hverjum mánuði.

» **Rafrænt fréttabréf:** Unnið er rafrænt fréttabréf í lok hvers mánaðar og sent á póstlista BSRB. Hann nær til fjölda félagsmanna aðildarféлага, þingmanna, fjölmíðla og fleiri. Í fréttabréfinu er vakin athygli á fréttum sem sagðar hafa verið af bandalaginu þann mánuðinn.

» **Fundir og ráðstefnur:** Haldnir eru fundir, málstofur og ráðstefnur um málefni sem BSRB vill koma í umræðuna, eftir því sem tilefni gefast til og miðað við að bandalagið standi fyrir eða taki þátt í fjórum fundum eða ráðstefnum á ári.

Bandalagið var umtalsvert meira í fjölmiðlum en áætlun gerði ráð fyrir.

Markmiðið var að koma tveimur aðskildum fréttamálum í fjölmiðla í hverjum mánuði, alls 24 yfir árið. Raunin varð hins vegar að fréttamálin urðu 71 talsins með alls 286 einstökum fréttum.

Áætlun ársins 2020 var gerð upp í byrjun árs 2021. Niðurstöðurnar voru kynntar stjórn BSRB, árangurinn metinn og markmið endurskoðuð. Árangurinn á árinu fór fram úr áætlunum, sérstaklega hvað varðar fjölmiðlavinnu. Ástæðan var áframhaldandi áhugi á bandalaginu, að mestu tengt kjaraviðræðum og kjarasamningum, innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar og málefnum tengdum heimsfaraldrinum.

Fjölmiðlavöktunin var vel umfram áætlun, um 26 prósent fleiri póstar voru sendir en áætlunin gerði ráð fyrir. Fréttir á vef BSRB voru nær algjörlega á áætlun en pistlar heldur fleiri en áformað var. Fróðleiksmolarnir voru talsvert færri en áætlanir gerðu ráð fyrir, en tekin var ákvörðun á árinu að fækka þeim til að létta álagi á sérfræðinga í heimsfaraldrinum. Við uppgjör á áætluninni var ákveðið að fækka tíðni fróðleiksmola í einn mola á mánuði í stað þriggja áður.

Bandalagið var umtalsvert meira í fjölmiðlum en áætlun gerði ráð fyrir. Markmiðið var að koma tveimur aðskildum fréttamálum í fjölmiðla í hverjum mánuði, alls 24 yfir árið. Raunin varð hins vegar að fréttamálin urðu 71 talsins með alls 286 einstökum fréttum. Ástæðan var blanda af áhuga fjölmiðla á kjaraviðræðum og fyrirhuguðum verkföllum, styttingu vinnuvikunnar og áherslum bandalagsins tengdum heimsfaraldrinum. Svipað var upp á teningnum þegar kom að viðtölum við forystu bandalagsins, áætlunin gerði ráð fyrir 12 viðtölum en þau reyndust 97 þegar upp var staðið, sem þýðir að meðaltali birtist viðtal við forsvarsmenn bandalagsins fjórða hvern dag.

Aðsent efni í fjölmiðlum var undir markmiði, alls voru birtar níu greinar en ekki tólf eins

og áætlað var. Ástæðan var bæði vinna og álag tengt þungum málaflokkum en eins mikill áhugi fjölmiðla á málefnum bandalagsins og því minni þörf á að koma áherslunum á framfæri með greinaskrifum. Eins og síðustu ár var útsending á fréttabréfum á áætlun, eitt rafrænt fréttabréf var sent út í hverjum mánuði. Áætlun gerði ráð fyrir þátttöku í fjórum opnum fundum eða ráðstefnum, en alls stóð bandalagið fyrir eða tók þátt í fimm viðburðum þetta árið, þó sumir hafi verið rafrænir vegna sóttvarna.

Þrátt fyrir að árangurinn á árinu þegar kom að fjölmiðlum hafi verið langt umfram markmið var ákveðið að halda markmiðum að mestu óbreyttum á árinu 2021, enda um margt óvenjulegar aðstæður sem kölluðu á aukinn áhuga fjölmiðla.

Samstarf

Eins og á undanförunum árum og áratugum hefur BSRB unnið að ýmsum mikilvægum málefnum í góðu samstarfi við önnur heildarsamtök launafólks, bæði hér á landi og erlendis.

Samvinna á íslenskum vinnumarkaði

■ Samstarf við önnur heildarsamtök á íslenskum vinnumarkaði hefur haldið áfram. Sú samstaða sem náðst hefur um mikilvæg mál hefur aukið slagkraft íslensks launafólks.

Mánaðarlegir samráðsfundir með forsvarsmönnum Bandalags háskólamanna (BHM) og Kennarasambands Íslands (KÍ) hafa haldið áfram. Á fundunum er rætt um sameiginleg hagsmunamál opinberra starfsmanna og

mögulega samstarfsfleti. Þar hafa umræður um styttingu vinnuvikunnar og önnur kjarasamningstengd mál verið ofarlega á baugi undanfarið ár.

Vinna kjaratölfræðinefndar hefur haldið áfram á árinu, en nefndin varð til með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, forsætisráðherra, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, Hagstofu Ísland og Ríkissáttasemjara í maí 2019. Markmiðið með starfi nefndarinnar er að safna og hagnýta tölfræðigögn um laun og efnahag til að undirbúa betur gerð kjarasamninga og fylgja þeim eftir. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Nefndin gefur út tvær skýrslur á ári, haust- og vorskýrslu. Fyrsta skýrsla nefndarinnar var gefin út í september 2020 og önnur í apríl 2021.

Þjóðhagsráð, samráðsvettvangur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, fundar reglulega. Ráðið hefur komið sex sinnum saman frá síðasta aðalfundi, síðast nú í byrjun maí. Markmiðið með vinnu ráðsins er að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika og áhrifum á loftslagsmál. Þjóðhagsráð fjallar um stöðuna í efnahags- og félagsmálum og ræðir samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni.

Að jafnaði fundar ráðið fjórum sinnum á ári en vegna áhrifa heimsfaraldursins hefur ráðið haldið auka fundi. Dagskrá ráðsins hefur tengst atvinnu- og efnahagsástandinu vegna heimsfaraldursins. Meðal efnis sem rætt hefur verið eru staða atvinnulausra og vinnumarkaðsaðgerðir,



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, fjallaði um vinnu kjaratölfræðinefndar þegar fyrsta skýrsla nefndarinnar var gefin út í september 2020.



Varða var stofnuð haustið 2019 og er henni ætlað að efla rannsóknir á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála. Með því verður hægt að bæta þekkingu á lífsskilyrðum launafólks og brúa bilið á milli fræðasamfélagsins og verkalýðshreyfingarinnar.

fjálög og fjármálaáætlanir fyrir árin 2021 til 2025 og árin 2022 til 2026, lífeyrismál, staða sveitarfélaganna, Tekjusagan auk þess sem Angel Gurría, framkvæmdastjóri OECD, var með ráðinu á fjarfundi og fjallaði um áskoranir tengdar heimsfaraldrinum fyrir efnahag ríkja.

BSRB hefur tekið þátt í starfi nefndar um gerð grænbókar um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál sem forsætisráðherra skipaði í ágúst 2020. Markmiðið með vinnu nefndarinnar er að varpa ljósi á núverandi fyrirkomulag við gerð kjarasamninga á Íslandi, draga fram kosti þess og galla og leggja fram hugmyndir að úrbótum eftir því sem við á. Vinnan á að ná til bæði opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Nefndinni var ætlað að skila tillögum sínum til forsætisráðherra í lok apríl 2021 svo hægt væri að ræða niðurstöðurnar

fyrir þinglok en niðurstöður voru ekki komnar fyrir aðalfund BSRB um miðjan maí 2021.

Heildarsamtökin á vinnumarkaði, BSRB, ASÍ og BHM, hafa átt í samstarfi síðasta árið í sérstökum sérfræðingahópi sem unnið hefur ýmiskonar greiningar tengdar heimsfaraldri kórónuveirunnar. Hópurinn vann meðal annars greiningu á áhrifum efnahagskreppunnar sem leiddi í ljós að hún bitnaði harðast á ungu fólki og erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði. Þá bar hópurinn saman áhrif kreppunnar nú og áhrif kreppunnar sem kom í kjölfar bankahrunsins haustið 2008.

Samvinna ASÍ og BSRB á vettvangi Vörðu – Rannsóknarmiðstöðvar vinnumarkaðarins hélt áfram á árinu. Varða var stofnuð haustið 2019 og er henni ætlað að efla rannsóknir á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála. Með því verður hægt að bæta þekkingu á lífsskilyrðum launafólks og brúa bilið á milli fræðasamfélagsins og verkalýðshreyfingarinnar. Stofnunni er ætlað að dýpka umræðuna um kaup og kjör og koma þannig með aukið fóður inn í baráttu launafólks fyrir bættri afkomu með betri lífsskilyrðum.

Varða rannsakaði áhrifin af heimsfaraldrinum á félagsfólk BSRB og ASÍ með því að leggja fyrir ítarlega spurningakönnun. Niðurstöðurnar voru kynntar í febrúar 2021 og náðu mikilli athygli í fjölmiðlum. Meðal þess sem könnunin leiddi í ljós var að um fjórðungur launafólks átti erfitt með að láta enda ná saman. Erfiðleikarnir voru mestir hjá atvinnulausum og innflytjendum og mun fleiri konur en karlar reyndust í erfiðri stöðu.

Árið 2020 kom BSRB sér upp gagnagrunni fyrir launaupplýsingar frá ríkinu og sérstöku viðmóti, svokallaðri Gagnalind BSRB, sem auðveldar aðildarfélögunum aðgang að upplýsingum um laun og atvinnuleysi. BHM vinnur með samskonar upplýsingar og gaf BSRB afnot af kóða til uppsetningar gagnagrunninnar og stefna bandalögin að samvinnu um áframhaldandi þróun gagnalindanna. Yfirstandandi er vinna með Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um umbætur í afhendingu launagagna svo hægt verði að setja þessar upplýsingar í gagnagrunninn til að auðvelda greiningu þeirra.

BSRB hefur einnig tekið þátt í vinnu aðgerðahóps um vinnumarkaðsaðgerðir vegna atvinnuleysis, svokölluðum SAM-hópi stjórnvalda sem er samstarfshópur flestra þeirra sem hafa með mennta- og atvinnumál að gera í samfélaginu. Hópurinn hefur frá því vorið 2020 skilað skýrslum með tillögum til stjórnvalda um aðgerðir í atvinnu- og menntamáli til að bregðast við versnandi atvinnuástandi og auknu atvinnuleysi vegna COVID-19 faraldursins. Um margþættar tillögur er að ræða, sem hafa verið grundvöllur margra aðgerða af hálfu stjórnvalda síðasta árið. Má þar nefna aðgerðir sem miða að því að auðvelda atvinnulausum að sækja sér nám, fjölga starfsþjálfunartækifærum fyrir atvinnulausa og sumarstörfum fyrir námsmenn, auka þjónustu við atvinnulausa útlendinga, styðja við rekstur fyrirtækja til að viðhalda störfum, auk fleiri aðgerða.

BSRB átti einnig í góðu samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ). Í sameiginlegri yfirlýsingu BSRB, ASÍ og ÖBÍ í mars 2021 var hótunum

sérfræðilækna um að hætta að hafa milligöngu milli sjúklinga og Sjúkratrygginga Íslands harðlega mótmælt. Varað var við því að slík innheimta gæti bitnað harkalega á sjúklingum og haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífeyrisþega og lágtekjuhópa. Sérfræðilæknar hafa enn ekki gert alvöru úr þessari hótun.

Erlent samstarf

■ BSRB á í góðu samstarfi við erlend heildarsamtök launafólks en bandalagið er aðili að Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga, ITUC, Evrópusambandi verkalýðsfélaga, ETUC, og Norræna verkalýðssambandinu, NFS. Þing sambandanna sem haldin eru á fjögurra ára fresti eru sótt, auk þess sem fylgst er með málum sambandanna annars vegar beint og hins vegar í gegnum NFS.

Áfram hefur BSRB lagt mesta áherslu á samstarf í gegnum Norræna verkalýðssambandið, NFS, en tveir stjórnarfundir eru haldir á ári hjá sambandinu sem formaður bandalagsins situr. NFS er samband bandalaga verkalýðsfélaga á Norðurlöndunum sem hefur það hlutverk að samræma starf verkalýðsfélaga í löndunum, auka samvinnu milli landa og vinna að hagsmunum launafólks. Auk BSRB eiga ASÍ og BHM aðild að sambandinu.

Talsvert hefur verið rætt um tilhögun erlenda samstarfsins á fundum formannaráðs og á fundum stjórnar undanfarin misseri og hugmyndir uppi um að aðildarfélög bandalagsins taki yfir þátttöku, og samhliða því kostnað, við þátttöku í PSI, EPSU og NOFS, ásamt undirnefndum EPSU. Sameyki hefur þegar tekið að sér að sinna fundum NOFS og skipað fulltrúa í undirnefnd EPSU um ríkisstarfsmenn. Þá hefur Sjúkraliðafélag Íslands skipað fulltrúa í undirnefnd EPSU um heilbrigðismál.

Ákvörðun um þessi mál hefur fengið að biða undanfarið ár, enda hefur vinna við gerð kjara-

Þó að samið hafi verið um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningum nær allra aðildarfélag BSRB í mars 2020 var enn mikið verk óunnið tengt innleiðingu á styttingunni og eftirfylgni með henni.

samninga, styttingu vinnuvikunnar og fleira tekið mikinn tíma hjá bæði BSRB og aðildarfélagunum. Til stendur að taka ákvörðun um framtíðartilhögun samstarfsins innan tíðar.

Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB, hefur setið fundi Ráðgjafanefndar EFTA fyrir hönd BSRB. Ráðgjafanefndin er skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins frá Íslandi, Noregi, Liechtenstein og Sviss og fundar nokkrum sinnum á ári. Vegna heimsfaraldursins hafa fundirnir farið fram í gegnum fjarfundarbúnað á árinu.

Starfsdagar nefnda

Mínna hefur verið um opna starfsdaga nefnda vegna sóttvarnaráðstafana tengdum heimsfaraldri kórónuveirunnar. Menntanefnd stóð þó fyrir einum opnum fundi á árinu.

Menntadagur BSRB var haldinn þann 24. mars 2021 undir yfirskriftinni „Til móts við ný

tækifæri“. Þar var fjallað um fjórðu iðnbyltinguna, nýjar áherslur og áskoranir í menntamálum og innra starf í breyttum heimi. Fundurinn var á fjarfundarformi vegna samkomutakmarkana. Karl Rúnar Þórisson, formaður menntanefndar BSRB, setti fundinn en alls fóru átta fyrirlesarar yfir fjölbreytt efni áður en Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, lokaði fundinum með stuttri yfirferð yfir helstu umræðuefnin.

Stytting vinnuvikunnar

Þó að samið hafi verið um styttingu vinnuvikunnar í kjarasamningum nær allra aðildarfélag BSRB í mars 2020 var enn mikið verk óunnið tengt innleiðingu á styttingunni og eftirfylgni með henni. Það verkefni hefur tekið gríðarlega mikinn tíma hjá starfsfólki bandalagsins og aðildarfélaganna enda mikil áhersla lögð á að ferlið gangi sem allra best fyrir sig.

Menntadagur BSRB var haldinn í gegnum fjarfundarbúnað í mars 2021.



Innleiðingin

Innleiðingin á styttingu vinnuvikunnar fór fram í tveimur hlutum. Styttingin tók gildi hjá starfsfólki sem vann í dagvinnu þann 1. janúar 2021 en þann 1. maí 2021 hjá starfsfólki í vaktavinnu. Ástæðan fyrir því að styttingin tók gildi síðar hjá vaktavinnufólki var meðal annars að endurskoða þurfti vaktavinnukerfi, starfshlutföll og í mörgum tilvikum að fjölga starfsfólki til að halda óbreyttri starfsemi.

Ferli innleiðingar í dagvinnu átti sér stað á hverjum og einum vinnustað þar sem áherslan var lögð á að starfsfólkið kæmi sem mest að undirbúningi og útfærslu, enda engir sem þekkja störfin betur en fólkið sem sinnir þeim. Áhersla bandalagsins var á fræðslu fyrir bæði starfsfólk og stjórnendur og á að styðja við og styrkja starfsfólkið í þessu ferli.

Heilt yfir gekk innleiðingarferlið vel fyrir sig, sérstaklega hjá ríkinu og Reykjavíkurborg þar sem mikil þekking var til staðar eftir tilrauna- verkefni um styttingu vinnuvikunnar í sam-

starfi við BSRB. Útfærslan var þó mismunandi milli vinnustaða. Heimilt var að stytta um allt að fjórar stundir á viku, en að lágmarki um 65 mínútur á viku. Stærstur hluti vinnustaða hjá ríkinu og Reykjavíkurborg fór í hámarksstyttingu en hjá öðrum sveitarfélögum var algengt að aðeins væri stytta um lágmarkið.

Innleiðingarferlið hjá dagvinnufólki var þannig að fyrst var skipuð vinnutímanefnd á hverjum vinnustað, valin af trúnaðarmönnum og stjórnendum. Nefndin boðaði svo til samtals á vinnustaðnum þar sem rætt var um útfærslur og skipulag vinnutímans og vann í kjölfarið úr niðurstöðunum. Vinnutímanefndin vann svo tillögur fyrir vinnustaðinn sem starfsfólkið kaus um. Ef vandamál komu upp var hægt að leita til bakhóps sem í áttu fulltrúa samtök launafólks og launagreiðendur.

Ferlið var talsvert öðruvísi á vinnustöðum þar sem unnið er í vaktavinnu þó þar væri líka lögð mikil áhersla á að starfsfólk á hverjum vinnustað kæmi að þessu mikilvæga verkefni. Meðal þess



sem vinna þurfti miðlægt var fræðsla, kortlagning ólíkra vaktavinnustaða, leiðbeiningar fyrir breytingar á vaktkerfum, uppfærslur á tímaskráningarkerfi og að tryggja mönnun.

Lögð var áhersla á umbótasamtal á vinnustöðunum þar sem rætt var um hvort breyta þyrfti vinnufyrirkomulagi, sóknarfæri tengd nýju kerfi og hvernig nýtt skipulag gæti nýst starfsfólki og vinnustaðnum sem best. Eitt af því sem miklu skipti var að fara yfir starfshlutfall starfsfólks sem ekki var í fullu starfi og bjóða þeim sem höfðu áhuga að hækka starfshlutfallið samhliða styttingu vinnuvikunnar, en þannig gat starfsfólkið aukið tekjur sínar án þess að vinna meira en það gerði áður. Mikill

áhugi reyndist á þessu hjá vaktavinnufólki í hlutastarfi og hefur um 90 prósent þeirra hækkað starfshlutfall sitt.

Auðvitað komu upp ýmsar áskoranir sem stýrihópur og innleiðingarhópar launafólks og launagreiðenda hefur unnið að, en það kom ekki á óvart enda um að ræða stærstu breytingu á vinnutíma hér á landi frá því 40 stunda vinnuvikan var tekin upp fyrir nærri hálfri öld síðan. Stærstu verkefni hafa falist í fræðslu og samskiptum við hina fjölbreyttu vinnustaði þar sem unnið hefur verið að lausnum sem hentar hverjum og einum en þó öll að sama markmiði, að tryggja heilsu, öryggi og jafnvægi vinnu og einkalífs hjá vaktavinnufólki.



Auglýsingaherferðir

Eftir áralanga baráttu fyrir styttingu vinnuvikunnar var það auðvitað gríðarlegt hagsmunamál BSRB að vel tækist til við innleiðinguna. Þess vegna fór bandalagið í tvær auglýsingaherferðir til að ná til launafólks, stjórnenda og almennings alls til að kynna hvernig styttingin ætti að fara fram.

Fyrri herferðin, sem fór í gang haustið 2020, var unnin í samvinnu við auglýsingastofnuna Hugsmiðjuna. Þungamiðjan í þeirri herferð var vefurinn styttri.is. Vefurinn var smíðaður til áður en kjarasamningar náðust en var umbreytt í kynningarvef í aðdraganda innleiðingar styttingarinnar hjá dagvinnufólki. Auglýsingar sem beindu fólki inn á vefinn voru keyrðar á samfélagsmiðlum, vefmiðlum, í útvarpi og sjónvarpi og á auglýsingaskiltum við stofnbrautir. Árangurinn af herferðinni var mjög góður og

Síðari auglýsingaherferðin fór í gang í febrúar 2021 og hafði það að markmiði að miðla upplýsingum um styttingu vinnuvikunnar til vaktavinnufólks og stjórnenda á vaktavinnustöðum.

mikill fjöldi sem nýtti sér upplýsingar á styttri.is við innleiðingu styttingarinnar á vinnustöðum um allt land. Vefurinn þótti virkilega vel heppnaður og í mars 2021 var hann verðlaunaður á Íslensku vefverðlaununum. Vefurinn var valinn besti fréttá- og upplýsingavefur ársins 2020 og þótti meðal annars betur heppnaður en covid.is vefurinn.

Síðari auglýsingaherferðin fór í gang í febrúar 2021 og hafði það að markmiði að miðla upplýsingum um styttingu vinnuvikunnar til vaktavinnufólks og stjórnenda á vaktavinnustöðum. Herferðin var unnin í samstarfi við HN Markaðssamskipti. Ákveðið var að notast ekki við vefinn styttri.is fyrir herferðina þar sem gríðarlega mikið af kynningarefni var komið inn á sameiginlegan vef atvinnurekenda og launafólks, betrivinnutimi.is og ekki heppilegt að dreifa athyglinni á tvo staði. Herferðin fór fram á samfélagsmiðlum, á vefmiðlum og í útvarpi og sjónvarpi og náði mjög góðri útbreiðslu og eftirtekt.

Eftirfylgni

■ Snemma árs 2021 var farið að ræða það í stýrihópi launafólks og atvinnurekenda vegna styttingar vinnuvikunnar í vaktavinnu að láta gera spurningakönnun meðal vaktavinnufólks til að fá upplýsingar um hvernig innleiðingin hefur gengið og sjónarmið launafólks tengt styttingunni. Stjórn BSRB samþykkti seint í mars að taka þátt í kostnaði við slíka könnun en niðurstöður úr henni höfðu ekki verið gefnar út fyrir aðalfund BSRB í maí 2021.

Umhverfismál

BSRB setti loftslagsmálin á oddinn á árinu með áherslu á norrænt samstarf um réttlát umskipti. Bandalagið tók þátt í samstarfsverkefni innlendra heildarsamtaka við heildarsamtök launafólks á Norðurlöndunum og í Þýskalandi um loftslagsmál á árinu. Unnin var sameiginleg skýrsla með áherslum verkalýðshreyfingarinnar í loftslagsmálum, en auk stóru heildarskýrslunnar voru unnar minni skýrslur fyrir hvert land sem tók þátt í samstarfinu.

BSRB, ASÍ og BHM unnu því sameiginlega skýrslu þar sem áherslur íslensku verkalýðshreyfingarinnar voru áréttáðar, byggt á grunni alþjóðlega

verkefnisins. Samtök launafólks styðja markmið stjórnvalda ríkjanna í loftslagsmálum og nauðsyn þess að ná kolefnishlutleysi fyrir miðja öldina. Í skýrslunni var bent á að til að þau markmið náist séu kerfisbreytingar óumflýjanlegar en þær verði að fara fram á forsendum réttláttra umskipta þannig að bæði kostnaði og ábata verði deilt með sanngjörnum hætti. Í skýrslunni var kallað eftir því að sérstökum vinnuhópi verði komið á fót sem hafi það hlutverk að móta stefnu um réttlát umskipti hér á landi í þríhliða samstarfi verkalýðshreyfingarinnar, stjórnvalda og atvinnurekenda.

Sameiginleg skýrsla með áherslum íslensku verkalýðshreyfingarinnar í loftslagsmálum kom út í mars 2021.



Umsagnir um þingmál

Skrifstofa BSRB vinnur umsagnir um fjölda þingmála á hverju þingi. Mál sem bandalagið veitir umsagnir um eru almennt mál sem hafa með einhverjum hætti áhrif á félagsmenn aðildarfélaga bandalagsins og er leitast við að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Þá mæta fulltrúar bandalagsins fyrir þingnefndir þegar þörf er á til að skýra afstöðu þess betur í stærri málum.

Listi yfir þær 34 umsagnir sem BSRB hefur sent Alþingi frá aðalfundi BSRB í maí 2020 er hér að neðan. Hægt er að lesa umsagnirnar í heild sinni á vef bandalagsins. Umsagnirnar eru aðgengilegar öllum á vef bandalagsins.

- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 665. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um ábyrgðarsjóð launa (framlenging hlutabótaleiðar), 813. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, 811. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (skilvirkari framkvæmd), 812. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til fjárlagala fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 36/2020, 841. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998 (hlutdeildarlán), 926. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna
- » **Umsögn BSRB** um drög að breytingartillögu meiri hluta velferðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál (hlutdeildarlán), 926. mál
- » **Umsögn BSRB** um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, 968. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (freakari aðgerðir vegna vinnumarkaðar), 972. mál
- » **Umsögn BSRB** um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. útgáfu, í Samráðsgátt
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til fjárlaga 2021 fyrir árið 2021, 1. mál, og tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025, 2. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (skilyrði um heildarjöfnuð og skuldahlutfall), 6. mál

- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 14. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um stjórnsýslu jafnréttismála
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021, 5. mál
- » **Umsögn BSRB** um tillögu til þingsályktunar um mótun sjálfbærrar iðnaðarstefnu, 44. mál
- » **Umsögn BSRB** um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 40. mál
- » **Umsögn BSRB** um tillögu til þingsályktunar um aukin atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur), 300. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tryggingagjald o.fl.), 314. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til fjárukalaga 2020, 337. mál
- » **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki, 334. mál
- » **Umsögn BSRB** um tillögu til

þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030

» **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (fjármagnstekjuskattur), 374. mál

» **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008 (borgaraleg skylda), 443. mál

» **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 (takmarkanir á notkun verðtryggingar í lánsamningum til neytenda), 441. mál

» **Umsögn BSRB** um tillögu til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 185. mál


» **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 (verkfallsréttur lögreglugömmanna), 135. mál

» **Umsögn BSRB** um tillögu til þingsályktunar um brottfall aldurstengdra starfslokareglna, 324. mál


» **Umsögn BSRB** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (raunleiðrétting), 458. mál

» **Umsögn BSRB** um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026, 627. mál


Félagsmenn BSRB




Stjórn BSRB



Formannsráð BSRB



Starfsnefndir BSRB



Kynjabókhald

Stefna BSRB um jafnréttismál var uppfærð og samþykkt á 45. þingi bandalagsins, haustið 2018 og hefur verið starfað eftir henni síðan. Þar segir meðal annars að jafnrétti skuli haft að leiðarljósi í allri starfsemi BSRB og ávallt skuli leggja mikla áherslu á að gæta að því að kynjahlutföll séu sem jöfnust í starfseminni, til dæmis við val á ræðumönnum á fundum og í málstofum, gestum nefnda og annarsstaðar.

Félagsmönnum BSRB hefur fjölgað nokkuð milli ára og voru 22.816 í janúar 2021, en voru 21.865 á sama tíma árið áður. Körlum hefur fjölgað hlutfallslega örlítið meira en konum og eru konur nú rétt rúmlega 65 prósent félagsmanna en karlar tæp 35 prósent. Þetta er ekki mikil breyting frá síðasta ári þegar konur voru 66 prósent félagsmanna en karlar 34 prósent.

Kynjahlutföllin í stjórn níu manna stjórn BSRB eru eins jöfn og mögulegt er. Fjórar konur og

fimm karlar eru aðalmenn í stjórn, en þrjár af fjórum varamönnum eru konur. Í formannaráði BSRB eiga allir formenn aðildarféлага sæti, auk formanns BSRB sem einnig er formaður ráðsins. Alls eru 24 fulltrúar í ráðinu, sextán karlar og átta konur. Karlar eru því 67 prósent fulltrúa í ráðinu en konur 33 prósent. Konur áttu 40 prósent sæta í ráðinu á síðasta ári og hefur konum fækkað um tvær í hópi formanna.

Litlar breytingar hafa orðið á samsetningu starfsnefnda bandalagsins og eru hlutföllin þar svipuð og meðal félagsmanna aðildarfélaganna. Í starfsnefndunum sem starfa munu fram að næsta þingi BSRB, haustið 2021 eru tæplega 60 prósent konur og rúmlega 40 prósent karlar. Hlutföllin eru óbreytt milli ára og svipuð og þau voru í nefndunum sem störfuðu fyrir 45. þing BSRB. Nokkur munur er þó á milli nefnda, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.



Nefndarstörf

Starfsnefndir BSRB

Stjórn BSRB skipaði starfsnefndir bandalagsins eftir 45. þing bandalagsins og hafa nefndirnar starfað með óbreyttu sniði síðan. Alls eru fimm starfsnefndir starfræktar hjá BSRB; kjaranefnd, jafnréttisnefnd, menntanefnd, velferðarnefnd og

réttindanefnd. Þá ákvað stjórnin að koma á laggirnar sérstökum starfshópi um umhverfismál.

Verkefni nefndanna eru fjölbreytt en að jafnaði hittast þær einu sinni í mánuði til að fjalla um mál sem tengjast þeim málaflokki sem hver nefnd hefur á sinni könnu.

Kjaranefnd

■ Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í kjaramálum, efnahags- og skattamálum, atvinnumálum, lífeyrismálum og húsnæðismálum. Formaður kjaranefndar er Garðar Hilmarsson og starfsmaður Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur BSRB.

Kjaranefnd hefur fengið fjölda gesta á sinn fund og fjallað um Samhæfingarhóp stjórnvalda um atvinnumál, menntaúrræði og aðgerðir fyrir atvinnuleitendur og námsmenn, verkefni í kjölfar kjarasamninga vorið 2020, Gagnalind BSRB, áherslur í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025, fyrstu skýrslu Kjaratölfraeðinefndar, stöðuna á húsnæðis-



markaði, almennar íbúðir og hlutdeildarlán, stöðuna á vinnumarkaði og áskoranir í færni- og menntamálum, norræna skýrslu um óhefðbundið ráðningarform og skýrslu Eflingar um sanngjarna dreifingu skattbyrðar.

Nefndarfélag: Arnar Hjálmsón FÍF, Atli Bachmann PFÍ, Árni Egilsson Kjölur, Garðar Hilmarsson Sameyki, Guðbrandur Jónsson FSS, Ingvar Reynisson STH, Jón Gísli Ragnarsson TFÍ, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir SLFÍ, Kári Örn Óskarsson FÍF, Kristjana Árnadóttir SDS, Þórarinn Eyfjörð Sameyki.

Tengiliðir: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Ramuné Kamarau-skatié Sameyki, Sandra B. Franks SLFÍ.

Jafnréttisnefnd

■ Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í jafnréttismálum. Formaður jafnréttisnefndar er Helga Hafsteinsdóttir og starfsmaður Dagný Aradóttir Pind lögfræðingur BSRB. Magnús Már Guðmundsson framkvæmdastjóri BSRB er starfsmaður nefndarinnar á meðan Dagný er í fæðingarorlofi.

Um fjöllumarmál jafnréttisnefndar á þessu starfsári voru m.a. heildarendurskoðun jafnréttislaga sem og laga um fæðingar- og foreldrarorlof, áskoranir tengdar jafnrétti í kjölfar Covid og samtvinnun karlmennsku og jafnréttismála. Nefndin fékk til sín nokkra gesti sem fjölluðu um þessi mál, meðal annars um karlmennsku og fæðingarorlof.

Nefndarfélag: Birna Kjartansdóttir FOSS, Bryngeir A. Bryngeirsson Sameyki, Elísabet Stefánsdóttir SFK, Freydís Anna Ingvarsdóttir SLFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Hrafnhildur

Pálsdóttir STH, Kristín Sigurðardóttir Kjölur, Sólveig Jónasdóttir Sameyki.

Tengiliðir: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Sandra B. Franks SLFÍ.

Menntanefnd

■ Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í menntamálum. Hlutverk nefndarinnar er jafnframt að taka til umfjöllunar álitafni sem snúa að framtíð vinnumarkaðar (4. iðnbyltingin). Formaður menntanefndar er Karl Rúnar Þórsson og starfsmaður Karl Sigurðsson sérfræðingur BSRB.

Menntanefnd hefur undanfarið lagt áherslu á að kortleggja breytingar á vinnumarkaði sem tengjast fjórðu iðnbyltingunni. Á menntadegi BSRB sem haldinn var í mars 2021 var sjónum beint að framtíðinni undir yfirskriftinni „Til móts við ný tækifæri“. Þar var horft til nýjunga í menntamálum bæði í almenna skólakerfinu og símenntunarkerfinu í ljósi yfirsjáanlegra breytinga á vinnumarkaði.

Nefndarfélag: Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Ingibjörg Sif Fjelsted Sameyki, Jófríður Magnúsdóttir SDS, Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki, Karl Rúnar Þórsson STH, Málfríður Anna Gunnlaugsdóttir SFK, Unnur Sigmarsdóttir STAVEY og Þórveig Þormódsdóttir FSS.

Tengiliðir: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Sandra B. Franks SLFÍ.

Velferðarnefnd

■ Hlutverk nefndarinnar er að bera ábyrgð á og taka til umfjöllunar stefnu BSRB í heilbrigðismálum, almannaþjónustunni og



almannatryggingum ásamt velferðarmálum og starfsumhverfi opinberra starfsmanna. Formaður velferðarnefndar er Sandra B. Franks og starfsmaður Hrannar Már Gunnarsson lögfræðingur BSRB.

Nefndin fjallaði um öll ofangreind málefni en beindi sjónum sínum sérstaklega að fíknisjúkdómum, fátækt og málefnum eldri borgara. Þannig vildi nefndin dýpka þekkingu sína á þeim málefnum vegna undirbúnings nefndarinnar fyrir næsta þing bandalagsins. Á starfsárinu komu gestir frá SÁÁ, PEPP samtökunum og Landssambandi eldri borgara á fund nefndarinnar.

Nefndarfélag: Guðrún Elín Björnsdóttir SLFÍ, Herdís Jóhannsdóttir Sameyki, Hólmfríður Guðlaug Jónsdóttir Kjölur, Jóhannes Ævar Hilmarsson SFK, Sandra B. Franks SLFÍ, Sigrún Ómarsdóttir PFÍ, Svala Ósk Sævarsdóttir FOSS, Kristín Guðrún Ólafsdóttir SDS.

Réttindanefnd

■ Hlutverk nefndarinnar er að taka til umfjöllunar þau álitamál sem aðildarfélög skjóta til BSRB varðandi túlkun á réttindamálum sem eru almenn fyrir aðildarfélögin. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni félaganna. Formaður réttindanefndar er Arna Jakobína Björnsdóttir og starfsmaður Hrannar Már Gunnarsson lögfræðingur BSRB.

Nefndin tók til skoðunar 23 erindi frá aðildarfélögum BSRB þar sem óskað var eftir túlkun nefndarinnar á reglum kjarasamnings. Nefndin skilaði frá sér rökstuddu álitni í öllum þeim málum og tók einnig afstöðu til beiðnar um aðstoð við rekstur dómsmáls frá einu aðildarfélögi.

Nefndin tók til skoðunar 23 erindi frá aðildarfélögum BSRB þar sem óskað var eftir túlkun nefndarinnar á reglum kjarasamnings. Nefndin skilaði frá sér rökstuddu álitni í öllum þeim málum og tók einnig afstöðu til beiðnar um aðstoð við rekstur dómsmáls frá einu aðildarfélögi.

Nefndarfélag: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Árný Erla Bjarnadóttir FOSS, Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ, Guðmundur Freyr Sveinsson Sameyki, Hermann Sigurðsson LSS, Karl Rúnar Þórsson STH, Lilja Magnúsdóttir SDS, Marta Ólöf Jónsdóttir SFK, Stefania J. Nilsen Sameyki.

Tengiliðir: Birna Friðfinnsdóttir TFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Sandra B. Franks SLFÍ.

Starfshópur um umhverfismál

■ Hlutverk starfshópsins er að taka til umfjöllunar stefnu BSRB í umhverfismálum. Starfshópurinn gerir stjórn reglulega grein fyrir störfum sínum.

Starfshópur um umhverfismál ákvað að leggja áherslu á loftslagsmál fram að næsta þingi BSRB. Hópurinn hefur ekki verið virkur en starfsmaður nefndarinnar, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur BSRB vann að, og var aðalhöfundur, skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga á vinnumarkað með ASÍ og BHM á vettvangi Norræna verkalýðssambandsins og í samvinnu við Þýska alþýðusambandið.

Nefndarfélag: Guðmundur Freyr Sveinsson Sameyki, Jón Ingi Cæsarsson PFÍ, Ómar Örn Jónsson Kjölur.





Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum

Fulltrúar BSRB eiga sæti í ýmsum nefndum og ráðum hérlendis og erlendis, þar sem þeir gæta hagsmuna félagsmanna aðildarféлага bandalagsins.

Innlendar nefndir

BSRB skipar fulltrúa í ýmsar nefndir, ráð, stjórnir, stýrihöpa og annað sem fellur að starfsemi bandalagsins. Listi yfir þær nefndir og þau ráð, ásamt þeim fulltrúum bandalagsins sem í þeim sitja, fer hér á eftir.

YFIRKJÖRSTJÓRN BSRB

Aðal: Árni Egilsson Kili, Gissur Guðmundsson Landssambandi lögreglumanna, Gréta Húnfjörð Sameyki **Vara:** Edda R. Davíðsdóttir Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar, Hlöðver Sigurðsson Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar og Lilja Magnúsdóttir Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu

FÉLAGAMÍÐSTÖÐIN

Aðal: Magnús Már Guðmundsson formaður BSRB, Sigrún Ómarsdóttir PFÍ, Snorri Magnússon LL, Þórarinn Eyfjörð Sameyki **Vara:** Ása Clausen, Guðlaug Hreinsdóttir, Jón Ingi Cæsarsson, Sólveig Jónsdóttir

LÍFEYRISJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS, LSR

Aðal: Árni Stefán Jónsson Sameyki, Þórveig Þormóðsdóttir FSS **Vara:** Guðrún Árnadóttir LL, Sandra B. Franks SLFÍ

BRÚ LÍFEYRISJÓÐUR

Aðal: Garðar Hilmarsson Sameyki, Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB **Vara:** Anna María Gunnarsdóttir KÍ, Magnús Smári Smáráson LSS

SÖFNUNARSJÓÐUR LÍFEYRISRETTINDA

Aðal: Reynir Þorsteinsson PFÍ
Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB

BAKHÓPUR BSRB UM LÆGRI LÍFEYRISTÖKUALDUR

Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Árni Stefán Jónsson Sameyki, Birna Friðfinnsdóttir TFÍ, Garðar Hilmarsson Sameyki, Kári Örn Óskarsson FÍF, Magnús Smári Smáráson LSS, Sandra B. Franks SLFÍ, Snorri Magnússon LL

UPPSTILLINGANEFND LANDSSAMBANDS LÍFEYRISJÓÐA

Magnús Már Guðmundsson BSRB

FÉLAGSMÁLASKÓLI ALPÝÐU SKÓLANEFND

Aðal: Karl Rúnar Þórsson STH
Vara: Þórveig Þormóðsdóttir FSS

STARFSGREINARÁÐ HEILBRIGÐIS-, FÉLAGS- OG UPPELDISGREINA 2019-2022

Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki **Vara:** Karl Rúnar Þórsson STH, Svala Ósk Sævarsdóttir FOSS, Edda Ragna Davíðsdóttir STAMOS

STARFSGREINARÁÐ SKRIFSTOFU- OG VERSLUNARGREINA 2019-2021

Aðal: Rita Arnfjörð St.Kóp. **Vara:** Sigrún Ómarsdóttir PFÍ

STARFSGREINARÁÐ UMHYRFIS- OG LANDBÚNAÐARGREINA

Aðal: Védís Guðjónsdóttir Sameyki
Vara: Jón Ingi Cæsarsson PFÍ

FRÆDSLUMÍÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Aðal: Karl Rúnar Þórsson STH
Vara: Þórveig Þormóðsdóttir FSS

STJÓRN FRÆDSLUSJÓÐS

Aðal: Karl Rúnar Þórsson STH **Vara:** Birna Ólafsdóttir SLFÍ

ÚTHLUTUNARNEFND NÝSKÖPUNAR OG ÞRÓUNARVERKEFNA FRÆDSLUSJÓÐS (FA)

Jóhanna Þórdórsdóttir Sameyki

STJÓRN VIRK

Aðal: Helga Hafsteinsdóttir SDS
Vara: Karl Rúnar Þórsson STH

FULLTRÚARÁÐ VIRK

Helga Hafsteinsdóttir SDS, Garðar Hilmarsson Sameyki, Karl Rúnar Þórsson STH, Sandra B. Franks SLFÍ, Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Þórveig Þormóðsdóttir FSS

SAMRÁÐSHÓPUR UM FAGHÁSKÓLANÁM

Aðal: Þórarinn Eyfjörð Sameyki
Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

FRAMTÍÐARHÓPUR SKÓLA- OG FRÍSTUNARÁÐS REYKJAVÍKURBORGAR

Karl Sigurðsson BSRB

FRÆDSLURÁÐ RÍKISSÁTTASEMJARA

Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS, STJÓRN

Aðal: Snorri Magnússon LL **Vara:** Sandra B. Franks, SLFÍ

VINNUMÁLASTOFNUN, STJÓRN

Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur **Vara:** Hrannar Már Gunnarsson BSRB

STÝRIHÓPUR UM EVRÓPUVERKEFNI UM HREYFI- OG STODKERFI

Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Sandra B. Franks SLFÍ

VINNUMARKAÐSRÁÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2019-2023

Aðal: Sigrún Helga Jónsdóttir Sameyki
Vara: Rita Arnfjörð St.Kóp

VINNUMARKAÐSRÁÐ VESTURLANDS 2019-2023

Aðal: Helga Hafsteinsdóttir SDS
Vara: Ingveldur Jónsdóttir Sameyki

VINNUMARKAÐSRÁÐ VESTFJARÐA 2019-2023

Aðal: Sigurður Arnórsson FOS-Vest
Vara: Gunnfríður Magnúsdóttir Kjölur

VINNUMARKAÐSRÁÐ NORÐURLANDS VESTRA 2019-2023

Aðal: Árni Egilsson Kjölur **Vara:** Sigurbjörn Björnsson LSS

VINNUMARKAÐSRÁÐ NORÐURLANDS EYSTRA 2019-2023

Aðal: Anna Rósa Magnúsdóttir Kjölur
Vara: Reynir Stefánsson PFÍ

VINNUMARKAÐSRÁÐ AUSTURLANDS 2019-2023

Aðal: Þórður Vilberg Guðmundsson FOS-Aust
Vara: Hafsteinn Ólason FOS-Aust

VINNUMARKAÐSRÁÐ SUÐURLANDS 2019-2023

Aðal: Árný Erla Bjarnadóttir FOSS
Vara: Unnur Sigmarsdóttir Stavey

VINNUMARKAÐSRÁÐ SUÐURNESJA 2019-2023

Aðal: Stefán B. Ólafsson St. Suðurn.
Vara: Ingvar Georg Georgsson LSS

NEFND UM VINNUSTADANÁMSSJÓÐ

Aðal: Birna Ólafsdóttir SLFÍ **Vara:** Karl Rúnar Þórsson STH

ÚTHLUTUNARNEFND ATVINNULEYSISBÓTA

Berglind Margrét Njálisdóttir TFÍ, Garðar Hilmarsson Sameyki





FERÐAKOSTNAÐARNEFND

Guðmundur F. Guðmundsson Sameyki

FÉLAGSDÓMUR

Sonja Hjördís Berndsen

JAFNRÉTTISRÁÐ

Aðal: Þórunn Sveinbjarnardóttir BHM, Marianna Traustadóttir ASÍ **Vara:** Hlöðver Sigurðsson BSRB, Jóhann R. Sigursson ASÍ

SAMRÁÐSNEFND UM VEIKINDARÉTT

Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB

VELFERÐARVAKTIN

Aðal: Jón Ingi Cæsarsson PFÍ
Vara: Edda Davíðsdóttir STAMOS

NEFND SKV. 27. GREIN STARFSMANNALAGA

Hrannar Már Gunnarsson BSRB

ENDURSKOÐUN JAFNRÉTTISLAGA – STARFSHÓPUR 1 UM VINNUMARKAÐ OG LAUNAJAFNRÉTTI

Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB

ENDURSKOÐUN JAFNRÉTTISLAGA – STARFSHÓPUR 3 UM STJÓRNSÝSLU JAFNRÉTTISMÁLA

Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Vara: Magnús Már Guðmundsson BSRB

ENDURSKOÐUN JAFNRÉTTISLAGA – STARFSHÓPUR 4 UM BANN VIÐ MISMUNUN Á GRUNDELLI KYNS

Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB

INNLEIÐINGARHÓPUR UM STYTTINGU VINNUTÍMA Í VAKTAVINNU HJÁ SAMTÖKUM FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Aðal: Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ
Vara: Sandra B. Franks SLFÍ

INNLEIÐINGARHÓPUR UM STYTTINGU VINNUTÍMA Í VAKTAVINNU HJÁ RÍKINU

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB **Vara:** Sandra B. Franks SLFÍ

INNLEIÐINGARHÓPUR UM STYTTINGU VINNUTÍMA Í VAKTAVINNU HJÁ SAMBANDI ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Arna Jakóbína Björnsdóttir Kjölur

INNLEIÐINGARHÓPUR UM STYTTINGU VINNUTÍMA Í VAKTAVINNU HJÁ REYKJAVÍKURBORG

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Guðmundur Freyr Sveinsson Sameyki

INNLEIÐINGARHÓPUR UM STYTTINGU VINNUTÍMA Á DAGVINNUTÍMA HJÁ RÍKINU

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Árni Stefán Jónsson Sameyki

INNLEIÐINGARHÓPUR UM STYTTINGU VINNUTÍMA Í DAGVINNU HJÁ SAMBANDI ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Karl Rúnar Þórsson STH

INNLEIÐINGARHÓPUR UM STYTTINGU VINNUTÍMA Í DAGVINNU HJÁ REYKJAVÍKURBORG

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Garðar Hilmarsson Sameyki

STÝRIHÓPUR VEGNA STYTTINGAR VINNUVIKU HJÁ VAKTAVINNUPÓLKI

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Arna Jakóbína Björnsdóttir Kjölur

NEFND GEGN BROTASTARFSEMI Á VINNUMARKAÐI

Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Dagný Aradóttir Pind BSRB

NEFND UM ÚTREIKNING VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS

Aðal: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB
Vara: Magnús Már Guðmundsson BSRB

NEFND UM HEILDARENDURSKOÐUN LAGA NR. 54/2006 UM ATVINNULEYSISTRÝGGINGAR

Hrannar Már Gunnarsson BSRB

KJARATÖLFRÆÐINEFND

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

STARFSHÓPUR UM ENDURSKOÐUN SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA OG HEILDARSAMTAKA UM MIÐLUN LAUNATÖLFRÆÐIUPPLÝSINGA

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

SAMRÁÐSHÓPUR UM VINNUTÍMA

Hrannar Már Gunnarsson BSRB

STARFSHÓPUR VEGNA ÁKVÆÐIS TIL BRÁÐABIRGÐA Í LÖGUM NR. 127/2016

Aðal: Sandra B. Franks SLFÍ **Vara:** Birna Friðfinnsdóttir TFÍ

STJÓRN HÚSNÆÐISMÁLASJÓÐS

Aðal: Magnús Norðdahl ASÍ
Vara: Arna Jakóbína Björnsdóttir Kjölur

SAMSTARFSNEFND UM MÁLEFNI ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR (ILO)

Aðal: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB
Vara: Karl Sigurðsson BSRB

BJARG ÍBÚÐARFÉLAG, STJÓRN

Aðal: Árni Stefán Jónsson Sameyki
Vara: Sandra B. Franks SLFÍ

BJARG ÍBÚÐARFÉLAG, ÚRSKURÐARNEFND

Hrannar Már Gunnarsson BSRB

FULLTRÚARÁÐ BJARGS ÍBÚÐAFÉLAGS

Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Garðar Hilmarsson Sameyki

UNDIRBÚNINGSHÓPUR VEGNA LEIGUFÉLAGSINS BLÆVAR

Árni Stefán Jónsson Sameyki, Hrannar Már Gunnarsson BSRB, Sandra B. Franks SLFÍ, Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

VARÐA, RANNSÓKNARSTORNUN BSRB OG ASÍ Í VINNUMARKAÐSMÁLUM, STJÓRN

Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB, Garðar Hilmarsson Sameyki

NEFND FÉLAGS- OG JAFNRÉTTISMÁLARÁÐHERRA Í ÞVÍ SKYNI AÐ BREGÐAST VIÐ ATHUGASEMDUM GRECO VARÐANDI SKIPAN DÓMARA Í FÉLAGSDÓM

Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB

SAMRÁÐSHÓPUR SEM VINNUR GEGN FÉLAGSLEGUM UNDIRBOÐUM Á INNLENDUM VINNUMARKAÐI

Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Edda R. Davíðsdóttir STAMOS

NEFND UM RÉTTINDI STARFSMANNA SEM VEITA NOTENDASTÝRÐA PERSÓNULEGA AÐSTOD (NPA)

Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB
Vara: Bryndís Theódórsdóttir Vinnumálastofnun

HÖFUNDARÉTTARRÁÐ

Aðal: Guðríður Sigurbjörnsdóttir Sameyki
Vara: Björn Þór Sigbjörnsson Sameyki

AÐGERÐARHÓPUR FÉLAGS- OG JAFNRÉTTISMÁLARÁÐHERRA Í ÞVÍ SKYNI AÐ VINNA GEGN EINELTI, KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI, KYNBUNDINNI ÁREITNI OG OFBELDI Á VINNUSTÖÐUM

Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Vara: Magnús Már Guðmundsson BSRB

TÆKNINEFND UM ENDURSKOÐUN Á JAFNLAUNASTAÐLI

Dagný Aradóttir Pind BSRB

RÁÐGJAFARNEFND LANDSPÍTALANS

Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Starfshópur um endurmat á störfum kvenna
Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Karl Sigurðsson BSRB

VINNUHÓPUR Í TENGLUM VIÐ VINNUPERND VEGNA STARFA FRAMTÍÐARINNAR

Karl Sigurðsson BSRB

STARFSHÓPUR REYKJAVÍKURBORGAR UM ENDURSKOÐUN SLYSATRYGGINGA

Hrannar Már Gunnarsson BSRB

ÞJÓÐHAGSRÁÐ

Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB

UNDIRBÚNINGSHÓPUR FYRIR ÞJÓÐHAGSRÁÐ

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

SAMRÁÐSHÓPUR UM MANSAL

Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Vara: Magnús Már Guðmundsson BSRB

SAMHÆFINGARHÓPUR UM ATVINNU- OG MENNTAÚRRÆÐI OG STÖÐU NÁMSMANNA OG ATVINNULEITENDA

Aðal: Dagný Aradóttir Pind BSRB
Vara: Hrannar Már Gunnarsson BSRB

NEFND UM JÖFNUN LAUNA MILLI MARKAÐA

Aðal: Árni Stefán Jónsson Sameyki
Vara: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir BSRB

NEFND UM SKRÁNINGU ATVINNUSJÚKDÓMA

Aðal: Hrannar Már Gunnarsson BSRB **Vara:** Sandra B. Franks SLFÍ

Erlendar nefndir

Fulltrúar BSRB taka þátt í samstarfi með ýmsum erlendum samtökum. Listi yfir samtök og fulltrúa bandalagsins fer hér á eftir.

NFS

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Árni Stefán Jónsson Sameyki

ETUC

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Magnús Már Guðmundsson BSRB

NOFS

Aðal: Árni Stefán Jónsson Sameyki
Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

EPSU

Aðal: Árni Stefán Jónsson Sameyki
Vara: Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur

EPSU NEFND UM HEILBRIGÐIS- OG VELFERÐARMÁL

Sandra B. Franks SLFÍ

EPSU NEFND UM RÍKISREKSTUR

Árni Stefán Jónsson Sameyki

PSI

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir BSRB
Vara: Árni Stefán Jónsson Sameyki

RÁÐGJAFANEFND EFTA

Dagný Aradóttir Pind BSRB

Félagatal BSRB janúar 2021

Heiti aðildarfélags	Fjöldi félagsmanna	Konur	Karlar
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	347	88	259
Félag íslenskra flugumferðarstjóra	147	46	101
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	149	104	45
FOSS- stéttarfélag í almannajónustu	1.084	838	246
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	258	189	69
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	200	150	50
Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu	1.023	707	316
Landssamband lögreglumanna	799	197	602
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	384	43	341
Póstmannafélag Íslands	830	380	450
Sameyki-stéttarfélag í almannajónustu	11.177	7.084	4.093
Sjúkraliðafélag Íslands	1.943	1878	65
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu	356	278	78
Starfsmannafélag Fjallabyggðar	77	63	14
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar	51	33	18
Starfsmannafélag Garðabæjar	606	462	144
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	669	451	218
Starfsmannafélag Húsavíkur	82	52	30
Starfsmannafélag Kópavogs	1.018	735	283
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	497	353	144
Starfsmannafélag Suðurnesja	773	564	209
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar	245	172	73
Tollvarðafélag Íslands	101	23	78
Samtals	22.816	14.890	7.926

Stefna BSRB

Allt starf BSRB grundvallast á stefnu sem mörkuð er á þingum bandalagsins. Stefnan var síðast endurskoðuð og endurnýjuð á þingi bandalagsins í október 2018.

Almannatryggingar

Snúa verður af braut aukinnar gjaldtöku fyrir þjónustu hins opinbera. Stefna stjórnvalda þarf að vera skýr varðandi það fyrir hvaða þætti velferðarþjónustunnar sé réttlætanlegt að innheimta sérstakt gjald fyrir.

Gera þarf grundvallarbreytingar á almannatryggingakerfinu þar sem litið er til starfsgetu einstaklinga en ekki örorku þeirra. BSRB krefst þess að dregið verði verulega úr tekjutengingu almannatrygginga og lífeyrisgreiðslna. Það er grundvallaratriði að lífeyrir tryggi elli- og örorkulífeyrisþegum mannsæmandi líf skjör. Einfalda þarf almannatryggingakerfið og hafa það skilvirkara og notendavænna.

Þeir sem hafa tök á og treysta sér til að vinna hlutastarf ættu að fá að gera það án skerðingar lífeyris. Aukinn sveigjanleiki í þá veru getur aðeins orðið til að bæta líf skjör og líðan fólks.

Mikilvægt er að fólki sé gert kleift að snúa aftur á vinnumarkaðinn eftir veikindi, slys eða önnur áföll. VIRK-starfsendurhæfingarsjóður hefur skilað umtalsverðum árangri í þeim efnum og ber að efla það góða starf enn frekar. VIRK hefur hjálpað miklum fjölda fólks að snúa aftur á vinnumarkaðinn og þannig aukið lýðheilsu, stuðlað að aukinni atvinnuþátttöku og sparað umtalsverða fjármuni.

Fjármunir sem varið er í starfsendurhæfingu skila sér margfalt til baka þegar þeir gera fólki kleift að taka þátt á vinnumarkaði á nýjan leik. Tryggja þarf að allir geti verið á vinnumarkaði þrátt fyrir skerta starfsorku og því mikilvægt að bæta aðstöðu og aðgengi vinnustaða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hið opinbera ætti að sýna gott fordæmi og tryggja störf á sínum vegum fyrir einstaklinga sem eiga erfitt uppráttar á vinnumarkaði.

Almannaðjónusta

Almannaðjónustuna ber að reka á samfélagslegum grunni af opinberum aðilum þar sem allir eiga jafnan rétt, óháð efnahag. Það er grundvallaratriði að svo verði áfram. Reynslan sýnir að velferðarþjófðfélag verður ekki reist nema á gildum samvinnu og jafnaðar, gildum sem verkalýðshreyfingin hefur haldið á lofti frá öndverðu.

Opinber almannaðjónusta gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu samfélagsins. Almannaðjónusta sem tryggir landsmönnum aðgang að meðal annars fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, menntun og réttarvörslukerfi, þar með talið löggæslu og annarri öryggisþjónustu.



Slíkt er ekki hægt að tryggja nema almannaþjónustan sé í höndum hins opinbera sem skipuleggur, stýrir og fjármagnar hana á grundvelli jafnréttis. Þjónustuna þarf með öðrum orðum að skipuleggja þannig að þarfir allra landsmanna séu hafðar í huga en ekki miðað við greiðslugetu. Tryggja verður að lagarammi almannaþjónustunnar sé nægilega traustur til að veita henni vernd gegn markaðsvæðingu. Almannaþjónustuna á aldrei að reka á hagnaðargrundvelli heldur eiga almannahagsmunir og samfélagsmarkmið að vera í forgrunni.

Öflug almannaþjónusta byggir á faglegu og hæfu starfsfólki. Tryggja þarf að mönnun á vinnustað sé með þeim hætti að öryggi notenda og starfsmanna sé ekki hætta búin. Því er nauðsynlegt að hlúa að og veita starfsfólki almannaþjónustunnar tækifæri til að sækja sér aukna menntun og þjálfun. Með öflugri kjara- og mannauðsstefnu verður almannaþjónustan að eftirsóknarverðum vinnustað.

Almannaöryggi

Öflug löggæsla er ein af grunnstoðum velferðarsamfélagsins. Aukin skipulögð glæpastarfsemi kallar á stóreflda löggæslu. Skilgreina þarf mannaflapörf og fjárbörf miðað við eðli og umfang verkefna. Það á að vera í forgangi stjórnvalda að fjölga þeim sem starfa í löggæslu og bæta nauðsynlegan búnað ásamt þjálfun og starfsþróunar- möguleikum þeirra.

Vegna samfélagsbreytinga er mikilvægt að efla löggæslu og landamæraeftirlit. Tryggja verður öryggi þeirra sem starfa við að vernda samfélagið, tryggja gott starfsumhverfi og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða vegna aukningu á slysa- og veikindafjarveru.

Atvinnumál

Opinber vinnumarkaður er grunnstoð norræna velferðarkerfisins þar sem jafnrétti fólks er haft að leiðarljósi. Sterk almannaþjónusta er mjög árangursríkt jöfnunartæki og jafnframt mikilvægur hlekkur í atvinnulífinu sem skilar þjóðfélaginu miklum arði. Mikilvægt er að efla grunnþjónustu samfélagsins og byggja upp enn sterkari opinberan vinnumarkað sem er samkeppnisfær við hinn almenna vinnumarkað.

Innan almannaþjónustunnar starfa þúsundir í skólum, félags- og heilbrigðisþjónustu og víða eru konur í miklum meirihluta þessara starfa. Mikilvægt er að tryggja samkeppnishæf laun í þessum störfum. Stofnanir þurfa að fá fjármagn í samræmi við þá þjónustu sem þær eiga að veita.



Hátt atvinnustig er lykilforsenda þess að hægt sé að halda uppi velferðarkerfi og því er brýnasta viðfangsefni stjórnvalda hvers tíma að búa svo um að sem flestir hafi tök á því að stunda vinnu. VIRK hefur á starfstíma sínum unnið mikilvægt starf við að undirbúa fólk sem fallið hefur af vinnumarkaði til að snúa aftur til starfa. Þjóðhagslegur ávinningur af starfi sjóðsins er gríðarlegur. VIRK hefur með starfi sínu stuðlað að aukinni lýðheilsu þjóðarinnar og á sama tíma sparað samfélaginu mikla fjármuni. Standa þarf vörð um hið öfluga starf sem nú fer fram hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði. Mikilvægt er að atvinnurekendur, trúnaðarmenn og lækna- stuðli að því að einstaklingar komist sem fyrst í þjónustu VIRK áður en veikindaréttur og önnur aðstoð er fullnýtt.

Stjórnvöld verða að leggja sitt af mörkum ásamt verkalýðshreyfingunni og fulltrúum atvinnurekenda og hlúa sem best að þeim sem af einhverjum ástæðum falla út af vinnumarkaði. Sérstaklega þarf að huga að langtímaatvinnulausu fólki svo það einangrist ekki félagslega og efnahagslega.

Stjórnvöld geta aukið fjölbreytni á vinnumarkaði með því að huga betur að menntun sem miðast við þarfir atvinnulífsins. Traustur grundvöllur hefur verið lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi með aukinni menntun. Þess vegna er mikilvægt að stuðla að frekari nýsköpun og hlúa að vaxtarsprotum. Nýjar og vaxandi atvinnugreinar á borð við ferðaþjónustu, upplýsingatækni og líftækni skapa mörg störf og eru nær undantekningarlaust gjaldeyrisskapandi. Einnig þarf að auka framleiðslu á innlendum matvælum með sjálfbærni að leiðarljósi. Með fjölbreyttu atvinnulífi og raunverulegri gjaldeyrissköpun fyrirtækja má draga úr líkum á stórfelldum örðugleikum í atvinnulífinu.

Styrkja verður stöðu landshlutanna svo þeir hafi aðdráttarafl fyrir fólk til búsetu og starfa. Styrkja verður uppbyggingu atvinnulífs og opinberrar þjónustu á landinu öllu. Verð á orku þarf að vera sambærilegt um land allt og sömuleiðis aðgengi að netsambandi. Leitast verður við að skapa ný opinber störf í öllum landshlutum í stað þess að flytja störf landshluta á milli. Reynslan sýnir að tilfærsla starfa á milli landshluta hefur bæði neikvæð áhrif á starfsfólk, starfsemi viðkomandi stofnunar og þjónustuna sem á að veita.

Markmiðið verkalýðshreyfingarinnar á alltaf að vera að auka lífsgæði og lífsgæði launafólks. Meginhlutverk hreyfingarinnar er að halda á lofti grundvallarkröfum um jöfnuð, réttlæti og samfélagslega ábyrgð sem mótsvar við arðsemiskröfur atvinnurekenda.

Efnahags- og skattamál

BSRB leggur áherslu á að skattkerfið sé nýtt sem jöfnunartæki. Reka á skattkerfið og um leið velferðarkerfið með því hugarfari að fólk greiði inn eftir efnum en taki út eftir þörfum. Þeir sem betur eru stæðir ættu að bera meiri byrðar en hinir sem verr eru staddir. Samstaða þarf að nást um þessa hugsun í rekstri hins opinbera og hafa samstöðu og jöfnuð fólks að leiðarljósi.



Mikilvægt er að álögur á þá sem minnstar hafa tekjurnar verði ekki of miklar. Skattbyrði fólks verður að taka mið af framfærslubyrði og vera réttlát. Draga þarf verulega úr gjaldtöku í velferðarkerfinu en vaxandi greiðsluþátttaka launafólks til dæmis í rekstri heilbrigðiskerfisins er óásættanleg. Skoða skal hvort taka beri upp stiglækkandi persónuafslátt til að ná meðal annars því markmiði að skattleysismörk nálgist grunnframfærslu.

Koma verður til móts við fjölskyldufólk með endurskoðun á fyrirkomulagi barnabóta og hækka greiðslur til barnafólks.

BSRB er fylgjandi þrepaskiptingu í skattkerfinu en slíkt fyrirkomulag verður að taka mið af skerðingum bótamegin. BSRB krefst þess að dregið verði verulega úr tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna. Jaðarskattar eru íþyngjandi og leggjast mjög misjafnlega á fólk eftir efnunum og aðstæðum. Reglur skattkerfisins verða að gilda um alla og stórauka þarf eftirlit með ólögumætri atvinnustarfsemi

BSRB varar við því að aðgerðir sem settar eru fram í nafni einföldunar á skattkerfinu leiði í reynd til hærri álags á launafólk. Mikilvægt er að kjör heimilanna séu lögð til grundvallar öllum breytingum á skattkerfinu en ekki óljósar hugmyndir um einföldun skattkerfisins.

BSRB krefst þess að fjármagnstekjuskattur og arður sé meðhöndlaður eins og tekjuskattur. Þá hafnar bandalagið alfarið öllum hugmyndum um skattlagningu inngreiðslna séreignarsparnaðar.

BSRB er hlynnt auðlindaskatti og telur að greiða eigi fyrir nýtingu auðlinda, hverjar sem þær eru. Bandalagið leggur þó áherslu á að auðlindir verði í almannaeigu en ekki í eigu einkaaðila.

Heilbrigðismál

Jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag, stuðlar öðru fremur að auknum jöfnuði fólks og við því fyrirkomulagi ber ekki að hrófla. BSRB leggst alfarið gegn markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustu og gjaldtöku sem byggir á hagnaðarsjónarmiðum.

Endurskoða verður gjaldtöku fyrir ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu til að stuðla frekar að jöfnu aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu. BSRB vill sporna við gjaldtöku innan heilbrigðiskerfisins. Heilbrigðiskerfi Íslendinga á að veita hverjum sem þarf á aðstoð að halda alla þá þjónustu sem völ er á án tilkostnaðar fyrir viðkomandi.

Endurskoða þarf aukna þátttöku almennings í að greiða fyrir nauðsynleg lyf. Það er forgangsverkefni stjórnvalda að auka greiðsluþátttöku hins opinbera vegna lyfja. Veikindi valda tekjumissi ofan á aðra erfiðleika og því ætti það að vera grunnréttur þeirra sem veikir eru að fá lyf við hæfi án mikils kostnaðar fyrir viðkomandi.

BSRB krefst þess að sú mismunun sem viðgengst milli einstaklinga vegna eðlis og uppruna sjúkdóma þeirra, raskana og kvilla verði leiðrétt. Sem dæmi má nefna andleg veikindi, fíknisjúkdóma, stoðkerfissjúkdóma, tannsjúkdóma auk ferðakostnaðar og kostnaðar vegna hjálparkækja.



Huga verður að jafnræði til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu. Hið opinbera verður sem dæmi að taka ríkari þátt í ferðakostnaði fólks sem búsetu sinnar vegna hefur ekki sama aðgengi að heilbrigðisþjónustu og aðrir. Afar brýnt er að stórefla utanspítalaþjónustu, sjúkraflutninga og sjúkraflug og tryggja þar með að slík þjónusta sé ætíð til staðar í hinum dreifðu byggðum.

Góð heilsa landsmanna er þjóðhagslega hagkvæm. Hið opinbera á að reka heilbrigðiskerfið á réttlátan hátt fyrir skattfé landsmanna. Kerfið á að vera skilvirkt og tryggja öllum jafnan aðgang að fyrsta flokks þjónustu. Þetta er mikilvægur þáttur þess að viðhalda öryggi og lífsgæðum fólksins í landinu. Forsenda þess er að tryggt verði að fjöldi starfsfólks sé í samræmi við þá kröfu sem gerð er til þjónustunnar ásamt góðu starfsumhverfi.

Húsnæðismál

Öruggt húsnæði, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða séreign, eru mannréttindi. Brýn nauðsyn er að bregðast við framboðsskortri og tryggja þarf öllum húsnæði á jafnréttisgrundvelli.

Það á að vera forgangsverkefni stjórnvalda að húsnæðiskostnaður verði lækkaður og tryggt verði nægilegt framboð á húsnæði svo að fólk hafi raunverulegt val um hvort það eigi eða leigi húsnæði. Stefna stjórnvalda í húsnæðismálum verður að byggja á því að húsnæðiskostnaður verði ekki meiri en þriðjungur af ráðstöfunartekjum og vaxtakjör fasteignalána verði viðráðanleg. Vaxtakjör hér á landi eiga að vera sambærileg við vaxtakjör hjá nágrannalöndum okkar.

Auka verður stofnframlög til félaga sem hafa það að langtímamarkmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með leiguhúsnæði og eru rekin án hagnaðarsjónarmiða. Reisa verður húsnæði sem miða sérstaklega að þörfum leigjenda. Sérstaklega ódýrara og hagkvæmara húsnæði víða um land. Hentugt leiguhúsnæði myndi stuðla að því að leigumarkaðurinn verði hagkvæmari valkostur en hingað til og þannig stuðla að því að gera leiguformið að raunverulegum valkosti í búsetumálum á Íslandi.

Jafnréttismál

BSRB skal standa vörð um að stjórnvöld og atvinnurekendur vinni markvisst að jafnrétti með því að tryggja jöfn tækifæri og jafna möguleika fólks af öllum kynjum á vinnumarkaði. Sérstaklega þarf að tryggja jafna stöðu og möguleika með tilliti til



fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kyntjáníngar, kynvitundar, kyneinkennis, litarháttar, trúar, lífsskoðunar, tungumáls, búsetu, þjóðernisuppruna, félagslegrar stöðu eða efnahags. Þá skal bandalagið sérstaklega vinna að valdeflingu jaðarsettra hópa.

Jafnrétti skal haft að leiðarljósi í allri starfsemi BSRB. Bandalagið skal bjóða upp á öfluga jafnréttisfræðslu til aðildarfélaganna og félagsmanna, stuðla að því að allir vinni að þessu mikilvæga hagsmunamáli launafólks og að unnið sé í samræmi við þær reglur sem gilda um öryggi og jafnrétti á vinnumarkaði og í félagsstarfi.

Staða kynjanna á vinnumarkaði

Mikil kynjaskipting er helsti orsakavaldur launamunar kynjanna þar sem í fjölda starfsstétta er annað kynið í afgerandi meirihluta. Kynbundið náms- og starfsval leiðir af viðhorfum samfélagsins um hlutverk kynjanna og þeirra staðalímynda sem ríkja um stelpur og stráka, konur og karla. Atvinnuþátttaka kvenna er mjög há á Íslandi en rúmlega þriðjungur kvenna er í hlutastörfum vegna þess að þær axla meginábyrgð á fjölskyldu- og heimilisstörfum. Þá eru konur að jafnaði að minnsta kosti fjórfalt lengur frá vinnumarkaði í kjölfar barneigna heldur en karlar vegna fæðingarorlofstöku og brúun umönnunarbilsins fram að tryggri dagvistun. Það hefur verulega neikvæð áhrif á tekjur og starfsþróunarmöguleika kvenna. Loks er mikill munur milli kvenna og karla þegar kemur að valda- og áhrifastöðum þar sem hallar verulega á konur. Grípa verður til aðgerða á hverju sviði fyrir sig til að útrýma aðstöðumun kynjanna og jaðarsettra hópa á vinnumarkaði.

Fjölskylduvænt samfélag

Til að byggja upp fjölskylduvænt samfélag telur BSRB mikilvægt að í allri opinberri stefnumörkun og fjárhagsáætlanagerð sé unnið markvisst að jafnrétti í launuðum sem ólaunuðum störfum. Tryggja þarf jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum og á vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að stefna stjórnvalda hafi samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs að leiðarljósi. Samhliða vinnu við að eyða launamun kynjanna verður að jafna möguleika foreldra til að sinna umönnun barna sinna og auka möguleika þeirra til að verja gæðatíma með fjölskyldunni.



Fæðingarorlof og dagvistun

Brýnt er að lengja fæðingarorlofsrétt foreldra á vinnumarkaði í samtals 24 mánuði sem skipt er jafnt milli foreldra, samhliða því sem hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi verði hækkaðar og greiðslur sem samsvari lágmarkslaunum verði óskertar. Tryggja þarf réttindi barna þannig að einstæðir foreldrar fái fullan rétt til fæðingarorlofs. Veikist foreldrar í fæðingarorlofi skulu þeir eiga rétt á uppbót á fæðingarorlofi og endurskoða þarf viðmið greiðslna hjá foreldrum sem eiga börn með stuttu millibili. Þá er mikilvægt að verðandi foreldrum standi til boða fræðsla og stuðningur. Jafnframt þarf að lögfesta rétt barna til öruggrar gjaldfrjálsrar dagvistunar af hálfu hins opinbera strax að loknu fæðingarorlofi foreldra.

Efling fæðingarorlofsins er mikilvæg aðgerð til að tryggja jafna möguleika foreldra til samveru með barni sínu og jafnréttis kynjanna á vinnumarkaði. Það mun stuðla að því að fjarvera foreldra frá vinnumarkaði vegna barneigna verði jafn löng og áhrifin af tímabundnu brotthvarfi af vinnumarkaði þau sömu.

Stytting vinnuvikunnar

Stytting vinnuvikunnar er grundvallarkrafa BSRB og mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag sem grundvallast á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Lögfesta þarf styttingu vinnuvikunnar í 35 stundir í dagvinnu og að vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar.

Stytttri vinnuvika leiðir til betri starfsánægju og aukinna afkasta, minni streitu vegna samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs, bættrar heilsu og aukinnar vellíðunar. Hún stuðlar einnig að auknu jafnræði í ábyrgð á heimilis- og umönnunarstörfum, aukningu á atvinnuþátttöku kvenna og að konur leiti síður í hlutastörf vegna fjölskylduábyrgðar.

Sveigjanleiki í starfi

Nauðsynlegt er að taka til skoðunar samspil atvinnulífs, skóla og heimilis með það að leiðarljósi að draga úr árekstrum og álagi á fjölskyldufólk. Fjölskyldufólk þarf að hafa meiri sveigjanleika í starfi til þess að samþætta atvinnu og fjölskyldulíf, til dæmis með launuðum frídögum til að koma til móts við vetrarfrí, starfsdaga og lokanir skóla. Samhliða þessu þarf að taka til skoðunar lengd vinnudags barna svo sem að heimanámi verði lokið á skólatíma og samfelli milli skóladags og tómstundastarfs. Mikilvægt er að atvinnurekendur axli ábyrgð og stjórnvöld, fulltrúar atvinnulífs og skóla klári það samtal sem þarf að eiga sér stað til að koma í veg fyrir síendurtekna árekstra af þessum toga.



Veikindi barna og náinna ættingja

Miklu máli skiptir að launafólk geti brugðist við hinum ýmsu aðstæðum sem geta komið upp í einkalífi og hafi rétt til fjarvista frá vinnu vegna alvarlegra langvarandi veikinda barna án skerðingar á launum. Hið sama gildir um aukningu á réttindum til fjarvista vegna veikinda barna með tilliti til fjölda þeirra og vegna foreldra, maka eða annarra náinna ættingja eða fjölskylduaðstæðna. Slík samþætting leiðir til aukinnar starfsánægju, bættrar frammistöðu, aukinna afkasta og minni starfsmannaveltu.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni

Uppræta þarf kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi en rót þeirrar meinsemdar er misrétti og valdaójafnvægi kynjanna og jaðarsetning annarra kynjaðra hópa. Reynslan sýnir að jöfn staða og jafnir möguleikar allra innan vinnustaða koma ekki af sjálfu sér. Það þarf þekkingu, vilja og aðgerðir til að ná fram breytingum á þessu sviði. Samkvæmt jafnréttis- og vinnuverndarlögum bera atvinnurekendur ríka ábyrgð til að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að starfsfólk eða skjólstaðingar verði fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni eða öðru ofbeldi á vinnustað. Góð stjórnun og markviss samþætting jafnréttissjónarmiða með sérstakri áherslu á að uppræta valdamisræmi í hvers kyns ákvörðunartöku er lykillinn að því að áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað. Við verðum öll að taka þátt til að raunveruleg breyting á viðhorfum og menningu eigi sér stað.

Kjaramál

Allt launafólk á rétt á mannsæmandi launum fyrir vinnu sína. BSRB telur grundvallaratriði að launamunur milli hins opinbera og hins almenna vinnumarkaðar verði jafnaður samanber samkomulag um lífeyrismál frá 19. september 2016. Launakannanir hafa sýnt að launamunur á milli markaða sé um það bil 17 prósent. Þá verður áfram að vinna að hækkun lægstu launa.

Grundvallaratriði er að launafólk geti lifað af dagvinnulaunum því augljóst er að fyrr verður ekki sátt um kjaramál í þessu landi. Draga þarf úr yfirvinnu, enda leiðir minna vinnuálag til þess að afköst starfsfólks aukist hlutfallslega. Stefna ber að afnámi yfirvinnuskyldu úr lögum og kjarasamningum, nema að almannahagsmunir séu í húfi.

Lögfesta þarf styttingu vinnuvikunnar í 35 stundir í dagvinnu og að vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar.

BSRB telur það forgangsmál að bæta stöðu tekjulægri fjölskyldna. Tryggja þarf að öll börn búi við örugga fjárhagslega afkomu, búi við búsetuöryggi og hafi tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar. Samfélag jafnaðar verður ekki byggt nema allar fjölskyldur geti boðið börnunum sínum upp á sambærileg tækifæri óháð efnahag og búsetu. Mikilvægt er að efla almenningssamgöngur og gera þær ódýrari.

BSRB krefst þess að sérstök launaþróunartrygging verði lögfest eða sett í kjarasamninga opinberra starfsmanna en megintilgangur hennar er að tryggja samræmi í



launaþróun á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Unnið verði að sátt á milli stéttarfélaganna innan BSRB um útfærsluna. Þannig telur BSRB að opinberir starfsmenn muni njóta launahækkana sem eru umfram umsamdar launahækkanir í kjarasamningum auk þess sem upptaka launaþróunartryggingar ætti að leiða til aukins stöðugleika á vinnumarkaði.

Að mati BSRB er það forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalyðshreyfingarinnar að tryggja jafnrétti í launum óháð stöðu með tilliti til fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kyntjáníngar, kynvitundar, kyneinkenna, kynþáttar, trúar, tungumáls, búsetu, stjórnmalaskoðana, þjóðernisuppruna, félagslegrar stöðu eða efnahags. Allar rannsóknir sýna fram á að launamunur kynjanna er enn til staðar sem birtist í lægri atvinnu- og ævitekjum kvenna. Söguleg og menningarleg áhrif hafa leitt til þess að störf í þágu barna og í heilbrigðisþjónustu eru metin til lægstu launa samfélagsins ásamt öðrum störfum þar sem konur eru í meirihluta.

Grípa þarf til sérstakra aðgerða til að útrýma launamuni sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Þær aðgerðir eiga að hafa það að leiðarljósi að leiðrétta skakkt verðmætamat starfa þar sem meirihluti starfsmanna eru konur. Þá er jafnlaunastaðallinn mikilvægt tæki til að auka gegnsæi og gæði í launaákvörðunum.

BSRB krefst þess að bannað verði að skikka fólk í launalaust leyfi ef starfskrafta þess er ekki þörf svo sem vegna sumarlokana.

Lífeyrismál

Lífeyrskerfi Íslendinga stendur á sterkum grunni byggðum á þremur stöðum: Opinberu almannatryggingakerfi, atvinnutengdum lífeyrissjóðum með skylduáild og frjálsum lífeyrissparnaði. Styrkur íslenska kerfisins felst að stórum hluta í sjóðsöfnun en með því er átt við að eignir eru lagðar fyrir jafnóðum og réttinda er aflað til greiðslu lífeyris síðar. BSRB leggur ríka áherslu á að þessu fyrirkomulagi verði ekki hróflað.

BSRB krefst þess að dregið verði verulega úr tekjutengingu almannatrygginga og lífeyrisgreiðslna. Mikilvægt er að launafólk sem greitt hefur í lífeyrissjóði alla starfsævina sjái þess stað í afkomu sinni þegar kemur að starfslokum.

BSRB krefst þess að þær stéttir sem þurfa að hætta að vinna fyrr, til dæmis vegna álags í starfi, fái rétt til snemmtöku lífeyris sem fjármagnað verður sérstaklega með herra mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð. BSRB fer einnig fram á að alþingi breyti lögum og lagi útfærslu varúðarsjóðs A-deildar til samræmis við samkomulag um lífeyrismál frá 16. september 2016.



Meðferð tilgreindrar séreignar hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna verði í samræmi við meðferð hennar á almennum vinnumarkaði.

Menntamál

BSRB leggur áherslu á jafnrétti til náms óháð aðstæðum og leggst bandalagið gegn því að skólagjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, séu lögð á í opinberum menntastofnunum. Námsgagnakostnaður við skyldunám á að greiðast alfarið úr sameiginlegum sjóði.

Hornsteinn hvers samfélags eru jöfn tækifæri til menntunar og fræðslu við hæfi að skyldunámi loknu. Menntun leiðir til jafnari tækifæra, framfara og herra atvinnustigs landsmanna. Hún skilar sér í aukinni verðmætasköpun, auknum tekjum og leggur grunn að virkni og lengri veru fólks á vinnumarkaði. Menntun stuðlar að velferð og auknum tekjum fyrir hið opinbera og landsmenn alla.

BSRB leggur áherslu á að bandalagið og aðildarfélög þess séu virkir þátttakendur í umræðu og ákvörðunartöku um þróun og framvindu menntunar og fræðslu í landinu, jafnt í formlega og óformlega skólakerfinu.

BSRB, sem einn af aðilum vinnumarkaðarins, ber ríka ábyrgð á stefnumótun menntunar gagnvart stjórnvöldum. Nauðsynlegt er að ríki og sveitarfélög setji sér menntastefnu í ljósi breyttra atvinnuhátta og tæknivæðingar í góðu samstarfi við BSRB og aðildarfélög þess. Endurskoðun laga um framhaldsfræðslu er mikilvægur þáttur í því að auka fræðslumöguleika fólks á vinnumarkaði.

Tryggja þarf að fagháskólanám verði fjármagnað af hinu opinbera og verði sjálfsagður hluti af formlega skólakerfinu. Sjóðakerfi og opinber fjárframlög til hins óformlega skólakerfis, framhaldsfræðslunnar sem gjarnan er nefnd fimmta stoð menntakerfisins, verður að duga til að standa undir framsæknu starfi fræðslusetra, símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

BSRB leggur áherslu á gildi og mikilvægi menntunar og beitir sér fyrir því að stjórnir aðildarfélaganna, starfsmenn og þeir sem gefa kost á sér til félagsstarfa fái þá fræðslu og menntun sem nauðsynleg er.

BSRB styrkir aðildarfélögin í því mikilvæga verkefni að hækka menntunarstig félagsmanna sinna í samstarfi við atvinnurekendur. BSRB vill leggja sérstaka áherslu á að auka tækniþekkingu og tölvulæsi í takt við óskir félagsmanna og þarfir vinnumarkaðarins.



BSRB leggur áherslu á að félagsmenn aðildarfélaganna geti þróað starfshæfni sína og menntað sig þannig að þeir verði eftirsóknarverðir á vinnumarkaði alla sína starfsævi. Nauðsynlegt er að tryggja möguleika félagsmanna til að sækja sér starfs- og símenntun samhliða störfum sínum án launaskerðingar. BSRB vill beita sér fyrir því að námsleyfi verði sjálfsagður réttur félagsmanna aðildarfélaga BSRB. Slík réttindi þurfa að vera tryggð með kjarasamningum en samræmd á milli félaga.

BSRB vill tryggja jafnt aðgengi félagsmanna aðildarfélaga að raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf með aukinni kynningu og upplýsingagjöf til að ná til þeirra sem hafa minnstu formlegu menntunina. Þá leggur bandalagið ríka áherslu á að bæði ríki og sveitarfélög komi að uppbyggingu og rekstri fræðslusetra á sviði endur- og símenntunar sem hafa það hlutverk að greina og hanna menntunarleiðir fyrir félagsmenn aðildarfélaga BSRB, þeim að kostnaðarlausu. Starfs- og símenntunarmál verða að vera forgangsmál BSRB enda kallar vinnumarkaður framtíðarinnar á nýja hæfni og nýja hugsun.

BSRB telur nauðsynlegt að styrkja stöðu verk- og starfsnáms samhliða hefðbundnu bóknámi. Þannig þarf að styrkja hlutverk þeirra starfsgreinaráða sem fjalla um þau störf sem félagsmenn aðildarfélaga BSRB sinna og búa ráðunum starfsaðstæður sem tryggja að þau geti sinnt hlutverkum sínum af metnaði. Þá þarf að styrkja Vinnustaðanámssjóð og tryggja aðgengi félagsmanna aðildarfélaga BSRB að honum.

Starfsumhverfi starfsfólks í almannajónustu

Hlutverk starfsfólks í almannajónustu er að veita mikilvæga og lögbundna þjónustu þar sem hagsmunir almennings eru hafðir að leiðarljósi. Tryggja þarf samhæfingu í þjónustunni og að vinnustaðir og störfin þróist í samhengi við samfélagið.

Til að tryggja öflugra og góða almannajónustu er mikilvægt að starfsmenn búi alltaf við besta mögulega starfsumhverfi, þar sem þekking, gagnkvæm virðing, fagmennska og starfsánægja er höfð að leiðarljósi. Skapa skal svigrúm og tækifæri fyrir starfsmenn til að þróa hæfni sína og þekkingu með öflugri símenntun og búa þeim vinnuaðstæður sem gera þeim kleift að sinna starfi sínu á faglegan og vandaðan hátt. Í starfsþjálfun skulu starfsmenn vera á launum.

Mikilvægt er að marka skýra mannauðsstefnu þar sem saman fara hagsmunir starfsmanna og stofnunar eða fyrirtækis. Styrkja þarf samband stjórnenda og starfsmanna meðal annars með reglulegum starfsmannasamtölum og mikilvægt er að tryggja samvinnu stjórnenda og starfsmanna um skipulag og þróun vinnustaðarins. Skýr starfslýsing þarf alltaf að vera til staðar. Tryggja þarf að þeir sem hafa mannaforráð hafi þekkingu og menntun til að geta sinnt sínu hlutverki gagnvart starfsmönnum sínum.

Gera þarf reglulega heildarúttekt á starfsháttum vinnustaða og aðbúnaði launafólks. Gera þarf reglulega áhættumat og fylgja því eftir. Sérstaklega þarf að skoða vinnutilhögun og vinnuaðstöðu vaktavinnufólks, tryggja að lög um lögbundinn hvíldartíma séu virt, að mönnun sé næg og sjá til þess að álag á starfsfólk sé hóflegt.



Sveigjanleiki og samhæfing vinnu og einkalífs á ávallt að vera í fyrirrúmi til að stuðla að fjölskylduvænna samfélagi og koma í veg fyrir álag og streitu.

Upplýsa þarf starfsfólk um allar fyrirhugaðar breytingar sem varða stöðu starfsfólks í almannajónustu, svo sem breytingar á stofnanaumhverfi. Slíkar breytingar verður að vinna með faglegum hætti og í samráði við starfsmenn og stéttarfélög. Þannig er hægt að tryggja nauðsynlega sátt og að þekking, reynsla og hæfni starfsfólks glattist ekki. Óvissa um starfið, svo sem vegna gerviverktöku og lausráðninga veldur kulnun og streitu.

Umhverfismál

Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugs stuðnings stjórnvalda, verkalýðshreyfingarinnar, atvinnulífsins og alls almennings.

Tryggja þarf að auðlindir landsins verði í almannaeigu og aðgangur allra að hreinu drykkjarvatni sé tryggður.

Tryggja þarf að nýting náttúruauðlinda verði sjálfbær og að sem víðtækust sátt ríki um nýtingu þeirra.

BSRB telur mikilvægt að tryggja að allt grunnvatn sé í almannaeigu og afnema vatnalögin frá 2011 sem vinna gegn því markmiði.

BSRB vill vera umhverfisvænt bandalag bæði í orði og á borði og skuldbindur sig til þess að vinna með markvissum hætti að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í umhverfismálum. Þá skuldbindur bandalagið sig til að hafa umhverfis-sjónarmið ávallt að leiðarljósi í sínu starfi.

BSRB mun beina áherslu sínum til stjórnvalda, atvinnurekenda og síðast en ekki síst aðildarfélaganna með samstarfi og öflugu fræðslustarfi.

Bandalagið leggur áherslu á að atvinnurekendur geri starfsfólki kleift að nota vistvæna samgöngumáta á leið í og úr vinnu og í vinnutíma, til dæmis með því að bjóða starfsfólki samgöngustyrki og/eða aðgang að vistvænum farartækjum.

BSRB gerir þær kröfur að atvinnurekendur sjái til þess að starfsfólk búi við umhverfisvænar vinnuástæður í starfi sínu.

Velferðarmál

Öflugt velferðarkerfi tryggir samfélag jafnaðar og sanngirni. Eitt af meginhlutverkum hins opinbera er að halda uppi öflugu velferðarkerfi þar sem landsmönnum óháð búsetu er tryggt örugg framfærsla, heilbrigðis- og félagsþjónusta, menntun og réttarvarsla. Velferðarkerfi þar sem öllum er tryggður aðgangur að framúrskarandi þjónustu án tillits til greiðslugetu. Velferðarkerfið á að fjármagna úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.



Lög BSRB

1. kafli

Nafn og hlutverk

1. gr.

Nafn

BSRB er bandalag stéttarféлага starfsmanna í almannajónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði auk annarra aðila sem rétt eiga til aðildar að bandalaginu samkvæmt lögum þessum.

Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk

Hlutverk BSRB er að fara með forystu í hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannajónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og stuðla að bættu velferðarsamfélagi. Bandalagið fer með samningsrétt í sameiginlegum málum félaganna og þeim sem því er falið hverju sinni.

BSRB styður og eflir aðildarfélögin við gerð kjarasamninga og hagsmunagæslu félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að samstöðu meðal aðildarféлага og stuðlar að jafnræði þeirra í framkvæmd þjónustu til félagsmanna. Bandalagið vinnur jafnframt að fræðslu- upplýsinga- og menningarstarfsemi og jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði. Þá vinnur BSRB að aukinni samstöðu, samstarfi og tengslum í stéttarfélagsmálefnum innanlands og erlendis.

II. KAFLI

Aðild að bandalaginu

3. gr.

Aðild

Aðild að BSRB geta átt:

a. Öll sambönd og/eða félög starfsmanna sem rétt hafa eða hafa haft til að gera kjarasamning skv. lögum nr. 94/1986.

b. Sambönd eða félög starfsmanna fyrirtækja eða stofnana sem starfa í almannajónustu.

c. Stéttarfélög sem skipulögð eru í samræmi við lög, reglur og samþykktir BSRB.



4. gr.

Skilyrði aðildar

Félög þau eða sambönd félaga sem óska aðildar að bandalaginu skulu skipulögð á lýðræðisgrundvelli og lög þeirra mega ekki brjóta í bága við lög þessi eða grundvallaratriði í samþykktum bandalagsins. Félög eða sambönd sem óska inntöku á grundvelli 1. tölul. 3. gr. skulu á sannanlegan hátt uppfylla þá tölu um fullgilda félagsmenn sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 94/1986. Jafnframt uppfylla félögin ákveðin skilyrði um þjónustu til félagsmanna samkvæmt reglugerð sem aðalfundur setur. Í reglugerðinni skulu sett viðmið um þjónustu félaga varðandi skrifstofuhald, sjálfstæði þeirra við kjarasamningsgerð og aðra þjónustupætti sem við á.

Umsókn um aðild skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Eintak af lögum félagsins.
- Félagsmannatal þar sem tilgreint er fullt nafn, kennitala, heimilisfang og vinnustaður hvers félagsmanns.
- Nöfn stjórnar- og varastjórnarmanna, svo og þær upplýsingar aðrar sem stjórn BSRB óskar eftir.

Stjórn BSRB tekur ákvörðun um inntöku stéttarfélaga. Leita skal staðfestingar aðalfundar sem skal studd með 2/3 greiddra atkvæða fundarins.

5. gr.

Brottvikning úr BSRB

Þyki sannað að aðildarfélag hafi framið alvarlegt brot á lögum þessum eða vísitandi valdið bandalaginu tjóni á annan hátt getur aðalfundur vikið viðkomandi félagi úr bandalaginu en til þess þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing BSRB til fullnaðarákvörðunar. Til að staðfesta brottvikningu þarf 2/3 greiddra atkvæða.

6. gr.

Úrsögn úr BSRB

Tillaga um úrsögn úr BSRB skal rædd á lögmætum aðalfundi félags eða fulltrúafundi landssambands og hennar getið í fundarboði.

Gera skal stjórn BSRB viðvart um tillöguna með minnst 4 vikna fyrirvara og skal fulltrúi stjórnar BSRB ávallt sitja fundi eða fulltrúafundi aðildarfélaga þegar fjallað er um úrsögn úr bandalaginu.

Úrsagnartillaga skal afgreidd með allsherjaratkvæðagreiðslu, þó ekki fyrr en 4 vikum eftir aðalfund eða fulltrúafund. Samþykki a.m.k. 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi eða fulltrúafundi þarf til þess að tillagan gangi áfram til allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrsögn telst samþykkt ef a.m.k. helmingur félagsmanna er henni fylgjandi eða 2/3 hlutar þeirra sem þátt taka í allsherjaratkvæðagreiðslunni. Félagi telst hafa tekið þátt



í allsherjaratkvæðagreiðslum er hann skilar kjörseðli.

Yfirkjörstjórn BSRB sér um atkvæðagreiðslu um úrsögn, sbr. 33. grein.

Úrsögn tekur gildi frá lokum þess árs er hún hlýtur samþykki og er viðkomandi félag skattskyld fyrir það ár. Félag sem segir sig úr BSRB á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna bandalagsins.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur

7. gr.

Starfsemi aðildarfélaga

Hvert aðildarfélag hefur fullt frelsi um mál sín, þó svo að eigi fari í bága við lög þessi eða samþykktir þings BSRB.

Aðildarfélög BSRB skulu hafa lýðræðislegan grundvöll við ákvörðunartöku og vinna í þágu samstöðu og lýðræðis, fylgja samþykktum BSRB og reglugerð um þjónustu félaga varðandi skrifstofuhald, sjálfstæði þeirra við kjarasamningsgerð og aðra þjónustupætti sem við á. Þá skulu félögin afhenda BSRB þær upplýsingar sem bandalagið þarfnast vegna hlutverks síns. BSRB skal halda skrá yfir félagsmenn aðildarfélaga sinna og stjórnir þeirra í samráði við félögin og með aðstoð þeirra.

8. gr.

Sérdeild lífeyrisþega

Aðildarfélög geta stofnað sérdeildir lífeyrisþega og/eða eftirlifandi maka þeirra.

Heimilt er að stofna félög þeirra lífeyrisþega og/eða eftirlifandi maka sem verið hafa innan BSRB en eru ekki sérdeild aðildarfélags.

Deildir lífeyrisþega samkvæmt 1. mgr. myndi með sér samband lífeyrisþega sem njóti réttinda skv. þessari grein. Formaður Sambands lífeyrisþega eða staðgengill hans sitji í formannaráði BSRB með málfrelsi og tillögurétti.

9. gr.

Trúnaðarstörf fyrir BSRB

Enginn getur átt atkvæðisrétt eða kjörgengi til trúnaðarstarfa samkv. lögum þessum nema í einu aðildarfélagi BSRB.

Starfi maður samkvæmt kjarasamningum fleiri en eins stéttarfélags sem á aðild að BSRB skal hann gagnvart BSRB einungis teljast félagsmaður þess stéttarfélags sem samið hefur um stærstan hluta starfs hans.

Ef mörkin eru óljós eða starfið skiptist að jöfnu milli tveggja kjarasamninga ákveður starfsmaður sjálfur í hvoru stéttarfélaginu hann teljist félagsmaður gagnvart BSRB.



10. gr.

Ágreiningsmál

Ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma í félagi og varða bandalagið, má skjóta til stjórnar þess. Úrskurður hennar skuldbindur aðila en áfrýja má honum til aðalfundar. Sama gildir um ágreiningsmál er rísa kunna milli bandalagsfélaga og þeim tekst ekki að jafna.

11. gr.

Allsherjaratkvæðagreiðsla í aðildarfélögum

Ef stjórn BSRB eða þing telja nauðsyn bera til að leita allsherjaratkvæðagreiðslu í aðildarfélögum, skal hún snúa sér til hlutaðeigandi félagsstjórnar sem þá er skylt að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram.

Kjörskrá við allsherjaratkvæðagreiðslu skal vera skrá BSRB yfir félaga í aðildarfélögum þess.

IV. KAFLI

Þing BSRB

12. gr.

Hlutverk þings

Þing BSRB fer með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Það skal taka til umfjöllunar þýðingarmikil málefni og móta stefnu BSRB.

Þing BSRB er lögmætt ef það er löglega boðað. Þingfundur er lögmætur þegar fullur helmingur þingfulltrúa er á fundi. Stjórn BSRB og starfsmenn bandalagsins eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hafa þeir ekki nema þeir séu kjörnir fulltrúar.

13. gr.

Þinghald

Þing BSRB skal halda þriðja hvert ár og eigi síðar en í októbermánuði.

Stjórn bandalagsins skal kalla saman aukathing þegar henni þykir nauðsyn, eða ef meirihluti aðildarfélaga eða félög sem telja meirihluta félagsmanna í bandalaginu krefjast þess skriflega.

14. gr.

Boðun þings

Þing BSRB skal boða með tveggja mánaða fyrirvara bréflega. Aukathing má boða með styttri fyrirvara þó aldrei skemmri en þrjár vikur.



15. gr.

Afhending gagna fyrir þing

Skýrslu stjórnar BSRB, sjálfstæðar tillögur eða mál, sem formannaráð, stjórn eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing, svo og dagskrá, skal senda félögum eigi síðar en þrem vikum fyrir þing. Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar fram á þinginu og fjalla skal um þær í þeirri þingnefnd sem málið tilheyrir.

16. gr.

Þingfulltrúar

Aðildarfélögin hafa rétt og skyldur til að kjósa fulltrúa úr hópi fullgildra félaga sinna til setu á þingi BSRB eftir þessum reglum.

Á þingi BSRB skal hvert aðildarfélag eiga tvo fulltrúa fyrir félagafjölda upp að 120 og þá einn fulltrúa fyrir hverja 120 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu. Kjósa skal jafnmarga til vara. Tala fulltrúa miðast við félagatölu eins og hún reynist 1. janúar það ár sem halda skal þing BSRB. Heimilt er þó að víkja frá þessari dagsetningu við sérstakar aðstæður. Kjörtímabil fulltrúa er þrjú ár, þ.e. milli aðalþinga nema annað sé ákveðið í lögum viðkomandi aðildarfélags. Aðildarfélög skulu gæta að jöfnu kynjahlutfalli við tilnefningu þingfulltrúa eins og kostur er og skal vera 40% af öðru kyni miðað við þann fjölda sem félagið tilnefnir.

Þrjú fulltrúar frá Sambandi lífeyrisþega ríkis og bæja (SLRB) eiga rétt til setu á þinginu með fullum réttindum.

Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhent í skrifstofu BSRB a.m.k. sex vikum áður en þing á að hefjast.

17. gr.

Kjörbréfanefnd og nefndanefnd

Mánuði fyrir þingbyrjun skal stjórn bandalagsins skipa:

Þrjú menn í kjörbréfanefnd til að rannsaka kjörbréf og skal hún skila álit á fyrsta þingfundi, sjö menn úr hópi kjörinna þingfulltrúa utan stjórnar bandalagsins í nefndanefnd er geri tillögu um fulltrúa í þingnefndir sem verði lagðar fram til afgreiðslu á fyrsta þingfundi.

18. gr.

Dagskrá þings

Dagskrá reglulegs bandalagsþings skal vera:

1. Þingsetning
2. Kjörbréf lögð fram til úrskurðar
3. Kosning starfsmanna þingsins: a) forseta og tveggja varaforseta, b) tveggja þingritara og tveggja til vara, c) kosning þingnefnda skv. 17. gr. b-lið



4. Lögð fram skýrsla stjórnar
5. Lagabreytingar
6. Tillögur, sem borist hafa, teknar til umræðu og vísað til nefnda
7. Umræður og afgreiðsla nefndarálita
8. Önnur mál
9. Kjör formanns BSRB, varaformanna og sex meðstjórnanda sem mynda stjórn BSRB ásamt varamönnum
10. Þingið ákveður dagskrá að öðru leyti

19. gr.

Fundarsköp

Þingfundum skal stjórnað samkvæmt þingsköpum BSRB. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

V. KAFLI

Stjórnsýsla BSRB

20. gr.

Formannaráð BSRB

Formannaráð BSRB er skipað formönnum aðildarfélaga bandalagsins hverju sinni. Formaður BSRB er formaður ráðsins og boðar hann fundi að lágmarki þrisvar sinnum á ári.

Boðað skal til funda með minnst þriggja vikna fyrirvara en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður. Þá skal boðað til fundar ef 1/3 hluta ráðsins óskar þess. Fundur er lögmætur þegar meirihluti formannaráðsins er á fundi.

21. gr.

Hlutverk formannaráðs BSRB

Formannaráð BSRB mótast stefnu og megináherslur BSRB í málum sem kunna koma upp milli þinga ásamt því að vera vettvangur samráðs aðildarfélaga bandalagsins. Það fylgir jafnframt eftir framkvæmd samþykktu þingsins og annarra mála sem vísað er til þess af þingi BSRB. Stjórn BSRB getur lagt ákvörðun um stefnumótun bandalagsins fyrir formannaráð.

22. gr.

Stjórn BSRB

Stjórn BSRB skal skipuð níu einstaklingum, þ.e. formanni, 1. og 2. varaformanni og sex meðstjórnendum ásamt 4. varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Kjósa skal formann, 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig en meðstjórn-



endur sameiginlega á þingi BSRB. Varamenn skulu kosnir í þeirri röð er þeir taka sæti aðalmanns. Við skipun í stjórn skulu ekki vera fleiri en einn frá hverju aðildarfélagi bandalagsins.

Enginn er löglega kosinn nema hann fái helming greiddra atkvæða. Kjörgengir eru allir fullgildir félagar í BSRB.

Ef formaður eða varaformaður lætur af störfum á kjörtímabilinu kýs stjórn 2. varaformann úr sínum hópi.

23. gr.

Hlutverk stjórnar BSRB

Stjórn BSRB stýrir starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir BSRB ásamt stefnumörkun formannaráðs, þings og aðalfundar BSRB. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum BSRB milli þinga og aðalfunda og ber hverju aðildarfélagi að hlíta fyrir-mælum hennar. Hvert félag hefur rétt til að skjóta ágreiningsmálum sínum við stjórn bandalagsins til þings BSRB, sem þá fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að sinna ákveðnum verkefnum.

24. gr.

Formaður BSRB

Formaður BSRB boðar stjórnarfundum eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Stjórnarfundur skal boðaður ef tveir stjórnarmenn óska og skal hann haldinn innan fimm daga frá því að ósk þess efnis er sett fram. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

25. gr.

Hlutverk formanns BSRB

Formaður hefur yfirumsjón með og leiðir starfsemi bandalagsins ásamt formannaráði og stjórn og gegnir öðrum venjulegum formannsstörfum. Formaður stýrir og boðar formannaráðs- og stjórnarfundum og ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana þings, formannaráðs og stjórnar bandalagsins.

Heimilt er formanni með samþykki stjórnar að fela varaformönnum að fara með einhvern hluta af störfum sínum. Fyrsti varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

26. gr.

Framkvæmdastjóri BSRB

Stjórn BSRB ræður framkvæmdastjóra bandalagsins. Hlutverk hans er að hafa á hendi alla daglega stjórnun bandalagsins, ráða starfsfólk skrifstofu BSRB og semja um kjör þeirra.



27. gr.

Aðalfundur BSRB

Aðalfundur BSRB skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Heimilt er að boða til aukafundar ef þörf krefur. Aðalfundur skal boða með þriggja vikna fyrirvara. Aukafundur má boða með skemmri fyrirvara. Sitji formenn hann sem fulltrúar fyrir fyrstu 400 félagsmenn aðildarfélags en félögin kjósi viðbótarfulltrúa fyrir hverja 400 félagsmenn aðildarfélags þar fram yfir eða brot úr þeirri tölu.

Starfsmenn BSRB hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar á aðalfundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar og reikningar BSRB
3. Framkvæmdaáætlun til næsta aðalfundar
4. Aðildarumsóknir
5. Ákvörðun aðildargjalds (félagsgjalds), þ.e. hlutfall heildarlauna og fast gjald fyrir hvern félagsmann sem tekur gildi frá og með næstu áramótum
6. Fjárhagsáætlun lögð fram til staðfestingar
7. Reglugerð um gæðaviðmið skv. 4. gr. laga BSRB
8. Kjör skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

Bera skal einstaka dagskrárliði undir atkvæði fundarmanna til samþykkis eða synjunar.

VI. KAFLI

Fjármál

28. gr.

Fjárhagsáætlun BSRB

Á aðalfundi BSRB sem halda skal fyrir 1. júní ár hvert, leggur stjórn bandalagsins fram fjárhagsáætlun aðalsjóðs fyrir komandi starfsár.

29. gr.

Aðildargjöld til BSRB

Hvert aðildarfélag greiði gjald til bandalagsins ákveðinn hundraðshluta af heildarlaunum félagsmanna sinna og fast gjald fyrir hvern félagsmann sem aðild á að bandalaginu. Aðildargjaldið skal ákveðið á aðalfundi BSRB, sbr. 5. tölul. 3. mgr. 27. laga þessara. Heimilt er bandalagsstjórn í umboði félags að innheimta gjald þetta hjá launagreiðendum.



30. gr.

Innheimta aðildargjalda

Innheimta félagsgjalda fari fram með rafrænum hætti í gegnum bókunar- og innheimtumiðstöð BSRB (BIBS).

31. gr.

Kostnaður vegna fulltrúastarfa fyrir BSRB

Kostnaður við þinghald, aðalfundi, fundi stjórnar og aðra fundi sem boðað er til af stjórn BSRB greiðist af bandalaginu, þar með talinn ferðakostnaður fulltrúa búsettra utan þingstaðar og nágrennis. Stjórn BSRB hefur ákvörðunarvald um hvað telst til kostnaðar.

32. gr.

Endurskoðun ársreikninga

Aðalfundur BSRB kys tvo skoðunarmenn og tvo til vara. Skoðunarmenn hafa eftirlit með fjárreiðum bandalagsins milli aðalfunda og gera þær kannanir á bókhaldi sem þeir telja ástæðu til. Skýrslu um störf sín skulu þeir skila formanni stjórnar. Endurskoðun ársreikninga skal lokið fyrir aðalfund ár hvert. Ef endurskoðun leiðir í ljós að verulegir gallar eru á bókhaldi eða eignavörslu skal tafarlaust gefa bandalagsstjórn skýrslu þar um og ber henni þá þegar að gera viðeigandi ráðstafanir.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði

33. gr.

Yfirkjörstjórn

Þriggja manna yfirkjörstjórn og jafnmargir til vara skal skipuð af stjórn eftir hvert aðalþing. Skal hún hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd atkvæðagreiðslu sem fram fer á vegum bandalagsins og ákveða fyrirkomulag hennar.

Yfirkjörstjórn staðfestir kjörskrá sem gerð er eftir félagatali bandalagsins með breytingum samkvæmt upplýsingum stjórnar bandalagsfélaganna.

Yfirkjörstjórn ákveður hverju sinni meðferð kjörgagna og fyrirkomulag á talningu atkvæða.

34. gr.

Lagabreytingar

Lögum bandalagsins má aðeins breyta á aðalþingi. Skulu hafðar tvær umræður um lagabreytingar og telst breyting ekki samþykkt nema 2/3 atkvæða á þingfundi samþykki hana.



Tillögur til lagabreytinga skal senda félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing, sbr. 15. gr.

35. gr.

Gildistaka og bráðabirgðaákvæði

Þetta eru lög BSRB eftir breytingar á 44. þingi 28. – 30. október 2015. Samþykkt 29. október 2015 og öðlast þegar gildi. Ákvæði varðandi aðildargjald í 29. gr. laga þessara tekur gildi á næsta aðalfundi BSRB sem haldinn verður fyrir 1. júní 2016 og kemur til framkvæmda 1. janúar 2017.

Þeir sem átt hafa einstaklingsaðild að BSRB við gildistöku laga BSRB sem tóku gildi 1. janúar 2013 geta haldið henni kjósi þeir svo, þar til þeir láta af störfum.

Þingsköp BSRB

I. Þingsetning o.fl.

1. gr.

Formaður bandalagsins setur þing og stjórnar fundi þar til kosning þingforseta hefur farið fram.

2. gr.

Þegar að þingsetningu lokinni skilar kjörbréfanefnd (sbr. a lið 17. gr. laga BSRB) álit sínu. Formaður leitar atkvæða um kjörbréf. Þegar að lokinni samþykkt kjörbréfa fer fram kosning þingforseta.

Tekur hann þegar við störfum og lætur fram fara kosningu 1. og 2. varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara. Dagskrárnefnd er skipuð þingforsetum.

II. Verksvið forseta og umræður

3. gr.

Forseti stjórnar fundum. Vilji hann taka þátt í umræðum skal hann láta varaforseta taka við fundarstjórn á meðan. Rísi ágreiningur um þingsköp úrskurðar forseti.

4. gr.

Forseti skal gefa mönnum orðið í sömu röð og þeir hafa kvatt sér hljóðs. Ef fleiri en einn kveðja sér hljóðs samtímis úrskurðar forseti í hvaða röð þeir skulu taka til máls. Ræður skal flytja úr ræðustóli.



5. gr.

Engir aðrir en framsögumenn meiri- og minnihluta mega taka oftari en tvisvar til máls við sömu umræðu. Forseta er leyfilegt að takmarka ræðutíma með samþykki þingfundar.

6. gr.

Forseti gætir góðrar reglu á fundum.

Ef ræðumaður heldur sér ekki við umræðuefnið eða viðhefur ótilhlýðileg orð varðar það áminningu frá forseta sem þá hefur vald til að taka orðið af ræðumanninum.

7. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað né skrifað mál annað en nefndarálit og tillögur.

III. Tillögur og atkvæðagreiðsla

8. gr.

Allar tillögur skal gera skriflega og afhenda forseta. Bera skal þær undir atkvæði í sömu röð og þær hafa verið lagðar fram, sbr. þó 12. gr. Séu fleiri en ein tillaga í sama máli skal þó fyrst bera upp þá tillöguna sem lengst gengur.

9. gr.

Breytingartillögur skal bera upp á undan aðaltillögu. Breytingartillögu sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu má ekki taka til greina.

10. gr.

Breytingartillögur um að fella úr, bæta í eða auka við tillögu skal bera upp þannig að lesa fyrst upp aðaltillögu óbreytta, því næst breytingarnar og loks aðaltillöguna eins og hún yrði með breytingunum.

11. gr.

Forseti hefur heimild til að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa.

12. gr.

Forgangstillögur eru í þessari röð:

1. Tillaga um að ganga til atkvæða
2. Tillaga um að vísa máli frá



3. Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá
4. Tillaga um að fresta máli
5. Tillaga um að vísa máli til annars valds
6. Tillögur undir 1. tölul. má ekki ræða

13. gr.

Tillögu sem hefur verið felld má ekki bera upp aftur á sama þingfundi. Með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða má þó taka málið upp á ný síðar á þinginu.

14. gr.

Heimilt er tillögumanni að taka aftur tillögu á hvaða stigi máls sem er en öðrum fulltrúum er heimilt að taka hana upp á ný.

15. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Skrifleg atkvæðagreiðsla eða nafnakall fer fram ef 1/10 fundarmanna samþykkir það.

IV. Kosningar

16. gr.

Á hverju aðalþingi er skylt að kjósa eftirtaldar nefndir:

1. Starfskjaranefnd.
2. Allsherjarnefnd.
3. Kjörnefnd.
4. Aðrar nefndir samkvæmt ákvörðun þingsins. Stjórn BSRB gerir tillögu að fjölda fulltrúa í nefndum þingsins.

Tillögur nefndanefndar og kjörnefndar svipta ekki einstaka fundarmenn tillögurétti um menn í nefndir eða stjórn.

Kosning nefnda er bundin við tilnefningu og fer fram skriflega nema eigi séu fleiri tilnefndir en kjósa á en þá eru nefndarmenn sjálfkjörnir.

Auk kjörinna nefndarmanna hafa allir þingfulltrúar rétt til að koma á fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétti. Einstakar nefndir geta þó ákveðið lokaða fundi.

17. gr.

Sá sem fær flest atkvæði í nefnd eða er fyrst tilnefndur, ef nefnd er sjálfkjörin, kveður nefndina saman til fyrsta fundar og stjórnar þar kosningu formanns. Síðan fer fram kosning ritara og framsögumanns.



18. gr.

Þegar kosning er bundin má ekki kjósa aðra en þá sem tilnefndir hafa verið.

Ef meirihluta greiddra atkvæða þarf til að ná kosningu og það atkvæðamagn næst ekki í fyrstu umferð skal kosið að nýju um þá sem ekki náðu kosningu. Verði kosningu þá ekki heldur lokið skal kjósa um þá sem flest atkvæði fengu en ekki náðu kosningu í annarri umferð þannig að tveir séu í kjöri um hvert sæti.

Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti úrslitum.

19. gr.

Atkvæðaseðill er ógildur ef á honum eru nöfn manna sem ekki eru í kjöri, eða ef ekki eru greidd atkvæði jafnmörgum mönnum og kjósa á.

Auður seðill telst til greiddra atkvæða.

20. gr.

Kosning formanns, 1. og 2. varaformanns, meðstjórnenda og varamanna fer fram samkv. 22. gr. laga BSRB.

Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosningar í stjórn BSRB.

V. Breyting þingskapa

21. gr.

Þingsköpum þessum má breyta á reglulegu þingi BSRB með 2/3 greiddra atkvæða.

Þannig eftir breytingar á 43. þingi BSRB 28. –30. október 2012. Samþykkt 29. október 2015.

